**birta**

**ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR**

*Fetar nýja braut*

matur tíska tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**KLARA SIGURBJÖRNSDÓTTIR**

*Allt heimatilbúið í Lóuhreiðrinu*

Matur Tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS







Í DAG ER FÖSTUDAGUR!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI VINURINN



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. september 2006 — 260. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Velgengnin heldur áfram



Myndasögur Hugleiks Dagssonar birtast í breska stórblaðinu Guardian.

FÓLK 46

### Aftur á Útvarp Sögu

Sigurður G. Tómasson og Arnþrúður Karlsdóttir hafa grafið stríðsöxina. FÓLK 46



### Vopnaðir kommúnistar

„Hátt í annan tug íslenskra kommúnista hafði hlotið þjálfun í vopnaburði og undirróðri í Lenín-skólanum og öðrum skæruliðabúðum í Rússlandi,“ segir Hannes H. Gissurarson. Í DAG 22

### Vanmetur ekki Nördana



Ólafur Jóhannesson ætlar að undirbúa sína menn í FH vel fyrir leikinn gegn KF Nörd. Hefur hann látið njósna um nördana til að vera betur undirbúinn.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÉTTIR SMÁM SAMAN TIL SYÐRA** Í dag verður yfirleitt norðaustan 5-15 m/s, hvassast við suðausturströndina. Dálítil súld eða rigning en yfirleitt þurrt vestan til. Styttir upp og léttir til sunnan til smám saman. Hiti 6-13 stig, mildast syðra.

## > SIRKUS

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG






**ÓMAR SKOÐAR LANDIÐ MEÐAN ÞAÐ FER UNDIR VATN** Ómar Ragnarsson sigldi báti sínum um Hálslón í gær og myndaði landið meðan það fór undir vatn, eftir að vatnssöfnun hófst í Hálslón. „Hér er ég á örkinni, eins og Nói forðum, og horfi á nýtt landslag verða til um leið og það hverfur,“ sagði Ómar áður en hann steig upp í bát sinn og hóf að sigla um gljúfrin sem eru að fara undir vatn. Á myndinni sést hvar Sauðá rennur í Jöklu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stærsta lón landsins fyllt

**Vatnssöfnun í Hálslón hófst í gær en samkvæmt áætlunum verður lónið tilbúið eftir rúmlega ár, þá 57 ferkílómetrar af stærð. Íslenskir sérfræðingar eru þeir fremstu á heimsvísu, segir verkefnisstjóri Impregilo.**

**KÁRAHNJÚKAR** Vatnssöfnun í Hálslón, uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar, hófst í gærmorgun. Gianni Porta, verkefnisstjóri Impregilo, segir þetta lykilskref við uppbygginguna Kárahnjúkavirkjunar og hrósaði íslenskum sérfræðingum sem að verkinu vinna í hástert.

„Þetta eru tímamót á framkvæmdatímanum. Íslensku sérfræðingarnir sem að þessu verkefni hafa unnið árum saman, hafa sýnt djúpan og fagmannlegan skilning á öllum þeim vandamálum sem upp hafa komið á framkvæmdatímanum til þessa. Ég hef komið að verkefnum víðs vegar um heiminn en aldrei unnið með mönnum með jafn mikla þekkingu á þeim sviðum sem þarf til þess að takast á við svona stórt verkefni.“

> Ég hef komið að verkefnum víðs vegar um heiminn en aldrei unnið með mönnum með jafn mikla þekkingu...
>
> **GIANNI PORTA**
> VERKEFNISSTJÓRI IMPREGILO

Reiknað er með því að Hálslón verði tilbúið að fullu eftir rúmlega ár en það verður um 57 ferkílómetrar að stærð þegar það verður fullt, og þar með þriðja stærsta stöðuvatn landsins, á eftir Þingvallavatni og Þórisvatni, en Hálslón verður stærsta uppistöðulón landsins.

Þó að keyrslu á grjótefni vegna vinnu við undirbúning vatnssöfnunar í Hálslón sé lokið mun starfsmönnum á framkvæmdasvæðinu ekki fækka mikið, en þegar mest var í sumar voru á milli átján og nítján hundruð manns við vinnu á svæðinu.

Að sögn Jóhanns Kröyer, verkefnisstjóra hjá Landsvirkjun, verður unnið af fullum þunga það sem eftir er árs. „Starfsmannafjöldi verður svipaður út þetta ár en minnkar svo hægt og bítandi,“ sagði Jóhann.

Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sagðist þess fullviss að framkvæmdin ætti eftir að renna traustum stoðum undir íslenskt samfélag, um leið og hann fagnaði því að vatnssöfnun í Hálslón væri hafin. „Hugsunin á bak við þessa framkvæmd er sú að efla efnahag og mannlíf á Íslandi, með því að stórauka gjaldeyristekjur. Þessi framkvæmd verður, og hefur verið undanfarin ár, mikil bylting fyrir Austurland í heild sinni.“ - mh /sjá síðu 2

Lögreglan kom upp um ólöglega starfsemi:

## Pólskar vændiskonur stöðvaðar í borginni

**LÖGREGLUMÁL** Tvær pólskar stúlkur, liðlega tvítugar, voru yfirheyrðar hjá lögreglunni í Reykjavík síðastliðinn föstudag, þar sem fyrir lá rökstuddur grunur um að þær hygðust stunda vændi hér á landi. Þeim var gerð grein fyrir að sú starfsemi væri ólögleg hér og ákváðu þær þá að snúa aftur til síns heima.

Stúlkurnar héldu til í íbúð í Reykjavík, þar sem lögreglan náði tali af þeim í síma. Þá kom í ljós að grunur um að þær væru hingað komnar í ofangreindum erindum var á rökum reistur. Þær voru færðar á lögreglustöð til yfirheyrslu, þar sem þær gerðu grein fyrir sér og ferðum sínum. Grunur leikur á að einhver eða einhverjir hér á landi hafi haft milligöngu um komu þeirra hingað til lands og staðið á bak við fyrirhugaða starfsemi þeirra hér. Stúlkurnar vildu ekki upplýsa lögreglu um það, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggja fyrir vísbendingar um það.

Stúlkurnar höfðu dvalið hér í um það bil hálfan mánuð, en ekkert bendir til þess að þær hafi verið fluttar hingað nauðugar eða gabbaðar hingað á fölskum forsendum. Lögreglan bauð þeim alla þá aðstoð sem hægt var að veita þeim. Í gær voru þær komnar með farseðla til síns heima.. - jss

Kona gripin tvisvar:

## Smygltilraun á Litla-Hrauni

**LÖGREGLUMÁL Kona á þrítugsaldri var gripin við að reyna að smygla fíkniefnum inn á Litla-Hraun í gærdag. Leit með fíkniefnahundi kom upp um konuna og við nánari eftirgrennslan fundust um tíu grömm af hassi sem hún hafði falið innanklæða. Innan við klukkustund eftir að henni hafði verið sleppt úr haldi var hún stöðvuð á ný vegna grunsemda um að aka undir áhrifum og fannst þá um eitt gramm af amfetamíni í bifreið hennar. Ástand hennar var síðar staðfest með þvag- og blóðprufu.** - þsj




Veldu **hollustu og dekur** í dagsins önn

meistarinn.is

www.meistarinn.is

## SPURNING DAGSINS



*Er Guðlaugur daufur og hrokafullur leiðindagaur?*

Nei. Ef hann er ekki að semja frábær frumvörp er hann með ryksuguna á lofti.

Capacent mælir um þessar mundir afstöðu fólks til sex þingmanna Sjálfstæðismanna. Þátttakendur eru m.a. spurðir um hvort þingmennirnir séu skemmtilegir eða leiðinlegir, alþýðlegir eða hrokafullir, líflegir eða daufir. Guðlaugur Þór Þórðarson er einn þeirra sem spurt er um. Ágústa Johnson er konan hans.

Árni Johnsen gaf í gær kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi:

# Geng vígreifur til leiks

**STJÓRNMÁL** Árni Johnsen tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðimanna í Suðurkjördæmi og setur stefnuna á forystusæti. Hann segist hafa fengið mikla hvatningu um að snúa aftur og nú síðast undirskriftarlista með á tólfta hundruð undirskriftum víðsvegar að úr kjördæminu.

„Ég tek þessari áskorun og geng vígreifur til leiks. Ég er náttúrulega ekki alveg hefðbundinn stjórnmálamaður í þessum efnum. Ég er frægur kjördæmapotari og þannig vinn ég og þannig vinnur maður oft til árangurs, en tekur þá auðvitað tillit til annarra.“ Árni telur ekki að fortíðin eigi eftir að há honum í prófkjörinu. „Ef maður gerir mistök þá reynir maður að bæta fyrir þau bæði í orði og verki. Að öðru leyti heldur lífið áfram og ég er ekkert út af þessari jörðu ennþá. Ég er nú líklega ekki eini maðurinn í heiminum sem hefur gert mistök.“ Árni segir af mörgu að taka í stjórnmálunum. Meðal annars vill hann flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur í kjölfar brotthvarfs varnarliðsins, stuðla að byggingu álvers í Helguvík og afnema tekjutengingu lífeyris eldri borgara. Árni segist ekki vera að fara gegn neinum í prófkjörinu heldur einungis vera að bjóða sig fram sem valkost. „Nú er ég mættur til leiks á ný og tilbúinn í slaginn ef fólk vill.“ **- þsj**



**KOMINN AFTUR** Árni Johnsen tilkynnti um endurkomu sína í stjórnmálin í Kastljósinu í gær.

Í fyrsta sinn á Íslandi:

## Verk Matisse og Renoir sýnd

**LISTIR** Listasafn Íslands mun sýna liðlega sjötíu málverk franskra expressjónista, þar á meðal verk eftir Henri Matisse og Auguste Renoir, í tengslum við franska menningarhátíð sem haldin verður hér á landi. Þetta er í fyrsta sinn sem verk frönsku expressjónistanna verða sýnd eða kynnt hér á landi.

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, kveðst bjartsýnn á að aðsóknin á sýninguna verði góð. Sýningin verður opnuð 15. desember og mun standa fram í febrúrar.

**- khh /** **sjá síðu 32**

Skýrsla OECD:

## Herða ber reglur um ökunám

**FRAKKLAND Ungt fólk ætti að fá meiri æfingu í akstri áður en það fær ökuskírteini og ríkisstjórnir ættu að herða viðurlög við akstri undir áhrifum áfengis til muna, svo hægt sé að fækka fjölda þess unga fólks sem deyr í bílslysum. Þetta kemur fram í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) og evrópskra samgönguráðherra, sem birt var í gær.**

**Bílslys eru algengasta banamein 15 til 24 ára gamals fólks í iðnvæddum ríkjum og eru ungir karlmenn þrisvar sinnum líklegri til að deyja í bílslysi en ungar konur.** **- smk**

Dómsmálaráðherra:

## Fundað um öryggismál

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, boðaði í gær til þriggja funda í ráðuneyti sínu um stöðu öryggismála þjóðarinnar við brottför varnarliðsins.

Fyrsta fundinn sat ríkislögreglustjóri og samstarfsmenn hans. Á öðrum fundinum voru fulltrúar Landhelgisgæslu Íslands og þriðja fundinn sátu fulltrúar Landssambands lögreglumanna. Á fundunum fór ráðherra yfir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um ný verkefni vegna brottfarar varnarliðsins.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Logandi kamar

Slökkviliðið var kallað á Eiðistorg á Seltjarnarnesi í fyrradag eftir að eldur kom upp í kamri inni í verslunarmiðstöðinni. Lögreglan segir þetta líklega vera íkveikju, logandi ruslafötu hafi verið komið fyrir í innkaupakerru sem síðan var ýtt inn í kamarinn. Mikinn og illaþefjandi reyk lagði um allt.

# Forsendur fyrir lífeyrissjóðunum brostnar

**Víxlverkun milli lífeyrissjóða og almannatryggingakerfisins festir fólk í fátækragildrum, að mati framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins. Hún segir engar forsendur fyrir skyldulífeyrissjóðum ef þeir standi ekki við skyldur sínar.**

**RÉTTINDAMÁL** Forsendur fyrir því að skylda fólk til þess að borga í lífeyrissjóði eru brostnar ef þeir geta ekki staðið við skyldur sínar um að koma til móts við fólk sem verður fyrir tekjuskerðingu vegna slysa eða sjúkdóma. Þetta segir Hafdís Gísladóttir, framkvæmdarstjóri Öryrkjabandalagsins.

Öryrkjabandalagið hefur sent fjármálaráðherra stjórnsýslukæru fyrir hönd tíu félagsmanna sinna vegna lækkunar greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Tildrög málsins eru þau að í júlí fengu 2.300 örorkulífeyrisþegar send bréf frá Greiðslustofu lífeyrissjóða um að heildarathugun á tekjum hafi leitt í ljós að sumir hafi fengið greitt umfram viðmiðunarmörk lífeyrissjóða. Ákveðið hafi verið að leiðrétta þetta með því skerða eða fella niður greiðslur.

Örorkubandalagið segir lífeyrissjóðina hafa fundið út viðmiðunartöluna með því að kanna laun einstaklinga síðustu þrjú árin áður en örorkumat fór fram. Þá aðferð segir hún fráleita því yfirleitt taki þrjú ár að fá úrskurð um örorku. Því sé athugun á tekjum þessi ár mjög ósanngjörn þar sem fólk hafi þá þegar orðið fyrir skertri starfsgetu með tilheyrandi launaskerðingu. „Lífeyrissjóðirnir rugla saman hugtökunum orkutapi og örorkumati. Orkutap felur í sér að maður hefur skerta starfsgetu en þýðir ekki að örorkumat hafi farið fram. Það kemur yfirleitt alltaf þremur árum eftir að fólk er veikist. Viðmiðunartala stenst því engan veginn.“



**HAFDÍS GÍSLADÓTTIR**



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Öryrkjabandalagið hefur setn Árna M. Mathiesen stjórnsýslukæru fyrir hönd tíu félagsmanna sinna.

Í kærunum segir meðal annars að það sé óumdeilt að réttur til lífeyris njóti verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Einnig er bent á að enga heimild sé að finna um að lækka megi örorkulífeyri vegna greiðslna úr almannatryggingum eins og gert hafi verið. Þó að heimild um aðgerðir lífeyrissjóðanna væri að finna í lögum hefði framkvæmd ákvörðunar þeirra verið með það miklum hnökrum að ekki hefði átt að taka hana gilda.

Hafdís segir að með aðgerðunum sé smá saman verið að færa réttindi örorkulífeyrisþega frá lífeyrissjóðum yfir í almannatryggingakerfið. Það þýði mikla kjaraskerðingu því í hvert sinn sem stjórnvöld ákveði að bæta hag lífeyrisþega lækki lífeyrissjóðirnir greiðslurnar á móti. Víxlverkunin festi fólk í fátækragildrum.

**karen@frettabladid.is**



**VIÐHAFNARÚTFÖR** Dagmar Danaprinsessa var í gær jarðsett við hlið eiginmanns síns, Alexanders III Rússakeisara.

Dagmar Danaprinsessa:

## Grafin á ný

**RÚSSLAND, AP Dagmar Danaprinsessa, betur þekkt sem rússneska keisaraynjan Maria Feodorovna, var í gær borin til grafar á ný, 78 árum eftir andlát hennar. Nú hvílir hún við hlið eiginmanns síns, Alexanders III Rússakeisara, í Pétursborg, að eigin ósk.**

**Dagmar var móðir síðasta keisara Rússlands, Nikulásar II, sem bolsévíkar tóku af lífi árið 1918, ári áður en Dagmar flúði til fæðingarlands síns þar sem hún lést níu árum síðar.**

**Fjölmargir mættu í jarðarför keisaraynjunnar, þar með talið kóngafólk alls staðar að úr Evrópu.** **- smk**

ABN Amro greinir Actavis:

## Segir félagið í góðri stöðu

**VIÐSKIPTI** Nýtt verðmat alþjóðlega bankans ABN AMRO á Actavis er sjö prósentum yfir markaðsgengi félagsins, eða 72 krónur á hlut.

Í úttekt á samheitalyfjamarkaði sem bankinn sendi frá sér í gær er Actavis sagt verðskulda góða einkunn vegna verulegra vaxtarmöguleika og skynsamlegrar viðskiptaáætlunar.

„Ánægjulegt er að sjá að bankinn telur að Actavis sé eitt áhugaverðasta félagið í okkar iðnaði,“ segir Halldór Kristmannson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta hjá Actavis. **- óká**


## Fáðu FÍB dælulykil

**-2 kr**

*Með **FÍB-dælulykli** færð þú 2 krónur í afslátt af hverjum bensín- og dísillítra. Félagar í FÍB fá að auki margvíslegan ávinning eins og **FÍB aðstoð** (ókeypis start, hjálp við sprungið dekk og dráttarbíl), 1.080 kr. afslátt af bifreiðaskoðun og lægri tryggingaiðgjöld.*

*Hringdu núna eða sæktu um lykil á **www.fib.is**.*
***FÍB dælulyklar** gilda á bensínstöðvum **Atlantsolíu**.*

***Show your Card!** afslættur og sérkjör um víða veröld.*

***FÍB blaðið** - fróðleikur og skemmtiefni.*



**FÍB / Sími 414 99 99**
**www.fib.is**

**Afsláttur • Sparnaður • Ávinningur • Sértilboð**


Ómar Ragnarsson hyggst sigla báti sínum á Hálslóni á nýjum slóðum:

# Siglir örk sinni á Hálslóni

**KÁRAHNJÚKAR** „Ég verð hérna á hverjum degi og hverri nóttu, og nota örkina til þess að flýja undan lóninu um leið og það myndast,“ sagði Ómar Ragnarsson þar sem hann var við bát sinn á bökkum Jöklu, rétt innan við Sauðá. „Ég hef borið þessa hugmynd með mér lengi, í næstum þrjú ár, vegna þess að ég trúi því að þetta ferli allt saman eigi að vera gegnsætt á 21. öldinni en ekki eins og það var þegar Blöndulón myndaðist en þá fór ég eina ferð að lóninu þegar það var orðið hálffullt, svo ekki söguna meir. Fólk gerði sér ekki grein fyrir því hvað var að gerast. Núna ætla ég mér að fylgjast með nýju landslagi verða til, og hverfa síðan endanlega, á sama tíma. Þetta hefur ekki verið gert, svo ég viti til, síðan Nói sigldi á örkinni sinni forðum.“

Ómar hafði með sér kassa og safnaði plöntum og sandi af væntanlegum botni Hálslóns. „Þetta er minnisvarði um land, sem í eðli sínu er ómetanlegt, og verður senn drekkt vegna skammsýni stjórnmálamanna.“ **– mh**



**ÓMAR Í ÖRKINNI** Ómar er týndi gróðursýni sem hann er með í kassa um borð í bátnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LÁTTU EKKI VÍSA ÞÉR ÚR SÆTI

## FRJÁLST SÆTAVAL MEÐ MASTERCARD FERÐAÁVÍSUN




Ólíkt öðrum ferðafríðindakerfum setur ferðaávísun MasterCard þér engin takmörk um flugferðir eða sætaframboð. Hún gildir sem greiðsla upp í ferðir til útlanda og innanlands þannig að þú ræður þínum ferðaáætlunum sjálfur. Fljúgðu hvert sem þú kýst með MasterCard.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 7259

## GENGIÐ 28.09.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,81 | 70,15 |
| Sterlingspund | 131,22 | 131,86 |
| Evra | 88,75 | 89,25 |
| Dönsk króna | 11,895 | 11,965 |
| Norsk króna | 10,787 | 10,851 |
| Sænsk króna | 9,577 | 9,633 |
| Japanskt jen | 0,5931 | 0,5965 |
| SDR | 103,23 | 103,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,6182

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um tug tæknimanna hjá Ratsjárstofnun Íslands verður sagt upp störfum:

# Um tug tæknimanna sagt upp

**ATVINNUMÁL** Hátt í tíu tæknimönnum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og á Stokksnesi verður sagt upp störfum. Uppsagnirnar eru hluti af hagræðingaraðgerðum sem Bandaríkjaher lagði fyrir Ratsjárstofnun á síðasta ári, þar sem þeir vildu reka þessar stöðvar með fjareftirliti og -stýringu frá Miðnesheiði.

Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri stofnunarinnar, segir að einhver hluti þeirra sem sagt verði upp fái væntanlega vinnu hjá ratsjárstöðinni þar.

„Það lá alveg ljóst fyrir að til seinni lotunnar vegna þessara aðgerða myndi koma og var reiknað með því að hún yrði á haustmánuðum 2007. Við erum núna að segja okkar starfsfólki að til þessarar lotu komi fyrr en við ætluðum.“

Ólafi þótti mjög miður að geta ekki tilkynnt um uppsagnirnar í eigin persónu þar sem veður hamlaði því að hann næði á allar stöðvarnar. „Starfsfólk á ekki að frétta svona lagað í fjölmiðlum.“

Að því er Ólafur segir eru ekki uppi áform um frekari uppsagnir í þessari hagræðingarlotu en hann geti ekki sagt fyrir um framtíðina frekar en aðrir.

„Bandaríkjamenn hafa sagt að þeir ætli að reka þetta til 15. ágúst og þá tekur eitthvað annað við. Ég þekki ekki framtíðina frekar en aðrir.“ **- þsj**



**RATSJÁRSTÖÐIN Á STOKKNESI** Á meðal þeirra sem fengu uppsagnarbréf eru tæknimenn á Stokksnesi.

Hellisheiðarvirkjun:

# Tonn af saltpéturssýru lak

**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Um eitt tonn af baneitraðri saltpéturssýru lak úr lögn í stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar í fyrrinótt. Slökkvilið var kallað út um klukkan þrjú og var að störfum við hreinsun þar til um miðjan dag í gær. Tveir vaktmenn við virkjunina kölluðu út slökkvilið. Eiturefnakafarar dældu inn kalki til að gera saltpéturssýruna óvirka. Forráðamenn Orkuveitunnar funduðu með tæknimönnum um Mitsubishi sem framleiðir vélar virkjunarinnar. Talsmenn Orkuveitunnar segja ekkert af efninu hafa komist út í náttúruna og tjónið óverulegt. **-kdk**



**MOMCILIO KRAJISNIK** Hlýddi á dómsuppkvaðningu á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrum leiðtogi Bosníu-Serba:

# Dæmdur fyrir stríðsglæpi

**STRÍÐSGLÆPIR Momcilio Krajisnik, fyrrverandi þingforseti Bosníu-Serba, hlaut á miðvikudag 27 ára fangelsisdóm fyrir stríðsglæpi, þar á meðal morð, útrýmingarherferð og ofsóknir á hendur Bosníu-múslimum og Króötum í Bosníustríðinu, sem geisaði á árunum 1992 til 1995.**

**Krajisnik var þó sýknaður af alvarlegasta ákæruliðnum, sem varðaði þjóðarmorð. Dóminn kvaddi upp Alphons Orie, dómari við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag.** **- gb**

## SÁDI-ARABÍA

### Öryggismúrar rísa

Yfirvöld í Sádi-Arabíu stefna á að reisa níu hundruð kílómetra langan vegg við landamæri Íraks, til að hindra að ófriðurinn þar breiðist yfir landamærin.

## SAMBÍA

### Kosningar

Sambíumenn gengu til forseta- og þingkosninga í gær. Kosningabaráttan hefur verið afar hörð, því ekki eru allir á einu máli um tilraunir Levy Mwanawasa forseta til að auka erlend umsvif Sambíu og draga úr glæpum. Sambíumenn eru 11,5 milljónir talsins.



**ÞRÍR FORSETAR** Bush heilsaði þeim báðum með virktum, en stirt var á milli Musharrafs og Karzais. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hitti Karzai og Musharraf

**Forsetar Afganistans og Pakistans hittust yfir kvöldverði í Washington á miðvikudaginn þar sem Bush Bandaríkjaforseti reyndi að fá þá til að láta af gagnkvæmri tortryggni. Musharraf hitti Tony Blair í gær.**

**WASHINGTON, AP** Stirt er á milli þeirra Hamids Karzai, forseta Afganistans, og Pervez Musharraf, forseta Pakistans, en þeir snæddu kvöldverð í Hvíta húsinu á fimmtudaginn með George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem segist vera náinn vinur þeirra beggja.

„Þessir tveir menn eru persónulegir vinir mínir,“ sagði Bush. „Þeir eru sterkir leiðtogar sem hafa skilning á þeim heimi sem við lifum í. Þeir gera sér grein fyrir því að öfl hófsemdar eiga í vök að verjast vegna öfgamanna og ótæklinga.“

Bæði Karzai og Musharraf hafa staðið þétt að baki Bush í baráttu gegn hryðjuverkamönnum í löndunum tveimur, en hins vegar hafa þeir á síðustu mánuðum sakað hvor annan harkalega um linkind í þeirri sömu baráttu, ekki síst hvað varðar leitina að Osama bin Laden, sem báðir segja að sé í felum í landi hins.

> Það var ákveðið að við þyrftum að hafa sameiginlega stefnu. Við verðum að berjast gegn hryðjuverkum.
>
> **PERVEZ MUSHARRAF**
> FORSETI PAKISTANS

Bush hefur greinilega þótt tími kominn til að hreinsa andrúmsloftið á milli þeirra. Að loknum kvöldverðinum, sem þau Dick Cheney varaforseti og Condoleezza Rice utanríkisráðherra sátu einnig, virtust þeir Karzai og Musharraf fremur vandræðalegir og tókust ekki í hendur, þótt þeir hafi báðir tekið vinsamlega í höndina á Bush.

Í sjónvarpsviðtali, sem sýnt var í Pakistan, sagði Musharraf að andrúmsloftið á fundi þeirra hafi verið gott: „Það var ákveðið að við þyrftum að hafa sameiginlega stefnu. Við verðum að berjast gegn hryðjuverkum. Við verðum að sigrast á þeim í sameiningu.“

Musharraf hefur komið víða við á ferð sinni um Bandaríkin á síðustu dögum. Meðal annars kom hann fram í sjónvarpsþætti þar sem hann kynnti minningabók sína, sem kom út núna í vikunni. Þar tók hann óspart undir grín sem þáttastjórnandinn gerði að Bush forseta.

Í gær hélt Musharraf síðan til Bretlands þar sem hann átti fund með Tony Blair forsætisráðherra.

Þar í landi vakti þó mesta athygli leki úr skýrslu frá breska hernum þar sem segir að réttast væri að leggja leyniþjónustuna í Pakistan niður, þar sem hún hafi veitt bæði talibönum og al Kaída óbeinan stuðning.

Musharraf tók illa í þær tillögur, sagðist vera „tvö hundruð prósent“ á móti þeim.

**gudsteinn@frettabladid.is**


## BÍLL DAGSINS
## SUBARU LEGACY WAGON LUXURY

Nýskr. 05.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 3 þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÉTTIR TIL SYÐRA**

Í dag léttir smám saman til á landinu sunnanverðu og verður þokkalega bjart um helgina. Norðanlands verður þungbúnara en þar fer að rofa til eftir helgina. Sunnudagurinn er áberandi svalastur sé tekið mið af spám næstu daga en eftir helgina hlýnar allnokkuð þegar hann snýr sér í suðlægar áttir.

Það lægir víðast hvar um helgina.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s. Skýjað og úrkomulítið. Léttir heldur til síðdegis. Hiti 8-12 stig í dag.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »






Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C heiðskírt | London | 21°C skýjað | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 13°C skúrir | París | 23°C skúrir | Mallorca | 25°C hálfskýjað |
| Osló | 17°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C alskýjað | Algarve | 24°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C léttskýjað | Friedrichshafen | 19°C skýjað | Krít | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 16°C léttskýjað | Berlín | 24°C skýjað | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



**Ragnar Ómarsson**
Yfirmatreiðslumeistari á Salt, Radisson 1919
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

# KJÚKLINGABRINGUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA
## með fetaosts- og ólífufyllingu

4 stk. kjúklingabringur
1 dl fetaostur
1 dl grænar ólífur
1/3 búnt steinselja
Salt og pipar
tannstönglar

Saxið ólífur og steinselju. Myljið fetaost og blandið þessu þrennu saman. Ristið í hliðina á kjúklingabringunum með hníf þannig að vasi myndist, setjið fyllinguna inn í og lokið fyrir með tannstönglum. Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið á heitri pönnu, á báðum hliðum. Setjið síðan inn í 180°C heitan ofn í 6 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður.




**30% afsláttur við kassa**

Ferskar **kjúklingabringur**
**TILBOÐ 1.873 kr/kg**
Merkt verð 2.675,-




**40% afsláttur við kassa**

Jóa Fel kryddlegið **svínafille**
**TILBOÐ 1.319 kr/kg**
Merkt verð 2.198,-




**Lambafille m/fitu** úr kjötborði
**TILBOÐ 2.798 kr/kg**
Verð áður 3.398,-

ÍTALÍA
*ferskt pasta*
*beint frá Ítalíu*






**Cocoa Puffs**
- þetta gamla góða komið í allar hillur

HIMNESK HOLLUSTA

**20% afsláttur við kassa**



**Ferskt salat**
- frá Himneskri Hollustu

**10% afsláttur við kassa**




**Skyr.is drykkir**
- hollir og góðir

Gildir til 1. október eða á meðan birgðir endast.


**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Ertu sátt/sáttur við nýja varnarsamninginn?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,8% |
| Nei | 64,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er haustið uppáhalds árstíðin þín?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Forseti litháíska þingsins sem er í opinberri heimsókn á Íslandi segist þakklátur:

# Íslendingar hugrakkir að styðja sjálfstæði

**LITHÁEN** „Stundum er erfitt að skilja hvernig lítil þjóð eins og þið gat verið jafn ákveðin og hugrökk að taka þetta skref og styðja sjálfstæði Litháens þegar önnur ríki þorðu ekki að gera það,“ segir Viktoras Muntianas, forseti litháíska þingsins.

Hann er í opinberri heimsókn hér á landi í boði Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis, og vildi nota tækifærið til þess að þakka íslensku þjóðinni fyrir „að gera okkur kleift að verða fullgildir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu“.

Litháar hafa greinilega ekki gleymt því að Alþingi Íslendinga samþykkti einróma stuðning við sjálfstæðisbaráttu Litháens snemma árs 1990, og síðan samþykkti þingið aftur ári síðar að viðurkenna sjálfstæði Litháens með formlegum hætti. Muntianas segir að sú viðurkenning hafi skipt sköpum.

Við litla athöfn í Alþingishúsinu í gær afhenti Sólveg Pétursdóttir honum afrit af þessum tveimur sögulegu ályktunum Alþingis, undirritaðar og innrammaðar, og sagðist vonast til þess að Muntianas gæti fundið þeim viðeigandi stað í þinghúsi Litháens.

Með Muntianas í för hér á landi eru þingmennirnir Justinas Karosas, formaður utanríkismálanefndar og Marija Ausrine Pavilioniene, varaformaður Evrópunefndar. **- gb**



**ÞINGFORSETAR SKIPTAST Á GJÖFUM** Sólveig Pétursdóttir afhendir Viktoras Muntianas tvær sögulegar þingsályktanir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


PERLAN

Eitt magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



Starfsfólk óskast!

Framreiðslufólk, hjálp í sal,
ræstingar, uppvask & kaffiteríu.

Umsóknir sendist á tölvupósti til perlan@perlan.is.

PERLAN

Sími: 562 0200 · perlan@perlan.is




**NÚ VERÐA SAGÐAR FRÉTTIR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Páll Magnússon útvarpsstjóri fluttu fréttir af nýjum samningi um hlutverk og skyldur RÚV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Íslenskt sjónvarpsefni aukið á RÚV

**Sjónvarpinu er gert að stórauka kaup á innlendu efni á næstu árum. Textað efni verður tvöfaldað. Frumvarp um breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag verður lagt fram í næstu viku. Afnotagjöld verða aflögð en skattur lagður á í staðinn.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Hlutfall innlends dagskrárefnis á kjörtíma (19.00-23.00) Sjónvarpsins eykst úr 44 prósentum nú í 65 prósent á næstu fimm árum. Á sama tíma skal Sjónvarpið kaupa innlent dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum fyrir meira en tvöfalda þá upphæð sem nú er keypt fyrir.

Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í nýjum samningi menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins um þjónustu RÚV.

Samningurinn, sem nær til ársins 2011, hefur ekki verið undarritaður og öðlast ekki gildi fyrr en Ríkisútvarpið er orðið að hlutafélagi í eigu ríksins. Frumvarp þar að lútandi verður lagt fram í næstu viku.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir samninginn ekki nauðsynlegan fylgifisk nýrra laga um RÚV en telur efni hans skerpa hlutverk þess. „Þarna kemur fram til hvers við ætlumst af RÚV og að forgangsraðað verði í þágu innlendrar dagskrárgerðar, textunar, barnaefnis og svo framvegis.“

Ríkisútvapið kaupir í dag innlent sjónvarpsefni af sjálfstæðum framleiðendum fyrir um 100 milljónir á ári. Við lok samningstímans 2011 skal RÚV kaupa slíkt efni fyrir 250 milljónir. Um leið er rágðert að RÚV auki eigin framleiðslu.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir miklar kröfur gerðar til Ríkisútvarpsins í samningnum og hann virki hvetjandi á starfsfólk. „Ég lít á samninginn sem svipu á okkur til að fara markvisst og hraðar í þá átt, sem við öll viljum fara í, að auka innlent efni í dagskránni.“ Mælikvarðar verði á dagskránni og vel fylgst með hvort kröfurnar séu uppfylltar. „Það verður erfitt að uppfylla þetta enda meira en að segja það að auka hlutdeild innlends efnis á kjörtíma í sjónvarpi um 50 prósent. En við gerum það samt,“ segir Páll.

Auk almennra ákvæða sem snúa að þjónustu Ríkisútvarpsins í almannaþágu eru einstök atriði í samningnum sem kveða á um breytingar. Fjöldi textaðra klukkustunda skal aukast að lágmarki um 100 prósent frá upphafi samningstímans til loka hans, leitast skal við að miðla fréttum og upplýsingum á erlendu tungumáli og sjónvarpsefni á Norðurlandamálum skal að jafnaði vera að lágmarki fimm prósent af útsendu efni. **bjorn@frettabladid.is**






Prescott boðar starfslok sín á lokadegi flokksþings breska Verkamannaflokksins:

# Biður félaga sína fyrirgefningar

**BRETLAND, AP** John Prescott, aðstoðarforsætisráðherra Bretlands og varaformaður breska Verkamannaflokksins, ætlar að hætta um leið og Tony Blair forsætisráðherra lætur af embætti, sem verður í síðasta lagi næsta haust.

Prescott skýrði frá þessu í ræðu sinni á síðasta degi flokksþings Verkamannaflokksins í gær.

Jafnframt bað hann flokksmenn sína fyrirgefningar á vandræðamálum sem hafa tengst honum undanfarið, meðal annars framhjáhaldi sem hann hefur viðurkennt að hefði átt sér stað.



**JOHN PRESCOTT**

„Ég veit að ég brást sjálfum mér á síðasta ári, ég brást ykkur,“ sagði hann og bætti við: „Mig langar bara til að segja að mér þyki það leitt.“

Flokksþingi Verkamannaflokksins lauk í gær, en þetta var það síðasta þingið sem þeir Blair og Prescott sitja.

Á þinginu gerði Gordon Brown fjármálaráðherra lýðum ljóst að hann muni sækjast eftir því að verða eftirmaður Blairs.

Mestu athyglina á þinginu vöktu þó ummæli Cherie Blair, eiginkonu forsætisráðherrans, sem einhverjum heyrðist segja: „Það er lygi“, þegar Brown talaði um það í ræðu sinni á þinginu hve samvinna þeirra Blairs hefði verið góð. **- gb**


550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Toyota og Síminn kynna:
Fáðu þér hringitón með Magna eða Dilönu á Dælunni á siminn.is
Á MÓTI SÓL
& DILANA
á Broadway
Föstudagur, 29. september
Tónleikar kl. 20.00 >> UPPSELT!
Laugardagur, 30. september
Fjölskyldutónleikar kl. 15.00. Miðaverð 1.500 kr. >> Örfáir miðar eftir
Tónleikar kl. 19.00. Miðaverð 2.500 kr. >> Örfáir miðar eftir
Stórdansleikur. Húsið opnar kl. 23.00 >> UPPSELT!
Miðasala á Broadway
í síma 533 1100
TOYOTA
Síminn




Réðist inn í skóla í Kólóradó-fylki í Bandaríkjunum og tók sex stúlkur í gíslingu:

# Byssumaður myrti skólastúlku

**BANDARÍKIN, AP** Byssumaður réðist inn í gagnfræðaskóla í bænum Bailey í Kólóradó-fylki í Bandaríkjunum á miðvikudag með þeim afleiðingum að sextán ára stúlka fórst.

Maðurinn, sem sagður er hafa verið á milli þrítugs og fimmtugs, tók sex stúlkur í gíslingu en sleppti síðan fjórum þeirra einni á fætur annarri.

Eftir að samningaviðræður við manninn fóru út um þúfur ákváðu lögreglumenn að gera innrás í skólann. Maðurinn skaut þá fyrst á lögregluþjónana, sleppti annarri stúlkunni en skaut hina og sneri síðan hlaupinu að sjálfum sér og framdi sjálfsmorð áður en lögreglunni tókst að komast að honum.

Stúlkan var færð á sjúkrahús, þar sem hún lést af sárum sínum.

Óvíst er um tildrög atviksins eða fyrirætlanir mannsins, að sögn Fred Wegener lögreglustjóra.

Bailey er nærri Columbine, þar sem ein best þekkta skotárás í gagnfræðaskóla varð árið 1999, þegar tveir piltar bönuðu þrettán samnemendum sínum og frömdu síðan sjálfsmorð. **- smk**


**SORG** Bandaríkjamenn voru í gífurlegu uppnámi eftir skotárás í bandarískum gagnfræðaskóla á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gamli ruslahaugurinn verður byrgður

**Bandaríkjamenn ætluðu að láta gera ítarlega rannsókn á gamla ruslahaugnum en hættu við þar sem fylgjast þarf með svæðinu í 40 ár. Íslendingar láta því rannsaka hann. Gamli ruslahaugurinn verður byrgður með vatnsheldum dúk.**

**UMHVERFISMÁL** Íslensk stjórnvöld ætla að láta fara fram rannsókn á mengun í gamla ruslahaugnum við Hafnaveg. Ruslahaugurinn, sem nær yfir nokkra hektara lands og er allt að sex metrar á dýpt, verður svo byrgður með dýrum, vatnsheldum dúk þannig að regnvatn beri ekki mengunina ofan í jarðveginn. Stefnt er að því að gera þetta innan fjögurra ára.

Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, segir að ekki bráðliggi á því að byrgja hauginn en hann verði rannsakaður og býst hann við að hann verði byrgður óhreyfður innan fjögurra ára. Þar með verði girt fyrir að lekið geti yfir á friðað fuglasvæði við Ósabotna í Höfnum. Sama verði gert með ruslahauginn á Stokksnesi við Höfn í Hornafirði. Þar sem vitað sé um PCB-mengun verði flett ofan af jarðveginum og sent í förgun.

Varnarliðið lét vinna ítarlega skýrslu upp á hátt í tvö hundruð blaðsíður sem lögð var fram í samningaviðræðunum um brottför varnarliðsins í sumar. Í skýrslunni kemur fram að bandaríkjastjórn hafi ætlað að láta fara fram rannsókn á mengun í gamla ruslahaugnum, þar sem óttast er að alls kyns eiturefnum hafi hugsanlega verið hent, og kanna mengun í grunnvatni á átta stöðum á Suðurnesjum. Bandaríkjamenn hættu við þegar íslensk stjórnvöld bentu þeim á að fylgjast þyrfti með svæðinu í allt að fjörutíu ár, samkvæmt lögum.

Í skýrslunni kemur fram að mengun sé hugsanlega á sextíu stöðum á varnarsvæðinu en líklegust sé hún á fjórtán stöðum. Ekki liggi þó fyrir nein fullnægjandi gögn um það. Mengun sé líklegust í gamla ruslahaugnum og á henni beri bandarísk stjórnvöld hugsanlega ábyrgð. Þá sé hugsanlega nítratmengun í grunnvatni vegna efna sem hafi verið notuð á flugvellinum á árunum 1960-1993. Til viðbótar eru nefnd sex svæði þar sem ekki hafa verið færðar sönnur á mengun í grunnvatni en hún sé hugsanlega fyrir hendi.

Mengun er talin hugsanleg á sex svæðum sem ekki hafi verið undir stjórn Bandaríkjamanna og teljist því ekki á þeirra ábyrgð. Bandaríkjamenn benda á að umgengni um varnarsvæðið hafi yfirleitt verið í samræmi við kröfur á hverjum tíma og að þeir hafi uppfyllt skyldur sínar á svæðinu. **ghs@frettabladid.is**


**FLUGHERINN** Töluvert af olíu og flugvélaeldsneyti er í jörðu á varnarsvæðinu enda tíðkaðist að hella slíku niður á árum áður á varnarsvæðinu eins og víðast hvar um landið.




**GÖMLU RUSLAHAUGARNIR** Óttast er að mengunin sé mest á gömlu ruslahaugunum við Hafnaveg en þar kann alls kyns eiturefnum að hafa verið hent auk olíu. Bandarísk stjórnvöld ætluðu að láta rannsaka hauginn en snarhætta við þegar íslensk stjórnvöld bentu þeim á að samkvæmt lögum þurfi að fylgjast með haugnum í 30-40 ár.

Karlmaður dæmdur í þriggja mánaða fangelsi:

# Sendi konu líflátshótanir

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir líflátshótanir í garð fyrrverandi sambýliskonu sinnar. Það var Héraðsdómur Reykjavíkur sem kvað upp dóminn.

Maðurinn hótaði konunni í mars með því að tala inn á talhólf farsíma hennar. Hann hótaði henni lífláti og limlestingum í tvennum skilaboðum. Konan kærði athæfið til lögreglu, sem afritaði skilaboð mannsins af talhólfi síma hennar. Hún kvaðst einnig óttast um son sinn, en maðurinn er faðir hans. Konan sagði manninn vera í mikilli vímuefnaneyslu og til alls líklegan.

Maðurinn á að baki sakaferil. Hann hefur hlotið dóma fyrir meiri og minni háttar líkamsárásir, svo og húsbrot og eignarspjöll. Þau brot beindust öll með einum eða öðrum hætti að annarri konu sem hann hafði búið með. Í ljósi alvarleika málsins, aldurs mannsins, sakaferils hans og forsögu um gróft ofbeldi, þótti dómnum ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans **-jss**


**TALHÓLF** Maðurinn las hótanir sínar inn á talhólf farsíma konunnar.

Síminn

# Við erum 100 ára í dag og ákváðum að taka okkur frí!

## Takk fyrir skilninginn.

Í tilefni af afmælinu loka verslanir okkar fyrr í dag. Fyrirtækjaráðgjöfin og verslanir Símans á höfuðborgarsvæðinu, í Smáralind, Kringlunni og Ármúla 27, loka kl.15.00.

Verslanir okkar á Egilsstöðum og Akureyri loka kl. 12.00 og á Ísafirði er lokað allan daginn. Þjónustuverið verður lokað frá kl. 15.00 en neyðarvakt er opin.



ENNEMM / SIA / NM













Kona og tveir menn fengu skilorðsbundinn dóm:

# Réðust inn á heimili og beinbrutu mann

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítug kona hefur verið dæmd í 30 daga fangelsi vegna líkamsárásar. Héraðsdómur Austurlands kvað dóminn upp, en fullnustu refsingar er frestað, svo fremi sem konan heldur almennt skilorð í tvö ár.

Það var aðfaranótt 8. janúar sem konan og tveir menn réðust á þann þriðja, sem er til heimilis í Reykjavík, við fjölbýlishús á Höfn í Hornafirði. Konan barði hann nokkur hnefahögg í andlitið svo hann bólgnaði á vinstri augabrún og vinstra kinnbeini. Annar félaga hennar skellti síðan hurð fjölbýlishússins á framhandlegg fórnarlambsins, þannig að ölnin brotnaði. Þriðji árásarmaðurinn sparkaði loks í manninn þannig að eitt rif brotnaði.

Dómurinn ákvað að aðskilja mál árásarfólksins. Konan játaði greiðlega brot sitt, en hún er ung að árum og hafði ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Dómurinn leit til þessara þátta við ákvörðun refsingar. Konunni var gert að greiða sakarkostnað sem hlaust af málinu. **- jss**




**VERSLUN SÍMANS Í KRINGLUNNI** Í skýrslu um verðþróun símafyrirtækja kemur fram að íslenski fjarskiptamarkaðurinn einkennist af fákeppni.

# Segja skýrslu ekki rétta

**Fjarskiptafyrirtækin stóru eru sammála um að norræn skýrsla um verðþróun og samanburð á farsímamarkaði á Norðurlöndum sé á misskilningi byggð. Skýrslan gefi ekki rétta mynd af raunveruleikanum.**

**FJARSKIPTAMARKAÐUR** Í skýrslu sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur unnið með sambærilegum fyrirtækjum á hinum Norðurlöndunum kemur fram að íslenski fjarskiptamarkaðurinn einkennist af fákeppni þar sem tvö fjarskiptafyrirtæki skipti markaðnum á milli sín.

Í skýrslunni segir að verð á farsímaþjónustu sé hærra hér en á hinum Norðurlöndunum og hafi hækkað á síðustu árum en farið lækkandi á hinum Norðurlöndunum. Þá hafi farsímaþjónusta mæld í mínútum á viðskiptavin staðið í stað hér og heldur minnkað frá árinu 1999 en aukist á hinum Norðurlöndunum.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, gerir miklar athugasemdir við þær fullyrðingar Póst- og fjarskiptastofnunar að verðið hafi hækkað hér og segir skýrsluna á misskilningi byggða. Við samanburð sé ekki tekið tillit til þeirra afsláttarkjara sem íslenskum neytendum stendur til boða. „Eingöngu er tekið tillit til þeirra afsláttarkjara sem erlendum neytendum stendur til boða. Síminn býður GSM notendum sínum alls kyns afslætti í vinanúmer en það er ekki tekið tillit til þessa í þessum verðsamanburði. Í erlenda verðsamanburðinum er hins vegar tekið tillit til þeirra afsláttarkjara sem viðgangast þar.“



**GÍSLI ÞORSTEINSSON**



**EVA MAGNÚSDÓTTIR**

Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og vodafone, er sammála Evu um að fullyrðingar Póst- og fjarskiptastofnunar um verð á GSM þjónustu hér á landi séu á misskilningi byggðar. GSM notkun hafi aukist en meðalreikningurinn haldist nær óbreyttur í þrjú ár. Samanburður á mínútuverði gefi ekki rétta mynd af raunverulegum kostnaði neytenda.

„Og1 viðskiptavinir hringja frítt heim og sín á milli í GSM. Einnig býður Og vodafone öllum viðskiptavinum sínum frí samtöl í tvö önnur GSM númer að eigin vali ásamt fjölda annarra fríðinda,“ segir hann og telur Og vodafone veita viðskiptavini sínum aukna afslætti sem beri vott um þá miklu samkeppni sem sé á íslenskum farsímamarkaði.

Í tilkynningu frá Sko segir að verðskrá fyrirtækisins sé einfaldari og lægri en keppinautanna. Það sé því mat Sko að skýrslan hefði gefið gleggri mynd af raunveruleikanum ef þjónusta og verðskrá fyrirtækisins hefði verið innifalin.

Eva bendir á að Ísland sé með sjötta lægsta verðið á farsímaþjónustu á yfir 30 landa lista.

**ghs@frettabladid.is**



7 stk
699

14 stk
1399

20 stk
1999

# Fangið fullt af rósum

*Uppskeruhátíð garðyrkjubóndans/íslensk framleiðsla*



**Pottaplöntur**
**30%** afsl.
af völdum tegundum

**Ný sending af gleri** **Frábær tilboð**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**HAUSTLITIR** Regnbogi fegraði haustlitina í Wisconsin í Bandaríkjunum fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar:

# Kvartar ekki undan körlum

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það ekki sinn stíl að kvarta undan körlum.

Tilefnið eru orð Haraldar Benediktssonar, formanns Bændasamtakanna, í Fréttablaðinu í gær en hann sagði Ingibjörgu hafa kvartað svolítið undan talsmönnum Bændasamtakanna vegna viðbragða þeirra við tillögum Samfylkingarinnar um lækkun matvælaverðs.

„Mér finnast þetta furðuleg ummæli hjá Haraldi og held að þau séu sakir æsku og reynsluleysis. Það er ekki minn stíll að kvarta undan körlum,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Bændaforystan fundaði með þingmönnum Samfylkingarinnar á miðvikudag. Ingibjörg segir fundinn hafa verið hluta af því samráðsferli sem haft verði við bændur um útfærslu tillagna flokksins. „Það er fjölmargt sem hægt er að skoða sem orðið getur til að bæta kjör og aðstöðu bænda þrátt fyrir að farið sé í að skapa atvinnufrelsi í landbúnaði eins og í öðrum greinum. En við stöndum fast við þær þrjár meginleiðir að fella niður vörugjald, lækka virðisaukaskatt og fella niður tolla í áföngum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. - bþs



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Formaður Samfylkingarinnar.

Forsætisráðherra Írlands:

# Viðurkennir að hafa þegið fé

**DYFLINNI, AP** Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, liggur nú undir ámæli vegna enn eins hneykslisins. Ráðherrann hefur játað að hafa þegið leynilegan fjárstyrk frá nokkrum þekktum kaupsýslumönnum fyrir þrettán árum. Styrkurinn hljóðaði upp á næstum fjórar og hálfa milljón króna og heldur forsætisráðherrann því fram að þetta hafi verið lán með vöxtum. Hann hafi hins vegar ekki fengið að greiða lánið til baka.

Ahern kallar lánardrottnana „nána vini“, sem hafi hjálpað sér í gegnum „myrka tíma“, þegar hann mátti greiða upp skuldir eftir skilnað sinn. - kóþ

Könnun VR meðal stjórnenda:

# Frí frekar en launahækkun

**ATVINNUMÁL Um 42 prósent stjórnenda vilja meira frí en aðeins færri, eða um 40 prósent, vilja hærri laun. Þetta kom fram í könnun sem VR gerði meðal um þrettán hundruð stjórnenda á íslenskum vinnumarkaði.**

**Aldur hefur einnig áhrif á hvort svarendur kjósi launahækkun eða meira frí. Þannig vilja fleiri í yngri hópnum launahækkun en þegar aldurinn færist yfir verður frí eftirsóknarverðara.** - hs

**FRÍSTUNDAHEIMILI**

### 255 á biðlista

Enn bíða 255 börn þess að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík en 2.170 eru komin inn. Enn vantar 36 starfsmenn til starfa á frístundaheimilin.

Ný meðferðar- og vistunaráætlun Fangelsismálastofnunar kynnt:

# Föngum hjálpað að aðlagast samfélaginu

**FANGELSISMÁL** Ný meðferðar- og vistunaráætlun Fangelsismálastofnunar var kynnt fjölmiðlum í fyrradag. Í máli Snjólaugar Birgisdóttur félagsráðgjafa sem kynnti áætlunina, kom fram að eitt af helstu markmiðum hennar sé að draga úr þeirri óvissu sem oft skapast á meðan fólk situr í fangelsi. Þá verður aukin áhersla lögð á að afplánun og reynslulausn verði eitt og sama ferlið.

„Í þessari áætlun er meðal annars að finna mat á stöðu fanga við komuna í fangelsið og áætlun um að nýta þau úrræði sem þeim standa til boða þegar þangað er komið. Markmiðið með þessu er að gefa fanganum tækifæri til að aðlagast samfélaginu betur þegar afplánun lýkur.“

Áætlunin á að vera greiningartæki sem ætlað er að bera kennsl á þau vandamál sem viðkomandi fangi á við að glíma og koma með tillögur að hugsanlegum úrbótum. Að sögn Snjólaugar eru fangaverðir lykilaðilar í því að þessar umbætur skili árangri. „Þeir munu vera stuðningsaðilar fyrir fangana og leiðbeina þeim sem þurfa. Án þátttöku fangavarða yrði verkefnið til lítils. Við sjáum fyrir okkur ákveðnar áherslubreytingar og að hlutverk fangavarða skerpist frá því sem verið hefur.“ - þsj



**FANGAKLEFI** Áætlun fangelsismálastofnunar er ætlað að hjálpa föngum að fóta sig á ný í lífinu.




Tveggja mánaða fangelsi:

# Falsaði nafn vinkonu sinnar

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands dæmdi konu í tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals í gær. Hún hafði falsað undirritun vinkonu sinnar á skuldabréf og gert hana að ábyrgðarmanni að láni upp á rúma hálfa milljón króna. Hún sagði ástæðuna þá að yfirdráttarheimild hennar hafi verið að renna úr gildi. Vitundarvottur skuldabréfsins sagðist hafa talið að allt væri með felldu. Eftir að meintur ábyrgðarmaður hafði haft samband við hann og spurt hvernig á málinu stæði hafi hann hringt í lántakandann en fengið þau svör að þetta væri í lagi þar sem hún hafi gert þetta áður. Refsingin fellur niður haldi konan skilorð í tvö ár.** -kdk

Mikið er um að reynt sé að svindla á fyrirtækjum í ferðaþjónustu:

# Svikahrappar herja á gististaði

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er endalaust verið að reyna að svindla á fyrirtækjum í ferðaþjónustu og það gerist oft í viku hjá mörgum hótelum," segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.



ERNA HAUKSDÓTTIR

Að sögn Ernu er oft um að ræða tölvupóst frá aðilum erlendis sem panta herbergi og hafa ýmsar kúnstugar óskir um að lagt sé út fyrir hinu og þessu. „Við sendum sífellt út boð til okkar félagsmanna um að vera á varðbergi og við brýnum sérstaklega fyrir fólki að skrifa ekki undir neitt nema lesa smáa letrið." Erna segir dæmi um að fólk lendi í vandræðum jafnvel bara við það að veita upplýsingar. Þá berst fyrirspurn frá einhverju skráningarfyrirtæki þar sem ákvæði eru vandlega falin í örsmáu letri. Svo þegar fyrirspurninni er svarað hefur fólk sett nafnið sitt undir samning um birtingu auglýsingar fyrir einhverja upphæð til dæmis.

„Það eru margir að gera út á þetta úti um allan heim en fólk er farið að kunna á þetta. Það er búið að vara svo lengi við þessu og margt er svo augljóslega skrítið," segir Erna.

Ferðamálastofa hefur einnig sent frá sér aðvörun vegna svikahrappa. Segir að nokkuð hafi borið á því í sumar að reynt sé að hafa fé út úr gististöðum með fölskum bókunum. - sdg




**HÓTEL BORG** Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segist ekki fá margar tilkynningar um að fólk falli fyrir svikum en margir láti vita af svikahröppum. Tekið skal fram að Hótel Borg tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

Ármann Kr. Ólafsson:

# Sækist eftir þriðja sætinu

**STJÓRNMÁL** Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, gefur kost á sér í þriðja sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Ármann er stjórnmálafræðingur að mennt og var síðustu ellefu ár aðstoðarmaður ráðherra, fyrst Halldórs Blöndal og síðar Árna Mathiesen. Ármann hefur verið bæjarfulltrúi í Kópavogi frá 1998 og setið í fjölda nefnda á vegum bæjarins. -bþs



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Örlygur Hnefill Jónsson:

# Fram í prófkjör Samfylkingar

**STJÓRNMÁL Örlygur Hnefill Jónsson, héraðsdómslögmaður og varaþingmaður, gefur kost á sér í 1. til 3. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.**

**Örlygur Hnefill hefur verið virkur í flokksstarfi Samfylkingarinnar á Norðausturlandi, fyrst sem formaður Samfylkingarinnar á Norðurlandi eystra og síðar formaður kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.**

**Örlygur Hnefill hefur rekið lögmannsskrifstofu á Húsavík frá árinu 1982.** - sdg



ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON

Bryndís Haraldsdóttir:

# Í prófkjör Sjálfstæðisflokksins

**STJÓRNMÁL** Bryndís Haraldsdóttir, varabæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, sækist eftir 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Bryndís, sem nam alþjóðamarkaðsfræði við Tækniskóla Íslands, er verkefnisstjóri Evrópuverkefna hjá Impru, nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun. Hún hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og er meðal annars varaþingmaður hans í Suðvesturkjördæmi. -bþs



BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR


www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursеiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur með dísilvél.**

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

VIÐ LÆKKUM

MATAR

~~14%~~ → 4%




FINNDU MUNINN

KRÓNAN
ALLTAF BETRA VERÐ

# SKATTINN

föstudag – laugardag – sunnudag

Skv. heimildum fréttastofu RÚV ætlar ríkisstjórnin að lækka virðisaukaskatt af matvælum sem bera 14% í 4%.

**KRÓNAN SÝNIR FRUMKVÆÐI!**

Frá föstudegi til sunnudags mun KRÓNAN lækka virðisaukaskatt af matvælum sem bera 14% í 4%.

**KOMDU Í KRÓNUNA – FYLLTU KÖRFUNA og FINNDU MUNINN**

KRÓNAN – alltaf betra verð

## „ORÐRÉTT“

*Opinbert eignarhald óskynsamlegt*

**„Svo lengi sem Landsvirkjun er í opinberri eigu er ekkert óeðlilegt við það að fólk láti sig framkvæmdina varða. Eðlilegast er að fyrirtækin, sem fá heimild til þess að nýta sér orkulindir, séu í eigu einkaaðila.“**

Pálmi Jóhannesson, hönnuður Kárahnjúkastíflu, segir opinbert eignarhald á Landsvirkjun óskynsamlegt. Fréttablaðið, 28. september.

*Gömlu karlarnir verða ungir á ný*

**„En Old Spice á samt fullt erindi aftur. Ungt fólk þekkir þetta frá öfum sínum og langar til að prófa. Og þegar gömlu karlarnir fá að þefa upp úr flösku lygna þeir aftur augunum og verða ungir á ný.“**

Gauti Torfason á Rakarastofunni í Kópavogi hóf í fyrra að flytja inn Old Spice sem var ófáanlegur hérlendis árum saman. Fréttablaðið, 28. september.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUNNAR JÓNSSON LEIKARI

## Lék besta vin vonda karlsins



„Eins og við segjum fyrir vestan er ekki skapaður skítur að frétta. Allt gengur bara sinn vanagang: Vinna, éta, sofa,“ segir Gunnar Jónsson leikari. Gunnar vinnur sem kunnugt er við dyravörslu á skemmtistaðnum Cafe Oliver á Laugavegi. „Það er nú enginn æsingur í dyravörslunni og það er hending ef maður þarf að henda einhverjum út. Það hefur lítið verið um gestakomur stjarna það sem af er ári, en kannski rætist úr því núna þegar kvikmyndahátíðin er byrjuð.“

Í leiklistinni segir Gunnar sitthvað í farvatninu – „samt ekkert solid eins og er, en ég hef verið að hnusa utan í tveimur verkefnum sem ég vil ekki tala um að svo stöddu. Í sumar lék ég í kvikmyndinni Astrópíu. Ég lék besta vin vonda karlsins og þeir eru báðir illmenni mikil. Strákarnir eru bjartsýnir og stefna á að frumsýna myndina um áramótin. Í sumar hef ég bara rétt kíkt út fyrir bæjarmörkin, en það er stutt í að ég skreppi aðeins til Parísar. Ég ætla að fá mér glas af rauðvíni og hafa það huggulegt.“

### SÖGUSTUND:

## HUNDUR OG HJÁLMUR

Öryggishjálmurinn sem verkamenn nota á framkvæmdasvæðum var fundinn upp þegar Hoover-stíflan var reist. Fyrsta útgáfan var hafnaboltahúfa sem dýft var í tjöru og látin þorna. Lukkudýr verkamanna við Hoover-stíflugerðina var hundur sem gerði sig heimakominn á byggingarsvæðinu. Ónefndur verkamaður var nærri því drepinn þegar hann sást sparka í lukkudýrið. Þegar keyrt var yfir hundinn grétu verkamenn sáran og reistu síðar dýrinu minnisvarða. Hann má enn sjá nálægt túristamóttöku stíflunnar.



### SJÓNARHÓLL

FÁKEPPNI Á FARSÍMAMARKAÐI



VALGEIR GUÐJÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Bensínlykt af samkeppninni

„Við vitum að við erum að borga háa símreikninga og ekki er farsímakostnaðurinn lægstur,“ segir Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður sem söng um Langsíma-Línu á árum áður. „En maður hugsar svo sem ekki mikið um þetta og tekur eins og hverju öðru hundsbiti.“ Póst- og fjarskiptastofnun kynnti í gær samnorræna skýrslu um farsímamarkaði Norðurlandanna þar sem m.a. kemur fram að GSM-þjónusta hefur hækkað í verði hérlendis síðan 2002 en lækkað í hinum Norðurlöndunum á sama tíma. Fákeppni á markaðinum er sögð ríkjandi hér. „Erlendir aðilar gætu eflaust komið hér inn ef þeir nenntu. Þó við séum merkileg erum við fá. Ég var í Noregi nýlega og gekk í kringum nýbygginguna stærsta símafyrirtækisins þar. Ég var korter á leiðinni en stytti mér þó leið. Hér virðist ríkja heilmikil samkeppni símafyrirtækja, á yfirborðinu að minnsta kosti, en maður spyr sig hvort það sé bensínlykt af þeirri samkeppni.“

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Haustsinfónían á fullum styrk

**Nú þegar landsmenn ættu að hafa mænt nægju sína upp í næturhimininn á fjarlæg fyrirbæri alheimsins er kominn tími til að líta sér nær. Það haustar og undanfarið hefur náttúran haldið sína ómótstæðilegu haustsýningu.**



**Í ELLIÐAÁRDAL** Þar gefur nú að líta árlega myndlistarsýningu náttúrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Græni litur sumarsins hopar fyrir hlýjum litum kuldabitinna plantna svo úr verður glæsileg mósaíkmynd: Brúnir, gulir og appelsínugulir tónar breiðast yfir landið, ekki ósvipaðir ryði, og minna okkur á að það styttist í gráan veturinn. Á þessum dögum leggja margir land undir fót til að virða fyrir sér litadýrðina, á eigin vegum eða í hópum. Ferðafélag Íslands stendur til dæmis fyrir haustlitaferð í Þórsmörk um helgina.

Páll Ásgeir Ásgeirsson rithöfundur og útivistarmaður er unnandi haustlita: „Frægasta haustlitasinfónía landsins er án efa í Þjóðgarðinum á Þingvöllum,“ segir hann. „Ég var þar fyrir viku og þá var sinfónían á fullum styrk og gríðarlega mögnuð að sjá. Það þarf þó ekki að sækja vatnið yfir lækinn. Til að sjá fallega haustliti er sem dæmi upplagt að fara í Elliðaárdalinn. Fyrir ofan rafstöðina og í Hólminum má nú finna gríðarlega fallega haustliti.“

Páll segir að haustlitirnir ættu að halda sér næstu tvær vikurnar eða svo, en það fari eftir veðurfari. „Ef það kemur hressilegt rok og rigning er sinfónían fljót að fjúka út í veður og vind.“ Því er um að gera að skoða og njóta á meðan færi gefst. Opið samkvæmt samkomulagi og ókeypis inn, eða ættum við að segja, ókeypis út.

gunnarh@frettabladid.is



**KANÍNUR Í BÓNUS** Í Elliðarárdalnum má oft sjá dúllulegar kanínur skottast við stein. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÁLL ÁSGEIR ÁSEIRSSON** Upplagt að fara í Elliðaárdalinn.



**VETURINN NÁLGAST** Grænir sumarlitir hopa fyrir ryðáferð haustsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Segir ákvörðunina hafa verið ólýðræðislega:

# Fjórtán ára baráttukona í Danaveldi

Særós Mist Hrannarsdóttir, fjórtán ára gömul íslensk stúlka búsett í Danmörku, er einn meðlima í hópi róttæklinga sem berst fyrir því að listaverkstæðið Huset í Árósum fái að starfa áfram. Í 34 ár hefur það verið menningarlegur samastaður fyrir skapandi fólk og boðið upp á sextán opin verkstæði þar sem fólk getur unnið að hugmyndum sínum án þess að taka gjald fyrir annað en efni.



**SÆRÓS MIST** segist hafa fundið sig knúna til að berjast gegn lokun Huset eftir að hafa fengið að kynnast því sem þar fór fram.

Særós segir meirihluta íbúa Árósa líta á Huset sem ómissandi hluta af menningarlífinu þar. Hugmyndir um að loka aðstöðunni í sparnaðarskyni telur hún vanhugsaðar. Lokunin komi ekki aðeins niður á þeim sem nota verkstæðin heldur séu margar af leikhúsmiðstöðvum borgarinnar, lítil listagallerí og menningarstofnanir háðar aðstöðunni sem Huset bjóði upp á.

Særós segir ákvörðunina um lokunina hafa verið ólýðræðislega. Hvorki íbúum borgarinnar né notendum Huset hafi gefist tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri fyrr en eftir að ákvörðun hafði verið tekin. Helst álasi fólk Uffe Elbæk, meðlim hægri flokksins De Radikale Venstre en hann er einnig rektor listastofnunar sem býður upp á aðstöðu gegn greiðslu.

„Huset er einstakt í heiminum. Að undanförnu hef ég verið að safna undirskriftum gegn ákvörðuninni auk þess sem verið er að skipuleggja frekari mótmæli.

Ég fann mig knúna til að taka þátt í að reyna afstýra þessu slysi eftir að hafa fengið að kynnast því starfi sem þar var unnið.“ segir baráttukonan unga. -kdk




**BARIST GEGN LOKUN HUSET** Talið er að listaverkstæðið sæki um 100.000 virkir notendur á hverju ári.

# SAMSUNG dagar

Samsung er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og þróun rafeindatækja. Fyrirtækið er eitt af stærstu fyrirtækjunum í framleiðslu og sölu á sjónvörpum og ýmsum öðrum heimilistækjum. Samsung seldi á síðasta ári fyrir 56,7 milljarða dollara og hagnaðist um 7,5 milljarða.

Hjá fyrirtækinu starfa 128.000. manns á 120 stöðum í 57 löndum. Fyrirtækið hefur haft það markmið að geta boðið vandaða vöru á verði fyrir alla. Jafnframt hefur Samsung lagt sig fram um tækninýjungar og fékk nú nýverið Eisa verðlaun fyrir bestu tæknina í LCD sjónvörpi. Einnig fékk Samsung Eisa verðlaun fyrir besta heimabíóið annað árið í röð, besta smá ljósmyndaprentarann og smátölvuna, mediabook.





NÝTT

## Þægilega þunnt sjónvarp

**LE32R71** - sjónvarp
**219.900.-**

Litir: Hvítt / Svart



EISA BEST PRODUCT 2005-2006

**HT-P1200** - heimabíó
5 x 100 w +150 w er með HDMI tengi og USB. útvarp með RDS. Spilar bæði DVD og CD diska, ásamt ljósmyndum.
**149.900,-**

## LCD sjónvarps tilboð

*Gæði á einstöku tilboði:*



**40"LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**
**LE40M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: 379.900,-
Tilboðsverð: **319.900,-**
**ÞÚ SPARAR 60.000,-**



**32"LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**
**LE32M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: 264.900,-
Tilboðsverð: **219.900,-**
**ÞÚ SPARAR 45.000,-**

EISA BEST PRODUCT 2005-2006



**LE40M61B**
40" LCD sjónvarp
6,4 milljarðar lita
Upplausn1366 x 768, skerpa 5000:1
Birta 500 cd/m2
1.000 blaðsíðna textavarpsminni
**399.000,-**



Ný tækni: **SILVER NANO** sem drepur bakteríur

Svitalykt **hverfur úr fötunum** jafnvel án þvottaefna

Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. **íþróttaföt**

Þvottavél sem tekur 7,5 kg af þvotti

**Q1457** 1400 sn. **104.900,-**
**Q1657** 1600 sn. **119.900,-**

MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

## FLOTTIR MP3 SPILARAR



**YP-Z5**
4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár
FM útvarp
MP3, WMA
JPEG, OGG

| 1 GB | 2 GB | 4 GB |
|---|---|---|
| 19.900,- | 26.900,- | 34.900,- |

## NÝ TÆKNI SILVER NANO sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l. Orkunotkun 404 kwh á ári.
**89.990.-**



Kynntu þér SILVER NANO

**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka.
Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti.
Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**279.900,-**

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

**SMÁRALIND** Sími 530 2900
**LÁGMÚLA 8** Sími 530 2800
**SÍÐUMÚLA 9** Sími 530 2800
**KEFLAVÍK** Sími 421 1535

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

imago

## Svona erum við

> Tóbaksinnflutningur á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

# *Útstrikunum fer fækkandi*

Samkvæmt lögum geta kjósendur til sveitarstjórna beitt útstrikunum eða fært til frambjóðendur á þeim lista sem þeir kjósa. Þeir sem nýta sér þennan rétt fer stöðugt fækkandi og dæmi um að kjósendur hafi ógilt atkvæði sitt vegna vankunnáttu í þessum efnum.

**Er mögulegt að beita útstrikunum eða endurröðun við utankjörfundarkosningu?**
Í 62. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, er svohljóðandi ákvæði: „Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn. Kosning fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum.“
Af þessu leiðir að aðeins er unnt að nota það pláss sem er á utankjörfundaratkvæðaseðlinum, sem er þó afar takmarkað. Því er til dæmis nánast útilokað að telja upp alla frambjóðendur á framboðslistum í Reykjavík og raða þeim upp á nýtt. Hins vegar er pláss til að geta þess að einhverjir tilteknir frambjóðendur þess lista sem kjósandi hyggst greiða atkvæði skuli strikaðir út eða að til dæmis frambjóðandi í 10. sæti færist upp í það 7. og aðrir frambjóðendur færist neðar sem því nemur.

**Hve margar útstrikanir þarf til að hafa áhrif á úrslit kosninganna?**
Til þess að breytingar verði á röðun á framboðslista þarf meirihluti þeirra sem greiðir atkvæði með þeim lista að gera sömu breytingar. Þeir einstaklingar sem strikaðir eru út ná þá ekki kjöri og þeir sem eru fyrir neðan þá á lista færast upp.

**Má strika út nafn á framboðslista og setja annað í staðinn?**
Nei! Atkvæðisseðill með slíkri breytingu yrði metinn ógildur. Einungis er heimilt að strika yfir nöfn frambjóðenda eða breyta röð þeirra; ekki bæta við nýjum.



## SPURT & SVARAÐ
STÍFLAN Á KÁRAHNJÚKUM

# *Hefur grátið sínum tárum*

Hjáveitugöngum Kárahnjúkastíflu hefur verið lokað og vatn safnast í Hálslón. Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hefur lengi barist gegn framkvæmdunum sem nú eru orðnar að veruleika og brátt verður hægt að framleiða rafmagn.


ÁRNI FINNSSON

**Hvaða tilfinningar bærast innra með þér nú?** Þær tilfinningar sem ég ber í brjósti í dag eru hvorki sterkari né veikari en þær sem ég hef fundið fyrir frá því ákvörðun var tekin um þessar framkvæmdir árið 2002 og svo þegar samið var við Alcoa árið 2003. Það var þá sem ég grét mínum tárum vegna þessara framkvæmda.

**Hvað finnst þér um hugmyndina um um að hleypa aldrei vatni í lónið?** Menn geta deilt um þessa hugmynd en ég held að sú staðreynd að fimmtán þúsund manns gengu niður Laugaveginn til að sýna honum og málefninu stuðning lýsi vel andstöðu almennings við virkjuninni og samstöðu með náttúrunni. Um það verður varla deilt.




**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Hefur höfðað mál gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum sínum fyrir stórfelldar iðnaðarnjósnir og brot á ráðningarsamningum.

# Ásakaðir um iðnaðarnjósnir

**Í málatilbúnaði Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum sínum og Children‘s Hospital of Philadelphia (CHOP) sem hófst síðasta þriðjudag eru stefndu ásakaðir um stórfelldar iðnaðarnjósnir og margvísleg brot á ráðningarsamningum sínum. Málið er um margt sérstakt því aldrei áður hefur mál af viðlíkri stærðargráðu komið upp hjá íslensku fyrirtæki.**

Mönnunum fimm er gefið að sök að hafa, frá því í september 2005 og fram í júlí á þessu ári, með ólöglegum hætti afritað og stolið mikilvægustu vísinda- og viðskiptaleyndarmálum ÍE til að nýta hjá nýstofnaðri miðstöð CHOP fyrir hagnýtar erfðamengjarannsóknir, en fjórir þeirra starfa hjá miðstöðinni í dag. Þá eru þeir ásakaðir um margvísleg brot á ráðningarsamningum sínum hjá ÍE. Samningarnir fólu meðal annars í sér að starfsmönnunum væri ekki heimilt að hefja störf hjá samkeppnisaðila ÍE fyrr en tveimur árum eftir að þeir hættu störfum hjá fyrirtækinu. Þá mega þeir ekki bera víurnar í annað starfsfólk ÍE fyrr en eftir að eitt ár er liðið frá starfslokum þeirra. Að lokum eru þeir ásakaðir um stórfellt samsæri sín á milli um að hylja yfir aðgerðir sínar og fela slóð sína.

### Sönnunargögn
Flest þau sönnunargögn sem ÍE teflir fram í stefnu sinni eru í formi tölvupósts sem fimmmenningarnir sendu sín á milli og til starfsmanna CHOP. Tölvupóstur var sendur frá einkapóstföngum hinna stefndu sem þeir höfðu stofnað hjá fyrirtækjum á borð við Hotmail, Yahoo, Hive.is og Talk21.com eða starfsmannapóstföngum þeirra hjá CHOP. ÍE hefur haldið því fram að fyrirtækinu hafi verið heimilt að skoða þennan tölvupóst á þeim grundvelli að sterkar vísbendingar hafi bent til þess að mennirnir hafi verið að stela gögnum. Lögfræðingur ÍE telur að þær athafnir brjóti ekki í bága við lög þar sem tölvurnar sem pósturinn var sendur frá hefðu verið í eigu fyrirtækisins.

### Kröfur ÍE og viðbrögð CHOP
ÍE fer fram á það við yfirstandandi réttarhöld að tafarlaust lögbann verði sett á störf mannanna og starfsemi miðstöðvarinnar sjálfrar til að koma í veg fyrir að þessir aðilar noti eða miðli trúnaðarupplýsingum ÍE. Þá er einnig krafist lögbanns á eyðingu gagna sem tengjast málinu. ÍE fer fram á að fá greiddar háar skaðabætur, lögfræðikostnað og sérstakar refsibætur sem tíðkast í bandarísku dómskerfi. Í fréttatilkynningu sem CHOP hefur sent frá sér vegna málsins neitar spítalinn allri sök og segir að hann muni standa fast við bakið á starfsmönnunum fjórum. CHOP segir tilgang miðstöðvarinnar vera að einangra erfðavísa sem orsaka algenga barnasjúkdóma á borð við astma, offitu og sykursýki. Hann segir það mikið áfall ef gróðafyrirtæki á borð við ÍE takist að hamla það starf.



FRÉTTASKÝRING
ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@frettabladid.is

## FORSAGA MÁLAREKSTURSINS

Forsaga málsins er sú að Hákon Hákonarson, fyrrum viðskiptaþróunarstjóri ÍE og einn af æðstu yfirmönnum þess, er sagður hafa hafið viðræður við Barnaspítalann í Fíladelfíu (CHOP) í september 2005 um möguleikann á því að veita nýrri rannsóknarmiðstöð spítalans forystu. Hann á síðan að hafa ráðið sig til hennar á jóladag sama ár, rúmum mánuði áður en hann sagði upp störfum hjá ÍE. Hákoni er gefið að hafa leynt eðli hins nýja starfs fyrir yfirmönnum sínum hjá ÍE, til þess að geta vísvitandi haft áframhaldandi aðgang að gögnum hjá ÍE, og að hafa ætlað sér að nýta þau í sínu nýja starfi. Hákon á svo að hafa boðið fjórum öðrum starfsmönnum ÍE: þeim Struan Grant, Robert Skraban, Jonathan Bradfield og Jesus Sainz, starf hjá miðstöðinni og fengið þá til liðs við sig við að stela gögnum. Í stefnunni segir að fimmmenningarnir hafi tengt útvær USB harðdrif og annan lausan geymslubúnað við skrifborðstölvur sínar hjá ÍE án heimildar. Meðal annars á Hákon að hafa farið fram úr aðgangsheimildum sínum með þessum hætti í allt að sextíu skipti og Jesus Sainz afritað og stolið allt að 97 þúsund skrám frá ÍE. Jesus er sá eini af fimmmenningunum sem ekki starfar hjá miðstöðinni og er sem stendur í farbanni hér á landi. Lögfræðingur hans hefur sagt að ásakanir á hendur umbjóðanda hans séu rangar og ÍE viti það vel.

Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional

Á tilboði í september




Skammtarar úr ryðfríu stáli
5.423 kr.
Marathon RVS miðaþurrkuskápur


4.974 kr.
Sápuskammtari RVS


6.968 kr.
WC Compact statíf RVS fyrir tvær rúllur

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV62158

# allt að verða vitlaust í nettó

## skemmtilegri innkaup



þú sparar 748 kr/kg

**40%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.122 kr/kg
Verð áður 1.870 kr/kg

Lambalæri hvítlauksmarinerað




þú sparar 195 kr/kg

**30%** afsláttur við kassa
Verð nú 454 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg

Ísfugl kjúklingalæri með legg



þú sparar 350 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.049 kr/kg
Verð áður 1.398 kr/kg

Goða lambaofnsteik




þú sparar 589 kr/kg

**25%** afsláttur við kassa
Verð nú 1.766 kr/kg
Verð áður 2.355 kr/kg

Holta álegg kjúklingabringa

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta




þú sparar 140 kr/stk

**20%** afsláttur við kassa
Verð nú 559 kr/stk
Verð áður 699 kr/stk

Almondy Daimterta 400 gr.



fyrir alla skólakrakka

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 29. september til 1. október eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.336 **+0,33%** **Fjöldi viðskipta:** 654 **Velta:** 20.067 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Avion | +1,72% | FL Group | -2,11% |
| Dagsbrún | +0,80% | Bakkavör | -1,02% |
| Landsbankinn | +0,75% | Marel | -0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,40 +0,60% ... Alfesca 5,12 +0,00% ... Atlantic Petroleum 582,00 +0,17% ... Atorka 6,44 +0,31% ... Avion 29,60 +1,72% ... Bakkavör 58,10 -1,02% ... Dagsbrún 5,07 +0,80% ... FL Group 23,20 -2,11% ... Glitnir 20,40 +0,49% ... KB banki 849,00 -0,12% ... Landsbankinn 27,00 +0,75% ... Marel 77,50 -0,64% ... Mosaic Fashions 17,80 -0,56% ... Straumur-Burðarás 17,80 +0,00% ... Össur 127,00 -0,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Útreikningar vegna lóns**

Í gær var tekið að hleypa vatni á Hálslón við Kárahnjúka og bein útsending í fréttum Stöðvar tvö af því tilefni. Þar var rætt við Sigurð Arnalds, upplýsingafulltrúa hjá Landsvirkjun og eins Ómar Ragnarsson sem vill að hætt verði við að fylla lónið. Ómar var að vonum sorgmæddur og taldi kostnað við að hætta við verkið ekki óyfirstíganlegan. „Þetta er einn sígarettupakki á dag fyrir meðalfjölskyldu í fimm ár. Það er nú allt og sumt,“ sagði hann. Kosti sígarettupakki 600 krónur á dag kostar dagneysla í fimm ár 1.095.000 krónur. Ef svo er slegið á að í fjölskyldu séu að jafnaði fjórir og fjölskyldur landsins 75.000 er heildarkostnaðurinn því rúmir 82 milljarðar króna. Hvort allir eru sammála þeim útreikningi er svo annað mál.



**Vangaveltur um DB**

Dagsbrún, sem á Fréttablaðið, hefur verið að rétta hlut sinn eftir að markaðurinn refsaði henni harkalega fyrir „óvænt og ömurlegt“ uppgjör eins og blaðamaður einn orðaði það af sinn alkunnu hógværð. Gengi hlutabréfa DB er nú komið yfir fimm og hefur hækkað um tæpan fimmtung á einni viku. Þetta gerist án þess að nokkrar fréttir hafi borist til Kauphallar þannig að einungis tómar getgátur geta skýrt þennan viðsnúning. Sumir telja að fjárfestar hafi séð tækifæri í bréfunum eftir mikla lækkun að undanförnu. Aðrir segja að fjárfestar horfi til uppskiptingar félagsins í tvö félög og renni þar hýru auga til fjarskiptahlutans í Teymi. Þá kann að skýra þessa hækkun að stutt er eftir af þriðja ársfhluta en það kemur stundum fyrir á íslenska markaðnum að gengi félaga fer upp á við fyrir lok uppgjörstímabils.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríska Dow Jones hlutabréfavísitalan fór í 11.724,86 stig í gærmorgun og sló þar með sögulegt met. Vísitalan hefur ekki náð viðlíka hæðum síðan í janúar árið 2000. Metið stóð ekki lengi því gengið dalaði lítillega eftir því sem leið á daginn.

Hagvöxtur jókst um 2,6 prósent í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi. Þetta er nokkuð undir væntingum en spáð var 2,9 prósenta hagvexti.

Greiningardeild Glitnis segir útlit fyrir 0,4 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs á milli september og október. Muni verðbólgan lækka vegna þessa úr 7,6 prósentum í 7,4 prósent í september.

# Tekur sér stöðu á hliðarlínunni

**Jafet Ólafsson selur 24 prósent í VBS til Fjárfestingarfélags sparisjóðanna. Jón Þórisson líklegur arftaki Jafets.**

Jafet S. Ólafsson, stofnandi og framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka, hefur selt 24 prósent hlutafjár í VBS til Fjárfestingarfélags sparisjóðanna (FSP) sem er í eigu tuttugu sparisjóða.

Jafet, sem heldur eftir smáhlut, ætlar að halda utan um stjórnartaumana fram til fyrsta nóvember en sest þá í stjórn fyrirtækisins. „Maður er að fara á hliðarlínuna eins og það kallast í boltanum. Ég verð ekki lengur í sókninni.“ Ekki hefur verið gengið frá ráðningu eftirmanns hans en stefnt er að því að ráða Jón Þórisson, sem fer fyrir fyrirtækjasviði VBS, til starfa.

Jafet segir að VBS hafi vaxið um fimmtíu prósent árlega frá því að Verðbréfastofan var stofnuð fyrir áratug. „Við byrjuðum með þrjá starfsmenn og erum 24 í dag.“ Fyrirtækið hagnaðist um fjögur hundruð milljónir króna í fyrra. Hann býst ekki við stórvægilegum breytingum en telur að FSP, með sína sterku bakhjarla, gefi VBS færi á frekari landvinningum.



**JAFET ÓLAFSSON** Tekur sæti í stjórn VBS þegar hann lýkur störfum þann 1. nóvember næst komandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir kaupin verður FSP leiðandi hluthafi í VBS með 37 prósenta hlut en samanlagt eiga sparisjóðir tæpan helmingshlut í bankanum þar sem SPM og Sparisjóðurinn í Vestmannaeyjum eiga beinan eignarhlut. Jafet telur ekki ólíklegt eftir eigendaskiptin að horft verði á samþættingu milli reksturs VBS og Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna. **- eþa**

# Eimskip kaupir finnska félagið Containerships

**Eimskip hefur gengið frá kaupum á meirihluta í finnska skipafélaginu Containerships. Félögin taka höndum saman um að mynda eitt stærsta flutningabandalag Evrópu í styttri siglingum.**




**BALDUR GUÐNASON FORSTJÓRI EIMSKIPA** Baldur segir ekkert hafa verið ákveðið um hvort starfsemi skipafélaganna muni síðar meir verða sameinuð undir einu vörumerki, það verði tíminn að leiða í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Eimskip, dótturfélag Avion Group, hefur gengið frá kaupum á 65 prósenta hlut í finnska skipafélaginu Containerships. Stofnað hefur verið til nýs félags, Containerships Group, þar sem einnig er innanborðs litháenska skipafélagið Kursiu Linija sem Eimskip keypti fyrr á árinu. Með samstarfinu mynda fyrirtækin eitt stærsta flutningabandalag Evrópu í styttri siglingum, með 41 skip og hafa yfir þrjátíu þúsund gámaeiningum að ráða.

Að ósk seljenda finnska félagsins er kaupverðið ekki gefið upp, en kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og lánsfé. Þau 35 prósent sem eftir eru í Containerships Group verða í eigu Container Finance Ltd. Oy og hefur Eimskip kauprétt að hlutnum innan tveggja til þriggja ára. „Það sem í raun gerist er að við kaupum þennan 65 prósenta hlut í Containerships, sem á móti kaupir af okkur Kursiu Linija og það verður dótturfélag. Þannig samþættum við starfsemi þessara tveggja félaga sem bæði hafa mjög sterka stöðu á Eystrasaltssvæðinu, annað mjög sterkt í Finnlandi og í Sankti Pétursborg og hitt sunnan megin,“ segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips. Hann segir kaupin styrkja stöðu félagsins á ört vaxandi markaði þar sem spáð sé fimmtán til tuttugu prósenta vexti næstu árin.

Baldur segir verða að koma í ljós hvort félagið nýti sér kaupréttinn á því sem eftir standi í Containerships. „Ljóst er að mikil verðmæti eru í þessum partnerum okkar. Sama fjölskyldan hefur rekið þetta frá upphafi og fyrirtækið fagnar fjörutíu ára afmæli í desember. Síðan er þetta aðalgámaskipafélagið í Finnlandi, svona hálfgert Eimskip þeirra þar.“

Tveir lykilstarfsmenn Eimskipa hverfa til starfa hjá Containerships Group, Sigurjón Markússon sem um áramót tekur við starfi forstjóra félagsins og Hilmar Pétur Valgarðsson sem stýrt hefur bókhaldi og hagdeild Eimskipa. „Við leggjum áherslu á að setja þarna inn öfluga menn til liðs við það góða fólk sem þar er fyrir,“ segir Baldur.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort til greina komi að sameina starfsemi skipafélaganna undir einu merki þegar fram líða stundir. „En auðvitað kemur allt til greina í því,“ segir Baldur.

Kimmo Nordström, forstjóri Containerships sem verður stjórnarformaður nýja félagsins um áramót, segir ákvörðunina um þátttöku í samstarfinu ekki hafa verið léttvæga. „En Eimskip hefur hins vegar sannfært okkur um virðisaukann sem af því hlýst.“ Hann bendir á að reksturinn gangi betur en nokkru sinni. „Áherslur á heildarlausnir fyrir viðskiptavini okkar, ásamt miklum fjárfestingum í Rússlandi, hafa reynst réttar. Fjölskyldurekið fyrirtæki hefur hins vegar takmarkaðar auðlindir fjárhagslega. Með Eimskipum verður Containerships betur í stakk búið til að fjárfesta í vexti og viðhalda útrás okkar.“

Containerships Group koma til með að reka ellefu skip á Eystrasaltssvæðinu, með 200 milljón evra veltu, sex prósent í EBITDA og rúmlega 500 starfsmenn. Höfuðstöðvarnar verða í Helsinki í Finnlandi. **olikr@frettabladid.is**



**TEIKNING AF NÝRRI VERKSMIÐJU** Svona mun nýja verksmiðjan sem Promens er að reisa í Póllandi koma til með að líta út. Í fyrstu verður hún 9.000 fermetrar, en hægt að stækka hana um helming. MYND/ATORKA

# Promens reisir nýja verksmiðju í Póllandi

Promens hf. hefur ákveðið að reisa nýja hverfisteypuverksmiðju í Póllandi til framleiðslu á vörum úr plasti. Bygging verksmiðjunnar hefst innan fárra vikna og tekur hún til starfa um mitt næsta ár.

„Verksmiðjan verður byggð á 5,6 hektara lóð á nýju iðnaðarsvæði í Miedzyrzecz þar sem Bonar Polska Sp. Z oo, dótturfyrirtæki Promens, hefur starfrækt verksmiðju frá árinu 2001. Upphafleg stærð verksmiðjunnar verður um 9.000 fermetrar en mögulegt er að rúmlega tvöfalda stærð hennar,“ segir í tilkynningu Atorku Group sem á Promens og tekið er fram að framleiðslugeta fyrirtækisins í Póllandi aukist við þetta umtalsvert. „Verksmiðjan er byggð til þess að mæta vaxandi markaði fyrir hverfisteyptar vörur bæði í Austur- og Vestur-Evrópu, markaði sem Promens hefur sterka stöðu á og sér mikil tækifæri til frekari vaxtar,“ segir þar einnig. Núna eru starfsmenn Bonar Plastics Polska 90 talsins og framleiðir fyrirtækið vörur fyrir viðskiptavini í bæði Austur- og Vestur-Evrópu.



**HORNSTEINN LAGÐUR** Tomasz Dyszkant, framkvæmdastjóri í Póllandi og Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Promens.

Promens er stærsta fyrirtæki heims á sviði hverfisteyptra plastvara og rekur 21 verksmiðju í tíu löndum, með um 1.600 starfsmenn. **-óká**

# Halli í ágústmánuði minnkar milli ára

Vöruskiptahallinn í ágúst var 3,2 milljörðum króna lægri en í ágúst árið 2005. Fluttar voru út vörur fyrir 16,6 milljarða og inn fyrir 28,2 milljarða króna samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Vöruskiptin voru því óhagstæð um 11,6 milljarða króna samanborið við 14,8 milljarða króna á föstu gengi í fyrra.

Hallinn er þó 31,2 milljörðum króna lakari nú í ár en í fyrra þegar litið er á fyrstu átta mánuði ársins. Nemur hann nú 94,6 milljörðum en á sama tíma árið áður voru vöruskipti óhagstæð um 63,4 milljarða. Verðmæti vöruútflutnings fyrstu átta mánuði ársins var 8,3 milljörðum, eða 5,9 prósentum, meira en árið áður. Mesta breytingin liggur í útflutningi á iðnaðarvörum. Eru þær nú 38 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 19,4 prósentum meira en á sama tíma árið áður, aðallega vegna hækkandi álverðs. Sjávarafurðir voru 55,1 prósent alls útflutnings. Verðmæti vöruinnflutnings fyrstu átta mánuðina var 39,5 milljörðum, eða 19,2 prósentum, meira en árið áður. Rúman helming má rekja til aukins innflutnings á fjárfestingarvöru sem jókst um 45,8 prósent. **- hhs**



**VERKAMENN HJÁ NORÐURÁLI** Verðmæti iðnaðarvara í útflutningi er nú 19,4 prósentum meira en á sama tíma árið áður, aðallega vegna hækkandi álverðs.

# Mosaic undir væntingum

Tískuverslunarkeðjan Mosaic Fashions hagnaðist um 630 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi og alls um 740 milljónir á fyrri hluta rekstrarársins. Afkoma á öðrum ársfjórðungi hækkaði um 107 prósent á milli ára.

Uppgjörið er undir væntingum markaðsaðila sem höfðu spáð um 890 milljóna króna hagnaði. Stjórnendur Mosaic benda á að aðstæður á breskum smásölumarkaði hafi verið erfiðar en eru þokkalegir sáttir.

Af einstökum tískumerkjum jókst velta innan Coast mest eða um 25 prósent á milli ára, um 16 prósent hjá Karen Millen en sala hjá Oasis dróst saman um fjögur prósent.

Á fyrri hluta ársins voru 52 nýjar verslanir opnaðar innan samstæðunnar, ýmist í eigu Mosaic eða sérleyfishafa. **- eþa**

# Líkur á frekari uppsögnum

Svo getur farið að Landsflug verði á næstunni að segja upp stærstum hluta eða öllu starfsfólki vegna verkefnaskorts.

Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri félagsins, segir framtíðina velta á því hvort útboðssamningur við ríkið um áætlunarflug verði endurnýjaður. Hann segir allt líta út fyrir að aðrir fái samninginn og því sé nauðsynlegt að leita leiða utan landsins til að tryggja rekstur Landsflugs.

Landsflug sagði um síðustu mánaðamót upp sautján manns, öllum starfsmönnum viðhaldsdeildar og fimm flugmönnum. „Nú er verið að finna lausn á málum annarra starfsmanna en við sjáum ekkert í hendi hér á landi,“ segir Rúnar. Landsflug er nú með sautján starfsmenn, mest flugmenn.

Flugfélagið var stofnað fyrir þremur árum og yfirtók rekstur innanlandsdeildar Íslandsflugs ári síðar. Félagið rekur þrjár flugvélar hér og hefur sinnt innanlandsflugi til Hafnar í Hornafirði, Gjögurs og Bíldudals. - jab



**EIN AF VÉLUM LANDSFLUGS** Framkvæmdastjóri Landsflugs segir verkefna ef til vill verða leitað í útlöndum.

# Fons selur hlut sinn í FlyMe

Fons eignarhaldsfélag, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, hefur selt rúman tuttugu prósenta hlut sinn í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe til norska hlutafélagsins Cognation, sem eftir kaupin á 36 prósent í flugfélaginu.

Pálmi segir hluthafa hafa greint á um stefnu í félaginu. „Flugrekstrardeild FlyMe var stærsta vandamál félagsins að okkar mati og við höfum viljað leggja hana niður,“ segir hann en bætir við að Fons hafi haft mikla trú á FlyMe, sem skilaði 632 milljóna króna tapi á fyrsta ársfjórðungi, að mestu vegna aukins kostnaðar í flugrekstri.

Nokkrar breytingar þóttu nauðsynlegar til að bæta rekstur félagsins, að mati Pálma. Meðal annars með kaupum á litháenska flugfélaginu FlyLal og breska leiguflugfélaginu Astreus.

En sættir náðust ekki. „Það urðu átök á milli þessara tveggja hluthafa. Við vildum kaupa þá út en þeir vildu ekki selja. Niðurstaðan varð sú að þeir gerðu okkur tilboð sem við gátum ekki hafnað,“ segir Pálmi. Kaupverð er trúnaðarmál en Pálmi staðfestir að Fons hafi hagnast á viðskiptunum.

Pálmi vildi ekkert gefa upp um næst skref hjá Fons. Tækifærin væru mýmörg á sviði ferðaþjónustu og smásölu í Skandinavíu og Bretlandi og myndi félagið halda áfram að einbeita sér að þeim. -



**PÁLMI HARALDSSON** Fjárfestingarfélag í eigu Pálma hefur selt alla hluti sína í sænska lággjaldaflugfélaginu FlyMe. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FARSÍMI MEÐ SETNINGABÓKINA** Made in Iceland hefur að geyma fjölda algengra setninga á 13 tungumálum.

# Setningabók frá Og Vodafone

Og Vodafone hefur tekið í notkun setningabókina Made in Iceland í Vodafone live. Bókin gefur viðskiptavinum fyrirtækisins kost á að skoða og þýða yfir fimm hundruð setningar á þrettán tungumálum í farsímum sínum.

Símafyrirtækið segir að hvert tungumál hafi nítján flokka og hver þeirra hafi þrjátíu sjálfstæðar setningar sem auðvelt sé að þýða yfir á annað tungumál. Flokkarnir nítján hafa hver sitt einkenni, en meðal flokka eru til dæmis gisting, viðskipti, tónlist eða samskipti. Með þessari flokkun eiga notendur auðveldlega að geta fundið sömu setningu á öðru tungumáli hvort sem bókin er notuð eða síminn. Greiddar eru 99 krónur fyrir vikuaðgang að bókinni en í hverri áskrift eru innifalin þrjátíu SMS. - jab

# Endurnýja ekki flugflotann

Alexander Lebedev, einn af stærstu hluthöfum rússneska flugfélagsins Aeroflot, vísar því á bug að skrifað hafi verið undir samning um kaup á 22 farþegaflugvélum frá Boeing og jafnmörgum vélum frá Airbus.

Þetta er þvert á það sem Valery Okulov, forstjóri flugfélagsins, sagði í síðustu viku er hann skýrði frá því að félagið hygðist kaupa 44 vélar á árunum 2010 til 2016.

Lebedev sagði félagið hafa kannað kaup á vélunum en fjarstæða væri að fullyrða að þeim væri lokið. „Það væri óskhyggja. Við höfum enga hugmynd um það hvað stjórnvöld hyggjast gera,“ sagði hann en fyrirtæki hans á þrjátíu prósenta hlut í Aeroflot á móti rússneska ríkinu. - jab

# Norska ríkið horfir til SAS

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segir í samtali við norska dagblaðið Dagsavisen koma til greina að norska ríkið kaupi hluti sænska og danska ríkisins í norræna flugfélaginu SAS.

Markaðsvirði hlutanna er sagt nema 8,1 milljarði norskra króna eða jafnvirði 87 milljarða íslenskra króna.

SAS er skráð í OMX-kauphöllina. Sænska ríkið á 21,4 prósenta hlut í félaginu en danska ríkið á 14,3 prósent líkt og norska ríkið. Almennir hluthafar eiga afganginn eða helming hlutafjár. - jab


ÍSLENSKU BARNABÓKA VERÐLAUNIN 20 ÁRA

Íslensku barnabóka-verðlaunin 2006

Háski og hundakjöt

Þegar Aron fer með pabba sínum til Kína órar hann ekki fyrir þeim ævintýrum sem bíða hans. Kínversku borgirnar eru yfirþyrmandi stórar og mannmergðin mikil - svo ekki sé talað um matinn sem er býsna frábrugðinn því sem Aron er vanur ...

**Háski og hundakjöt** er fyrsta bók Héðins Svarfdals Björnssonar en hún er að mati dómnefndar mjög trúverðug samtímasaga sem lýsir upplifun íslensks unglings á framandi aðstæðum á raunsæjan og skemmtilegan hátt.






Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar

**Dag einn fæðist undurfögur og ljúf prinsessa í fjarlægu konungsríki.**
**- Æ, höfum við ekki heyrt þetta áður?**
**- Ónei! Hér er eitthvað alveg nýtt á ferðinni!**

Stórskemmtilegt samspil texta Margrétar Tryggvadóttur við myndir Halldórs Baldurssonar gera þessa bók einstaka sem kemur lesandum sífellt á óvart.




Edda
edda.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægt að foreldrar og börn ræði fíkniefnavandann:

## Forvarnir eru mikilvægar

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Heillaráðin þrjú sem nemendum í 9. bekk í grunnskólum landsins voru kynnt í gær voru uppistaðan í dagskrá forvarnardagsins sem haldinn var að frumkvæði forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, í samvinnu við íþróttahreyfinguna, sveitarfélög og fleiri. Þetta er þarft átak, sem vonandi verður einhver árangur af, og stendur ekki aðeins í einn dag, heldur smitar út frá sér í umræðu manna á meðal, ekki síst hjá unga fólkinu og foreldrum þess.

Heillaráð þessi ættu að vera flestum kunn, því auk þess að kynna þau í skólunum með viðeigandi hætti voru þau send inn á öll heimili landsins og hafa vonandi ekki lent í ruslafötunni áður en þau voru lesin. Það er með þessi heillaráð eins og svo margt annað, að þau ná kannski ekki til þeirra sem helst þyrftu á þeim að halda, heldur aðeins til þeirra sem þegar gera sér grein fyrir fíkniefnavandanum og hvernig mögulegt sé fyrir foreldra og börn í sameiningu að minnka hættuna á að ungmenni verði eitrinu að bráð.

Í nútíma þjóðfélagi, þar sem stöðugt fækkar þeim fjölskyldum þar sem allir setjast niður saman á kvöldin og borða kvöldmat, er enn meiri ástæða en áður til að hvetja til samveru foreldra og barna á degi hverjum. Annað heillaráðið er að hvetja börn og unglinga til þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi af ýmsum toga. Reynslan hefur sýnt að þeim unglingum sem taka þátt í slíku starfi er síður hætt við að ánetjast fíkniefnum en hinum sem hafa það helst fyrir stafni að hanga í eða við næstu sjoppu eða vera á flækingi úti um borg og bý, nætur og daga. Frægt íþróttafólk er gjarnan fyrirmynd þeirra ungu og því er mjög mikilvægt að nafnkunnir íþróttamenn og konur séu góðar fyrirmyndir, bæði hvað varðar áfengi og tóbak og ekki síst fíkniefni hvers konar. Reyndar er það svo að þeir sem nota fíkniefni eru ekki líklegir til afreka í íþróttum og þess vegna er rétt að leggja á það áherslu að áfengi og íþróttir fara ekki saman. Þriðja heillaráðið fjallar einmitt um áfengi, en talið er að því lengur sem unglingar snerti ekki áfengi eigi þeir síður á hættu að verða fíkniefnavandanum að bráð.

Áfengisneysla hefur á síðari árum orðið almennri hér en áður var og það er víða sem ungs fólks er freistað með áfengi. Svokallaðar „vísindaferðir“ háskólanema virðast vera orðnar sjálfsagður hluti af náminu, og í sumum tilfellum væri réttara að kalla þær „áfengisferðir“, sem stundum verða fyrsta skrefið að áfengismeðferð. Fyrirtæki og stofnanir í samvinnu við nemendafélög ættu að sjá sóma sinn í því að halda þessum ferðum innan skynsamlegra marka.

Framundan eru prófkjör flokkanna, og þá hefur stundum borið við að ungu fólki sé smalað saman á vegum frambjóðenda og áfengi veitt ótæpilega. Núverandi og verðandi stjórnmálamenn eiga ekki að láta slíkt viðgangast, þótt þeir séu í hörðum slag um stuðning flokksmanna sinna til valda og áhrifa, því slíkt kemur alltaf í bakið á þeim, þótt síðar verði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu í VR við kjör fulltrúa á ársfund ASÍ 2006. Kjörnir verða 73 fulltrúar og 28 fulltrúar til vara.

Framboðslistar, ásamt meðmælum 100 fullgildra félagmanna VR, þurfa að hafa borist kjörstjórn á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, fyrir kl. 12 á hádegi föstudaginn 6. október næstkomandi.

Kjörstjórn.

Virðing
Réttlæti
VR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vondir bændur

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði í Fréttablaðinu í gær að „Ingibjörg Sólrún [Gísladóttir] hafði kvartað svolítið undan okkur og sagt að við værum vondir við sig“. Árekstur varð þar á milli eftir að Samfylkingin kynnti tillögur um verulega lækkun matarverðs. Áður hafði framkvæmdastjóri samtakanna margsagt í fréttum NFS Samfylkinguna vera að blekkja fólk. Tillögurnar væru „algjörlega fráleitar“ og hann vonaði „að þeir sem reyna mest að nota þessi meðöl uppskeri eftir því“. Það er spurning hvort íslenskum neytendum eða Ingibjörgu Sólrúnu svíði sárar undan hagsmunabaráttu bænda.



### Öflugur dekurdrengur

Dekurdrengjum vegnar víst ekki síður vel en öðrum þessa dagana. Nokkru áður en niðurstöður varnarviðræðna Íslands og Bandaríkjanna voru kynntar á þriðjudaginn lét Össur Skarphéðinsson þau orð falla á NFS um Albert Jónsson, sem fór fyrir íslensku sendinefndinni, að hann væri ekkert annað en „dekurdrengur Davíðs Oddssonar“ sem engum samningum hefði lokið fyrir íslensk stjórnvöld og niðurstaðan yrði „klúður“. Nú er niðurstaðan ljós. Skuldbinding Bandaríkjamanna til að verja landið er staðfest. „Skapist ógn á Íslandi munu Bandaríkin leggja til loftvarnir,“ segir aðstoðarvarnarmálaráðherrann í Mogganum í gær. Voru ummæli Össurar ekki bara tómt klúður?



### Pólitískir prestar

Prestar eru ekki hafnir yfir pólitísk þrætumál þeirra óvígðu. Í Fréttablaðinu í gær mátti lesa frétt um að séra Bjarni Karlsson í Laugarneskirkju felldi trúfræðslu kirkjunnar niður til að taka þátt í göngu Ómars Ragnarssonar. Bjarni er eiginmaður séra Jónu Hrannar Bolladóttur, sem hefur rætt um pólitík í R-listanum. Jóna Hrönn er systir séra Hildar Eirar Bolladóttur sem sagði við messu á sunnudag að kvíði og þrælslund við Mammon rækju fólk til framkvæmda við Kárahnjúka. Þetta eru pólitískir prestar í lagi.

bjorgvin@frettabladid.is

# Varnarsamstarf áfram



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Öryggi Íslands

Íslendingar og Bandaríkjamenn hafa náð samkomulagi um, að varnarsamstarf ríkjanna samkvæmt varnarsamningnum frá 1951 haldi áfram. Varnarliðið er að vísu horfið af Keflavíkurflugvelli, en við tekur hreyfanlegt samstarf eftir leynilegri áætlun. Bandaríkjamenn skuldbinda sig til að verja Ísland, ef á þarf að halda. Það smáatriði í hinu nýja samkomulagi, að Íslendingar fá í sinn hlut allar eigur varnarliðsins gegn því að hreinsa upp athafnasvæði þess, hefur vakið meiri umræður en það á skilið. Aðalatriðið er, hvort samkomulagið sé fullnægjandi til að tryggja öryggi okkar.

Svarið er hið sígilda: Já og nei. Það er já, af því að Íslendingar öðluðust eins víðtæka skuldbindingu Bandaríkjamanna á vörnum landsins og völ var á. Bandaríkin eru öflugasta herveldi heims. Ófá Evrópuríki myndu vilja fá sama skjól frá þeim og Ísland. Forystumenn okkar héldu vel á málum, jafnt í samningunum sjálfum sem opinberlega. Geir H. Haarde forsætisráðherra var mildur í tali, en málefnalegur. Hann vakti traust, þegar hann skýrði samkomulagið í sjónvarpi. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var að vanda fastur fyrir og skorinorður. Það er ekki aðeins Sjálfstæðisflokknum, heldur þjóðinni allri mikil gæfa, að þessir tveir menn skuli vinna vel saman. Ráðherrar Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir og Jón Sigurðsson, létu ekki heldur sitt eftir liggja. Auðvitað er það síðan fagnaðarefni, að svo friðvænlegt er í heiminum, að bandarískur her skuli hverfa héðan. Her er jafnan ill nauðsyn.

Þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949, var kveðið á um það, að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Því miður geisaði kalt stríð fram að hruni Ráðstjórnarríkjanna haustið 1991, og síðan voru nokkrar viðsjár í heiminum, svo að ekki þótti tímabært að kalla herinn burt fyrr en nú, þótt Bandaríkjamenn hafi fyrir löngu tekið að ókyrrast. Svokallaðir herstöðvaandstæðingar héldu því hins vegar fram, að tal ráðamanna um að tryggja öryggi landsins væri blekking. Tilgangur Stefáns Jóhanns Stefánssonar, Ólafs Thors, Eysteins Jónssonar, Bjarna Benediktssonar og annarra stuðningsmanna aðildar að Atlantshafsbandalaginu væri að svíkja Ísland undir hið vestræna risaveldi. Bandaríkin hygðust hremma landið. „Hægt er að festast, bágt mun úr að víkja,“ orti Jón Helgason 1951. Sagan sýndi, að slíkur áróður átti ekki við rök að styðjast.

*Hátt í annan tug íslenskra kommúnista hafði hlotið þjálfun í vopnaburði og undirróðri í Lenínskólanum og öðrum skæruliðabúðum í Rússlandi.*

Vegna langrar dvalar varnarliðsins hafa Íslendingar hins vegar ekki hugað nægilega að öryggi sínu inn á við, eins og sjá má af fróðlegri ritgerð dr. Þórs Whiteheads prófessors í nýjasta hefti Þjóðmála. Lýsing hans á öryggisgæslu á vegum lögreglunnar hefur vakið mesta athygli. Hitt varð mér meira umhugsunarefni, hversu lítils íslenskt ríkisvald mátti sín löngum gegn skipulögðum ofbeldishópum. Hátt í annan tug íslenskra kommúnista hafði hlotið þjálfun í vopnaburði og undirróðri í Lenínskólanum og öðrum skæruliðabúðum í Rússlandi. Í Gúttóslagnum 1932 beið lögreglan beinlínis ósigur, og lágu tveir þriðju liðsins óvígir eftir. Í óeirðunum við Alþingishúsið 1949 réð úrslitum, að lögreglan átti táragas og hafði á að skipa fjölmennu varaliði. Það var mesta mildi, að enginn skyldi falla í þessum bardögum, en nokkrir lögregluþjónar hlutu ævilöng örkuml. Einnig verður að hafa í huga, að í Sósíalistaflokknum störfuðu menn, sem höfðu náin tengsl við eitt blóðugasta og grimmasta alræðisríki sögunnar.

En svarið við spurningunni um, hvort samkomulagið sé fullnægjandi, er líka nei, því að nú hljóta Íslendingar að huga betur að öryggi sínu í stað þess að setja allt sitt traust á Bandaríkjamenn. Eiga flugvellir landsins, hafnir og aðrar aðkomuleiðir allt að vera galopið og óvarið eins og var fyrir 1951? Ófriðarhættan hefur breyst og minnkað, en ekki horfið. Hún er ekki lengur af kjarnorkustríði risavelda, heldur af skyndiáhlaupum hryðjuverkasveita og starfsemi alþjóðlegra glæpahringja. Hún er ekki af því, að eitthvert alræðisríki hernemi landið, heldur af nýju Tyrkjaráni. Sérfræðingar Evrópusambandsins ráðleggja okkur að stofna eigin öryggisgæslu. Einnig blasir við, að eitthvert varalið þarf jafnan að vera tiltækt í landinu. Að öllu þessu ber að huga á næstunni, og þá skiptir máli, að jafntraustir menn og Geir H. Haarde og Björn Bjarnason leggi á ráðin. Varnarsamstarf okkar við Bandaríkin í 55 ár hefur reynst vel, og hið nýja samkomulag veitir fyrirheit um, að það geti haldið áfram og jafnvel aukist og batnað.

# Haftastefna í landbúnaði

**Umræðan**

Aukin hagsæld almennings



BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Fyrir tæpu ári gaf RSE út rit eftir Tryggva Þór Herbertsson prófessor og Halldór Benjamín Þorbergsson hagfræðing þar sem þeir lögðu til að Íslendingar felldu niður öll höft, tolla, innflutningskvóta og aðrar sértækar verndaraðgerðir í landbúnaði. Í ritinu var rökstutt að breytingarnar stuðluðu að aukinni velmegun alls almennings á Íslandi til lengri tíma litið, óháð því hvað aðrar þjóðir gerðu.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að hagkvæmast sé nýta takmarkaðar auðlindir þar sem mest verðmæti skapast. Annars er auðlindunum sóað; mannauði, fjármagni og náttúru. Möguleikar á góðum lífskjörum eru líka augljóslega meiri þar sem atvinnugreinar skila arði hjálparlaust heldur en þar sem þær þrífast ekki án ríkisstyrkja. Þá er jafnljóst að tollar, gjöld og innflutningshindranir hækka verð á vörum og draga úr vöruúrvali eins og að opinber útgjöld hækka skatta.

Þjóðum sem búa við frjáls alþjóðaviðskipti farnast almennt betur en þeim sem búa við haftastefnu. Fólk bregst við samkeppni með sérhæfingu í því sem það gerir vel. Samkeppnisyfirburðirnir geta legið í hæfni til að bjóða ódýrari kosti, í því að auka virði einhvers meira en aðrir eða annarri sérstöðu. Í riti Tryggva Þórs og Halldórs Benjamíns er svo gerð grein fyrir því hvernig sérhæfing í opnu hagkerfi leiði til lægra vöruverðs, meira vöruúrvals og hærri launa.

Nýlegar tillögur Samfylkingarinnar í landbúnaðarmálum virðast byggja á sambærilegum hugmyndum þeim sem settar voru fram í ritinu. Þeir sem eru sammála hugmyndunum hljóta að fagna framtakinu, jafnvel þótt áhöld séu um nákvæmar útfærslur.

Sjálfsagt yrðu breytingar á íslensku landbúnaðarkerfi einhverjum erfiðar. Á fleira verður bara að líta. Svo sem tap almennings vegna glataðra tækifæra, þar sem auðlindum er sóað, og af því að greiða hærra vöruverð og hærri skatta. Loks verður að hafa trú á íslenskum landbúnaði; hvers vegna gætu íslensk fyrirtæki ekki framleitt og markaðssett landbúnaðarafurðir sem nytu sérstöðu og yrðu eftirsóttar á alþjóðlegum markaði?

Haftastefna í atvinnustarfsemi er sérstaklega varhugaverð á Íslandi. Höft minnka fámenna eyþjóð á meðan atvinnufrelsi skapar henni tækifæri til að stækka.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE).*



...fyrir góðan dag!
Bónustilboðin klár!
Sjáðu verðið!
Fersk nýslátruð lambalæri
FERSKT LÆRI KÍLÓVERÐ NÚ:
975 KR.
Merkt verð 1299KR.
25% afsláttur við kassann
BEINLAUS íslenskur lax
norðanfiskur
ÍSLENSKIR LAXABITAR kílóverð nú:
999 KR.
BEINLAUSIR
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
Kjúklinga bringur frosnar danskar 900g
Bragð sem allir elska!
ÁN SALTS ÁN MSG
POTTAGALDRAR
LAMBALÆRI
30% afsláttur við kassann
LAMBALÆRI PG kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
Egils Gull
EGILS GULL
49 KR.
500g
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!


BÓNUS
Ekkert bruðl!
EKKERT BRUÐL
EUROSHOPPER TELJÓS
179 KR.
100 STK.
100 teljós
Haustljósið
BOLSÍUS ILMKERTI
259 KR.
USA DREAMS ILMKERTIN
399 KR.
USA Dreams ilmkertin
1 KÍLÓ
26 sneiðar
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
20% afsláttur við kassann
Smjörvi 300g
139 KR.
SNEIDDUR 17%
kílóverð nú:
930 KR.
Merkt verð 1163KR.
BÓNUS EPLAKAKA
198 KR.
400g
Bónus eplakaka
Rúsínur 250g
RÚSÍNUR 250g
49 KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 1. október eða á meðan birgðir endast



**KANNTU SPELT-BRAUÐ AÐ BAKA**
Mikjálsbrauð Guðmundar í Brauðhúsinu
MATUR 2

**KÍNVERSKT LOSTÆTI**
Dim sum-soðkökur, þykja hreinasta lostæti
MATUR 5





## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Nóatún** býður viðskiptavinum sínum nú upp á heita rétti til að taka með heim í hádeginu eða á kvöldin. Úrvalið er fjölbreytt og hægt er að velja um ýmsa heilsu-, kjöt-, fisk-, pasta- og núðlurétti.

**Te og kaffi** hefur sett þrjár nýjar kaffitegundir í 400 gr umbúðum á markað. Tegundirnar eru Java Mocca, Columbia Santos og Espresso Roma en kaffið fæst bæði malað og ómalað.

**15** prósenta afsláttur er nú af nýjum vörum í versluninni Mira art húsgögn í Bæjarlind. Í versluninni má einnig fá valdar eldri vörur með 40-60 prósenta afslætti.

**30** prósenta afsláttur er á öllum vörum í Dressmann fram á sunnudag.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 29. september, 272. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.31 | 13.18 | 19.04 |
| Akureyri | 7.16 | 13.03 | 18.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Klara Sigurbjörnsdóttir rekur kaffistofuna Lóuhreiður í Kjörgarði en þar er viðskiptavinahópurinn fjölbreyttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allt heimatilbúið

***Kaffistofan Lóuhreiður er sérstakt kaffihús í gamla Kjörgarði***

Í gamla Kjörgarði er rekinn kaffistofan Lóuhreiður. Klara Sigurbjörnsdóttir hefur rekið kaffistofuna í fimm ár og segir kúnnahópinn margbreytilegan þó flestir sem þangað koma séu þrjátíu ára eða eldri. „Svo kemur mikið af mæðrum hingað með börnin sín enda er Lóuhreiðrið eitt af fáum kaffihúsum í borginni þar sem hægt er að keyra vagninn beint inn. Svo eru hérna svalir sem vagnarnir geta staðið á meðan börnin sofa. Fyrir utan það er reyklausa svæðið mjög stórt og afmarkað. Hingað koma reyndar alls konar hópar. Til dæmis kemur reglulega hópur af konum sem spila þá gjarnan við hver aðra. Kaupa sér smörrebröd og bjór með,“ segir Klara og bætir við að margir sitji bara með kaffið sitt og lesi.

„Þetta er svolítið öðruvísi kaffihús. Hér eru til dæmis engar „fansí“ innréttingar, allt er heimatilbúið, allar kökur bakaðar á staðnum og maturinn mjög heimilislegur. Bökurnar gerum við til dæmis alveg frá grunni en baka með salati og te eða kaffi á eftir kostar 900 krónur. Við bjóðum líka upp á heitan heimilsmat á borð við steikta ýsu og íslenska kjötsúpu í hádeginu.“ Klara gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift af góðum fiskrétti sem birt er innar í blaðinu. Um uppskriftina segir Klara að hún hafi eiginlega sprottið úr hennar eigin huga.

„Ég elda mikið fyrir fólk sem hugsar um hollustuna. Til dæmis fólk sem er á danska kúrnum, fólk sem er með hveitióþol eða eitthvað í þeim dúr. Við karlinn minn reynum líka að halda í hollustuna. Borðum fisk fjórum sinnum í viku og mikið grænmeti með. Þetta kallar á að maður þarf að virkja sköpunarkraftinn til að finnast maður ekki alltaf vera að borða það sama.“ Auk fiskréttarins gefur Klara uppskrift að marengstertu sem hefur um árabil verið einn vinsælasti rétturinn á Lóuhreiðrinu og þetta er í fyrsta sinn sem leyndardómi þeirrar ljúffengu tertu er ljóstrað upp.

Uppskriftir Klöru er að finna á síðu 3.

*mhg@frettabladid.is*

## Ostaveisla

ÍSLENSK OSTAFRAMLEIÐSLA VERÐUR KYNNT Á OSTADÖGUM 2006 Í VETRARGARÐINUM Í SMÁRALIND UM HELGINA.

Það er á laugardag klukkan ellefu sem opnað verður inn í Vetrargarðinn þar sem íslenskir ostaframleiðendur munu kitla bragðlauka gesta. Nýjungar verða kynntar og má nefna Delfi sem er nýr smurostur frá MS Blönduósi, gottamysing frá Norðurmjólk og nýja súkkulaðiostaköku og jalapeño-ost frá Osta- og smjörsölunni. Auk þess verður fjölmargt fleira á boðstólum sem vert er að skoða og smakka.



Ostar eru sannkallað góðgæti. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**Graskersfræ** eru ákaflega holl og það sem er enn betra er að þau eru rosalega bragðgóð. Þau passa vel með hvers kyns salati og einnig með kjúklingi.



Sérfræðingar í saltfiski

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is




# Erkienglabrauð úr spelti

***Sumir halda að það sé erfitt að baka brauð, hvað þá speltbrauð. Guðmundur Guðfinnsson bakari segir að svo sé ekki.***

Guðmundur hefur, ásamt bróður sínum Sigfúsi, bakað súrdeigsbrauð frá árinu 1990 en níu árum síðar var Brauðhúsinu í Grímsbæ breytt í lífrænt bakarí og þá var byrjað að baka úr spelti. „Vinsældir speltbrauðs aukast stöðugt og ég held að ástæðan fyrir því sé einfaldlega aukinn áhugi fólks á lífrænni matvöru,“ segir Guðmundur. „Svo eru líka margir sem þola illa hveiti en speltið virðist ekki hafa sömu áhrif. Spelt er gömul korntegund sem var eiginlega hætt að rækta vegna þess að hún óx hægar og margs konar áburður virkaði ekki á það. En svo var þetta enduruppgötvað fyrir nokkrum árum með góðum árangri.“



Guðmundur Guðfinnsson með dýrindis speltbrauð að hætti Brauðhússins í Grímsbæ, en hann hefur rekið lífrænt bakarí í sjö ár.

Guðmundur segir það ekki erfitt að baka úr spelti og súrdeigi. „Það er reyndar svolítið flóknara að vinna með súrdeig en ger, þar sem ferlið er lengra. Það þarf að undirbúa þetta daginn áður og svo þarf að laga deigið og baka næsta dag. Svona bakstur er alveg viðráðanlegur og það er gaman þegar það heppnast, sem það á náttúrlega að gera. En ferlið er lengra, því er ekki að neita,“ segir Guðmundur, sem gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að mjög girnilegu brauði sem hann kallar Mikjálsbrauð. „Þetta er ný uppskrift frá Brauðhúsinu. Nafnið er í tilefni af Mikjálsmessu, sem er 29. september, eða í dag. Mikjáll erkiengill blæs mönnum í brjóst kjark til að hugsa, ákvarða og höndla frelsi. Það er mikilvægur innblástur þegar því er haldið að mönnum að valið sé þvingað, með eða á móti, stóriðja eða ullarsokkar.“



## Mikjálsbrauð

**Að kvöldi:**
1 msk. súrdeig
(fæst í Brauðhúsinu í Grímsbæ)
350 g rúgmjöl (má vera speltmjöl)
4 dl vatn (35° C)

Blanda í skál, leggja lok yfir og láta standa á hlýjum stað í u.þ.b. 12-16 tíma.

**Að morgni:**
Bæta við :
350 g speltmjöl
300 g sigtað speltmjöl
150 g rifnar lífrænt ræktaðar gulrætur
100 g sólblómafræ
1 msk salt
2,5 dl vatn (40–50° C)

Hnoða vel, breiða yfir, láta hefast í 40 mín, skipta deiginu í 2-3 brauð, hnoða og setja á plötu.
Pensla með vatni og strá sólblómafræi yfir.
Láta lyftast undir dúk í um 30 mín.
Bakist við 230-250° C í um 40-50 mín.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Paella

Paella er dæmigerður „afgangamatur“ eða spænsk naglasúpa sem í er notað sitt lítið af hverju góðgætinu þannig að útkoman verður fyrirtaks veisla. Hér er glæsipaella fyrir vinahópinn að gæða sér á á föstudagskvöldi.

**2 gulrætur (skornar í sneiðar)**
**1 skalotlaukur (saxaður smátt)**
**2 geirar af hvítlauk (saxaður smátt)**
**1 rauður laukur (skorinn í fleyga)**
**2 msk. ólífuolía**
**350g arborio hrísgrjón**
**200 g kjúklingalundir (skornar í bita)**
**200 g roðlaus og beinlaus lax (skorinn í bita)**
**1 1/2 l kjúklingasoð**
**klípa af saffranþráðum**
**200 g kræklingur**
**4-5 humrar**
**1-2 grænkálsblöð (söxuð smátt)**

1. Skolið hrísgrjónin vandlega og látið vatnið renna vel af þeim. Útbúið kjúklingasoð úr sjóðandi vatni og kjúklingakrafti. Látið saffranþræðina út í soðið.

2. Hitið olíu á pönnu og steikið allan laukinn þar til hann verður glær og linur. Setjið svo gulræturnar í pönnuna ásamt hrísgrjónunum og kjúklingabitunum og steikið allt saman í 1-2 mínútur.



3. Hellið kjúklingasoðinu í nokkrum skömmtum út á pönnuna og látið vökvann sjóða rólega burt við miðlungs hita í hvert sinn.

4. Þegar hrísgrjónin eru því næst sem soðin, raðið þá laxabitunum, kræklingnum og humarnum ofan á hrísgrjónin. Saltið og piprið, stráið söxuðu grænkáli yfir. Kreistið safann úr 1/2 sítrónu yfir réttinn áður en lokið er sett á pönnuna og hún látin standa á vægum hita í 10–12 mínútur eða þangað til fiskurinn er soðinn í gegn.

Borðið með salati og ciabatta-sneiðum sem hafa verið smurðar með smjöri og glóðaðar í ofni.

## Sitthvað um spelt




Spelt (Triticum spelta) er sérstök korntegund, en af sömu ættkvísl og hveiti. Það býr yfir ýmsum eiginleikum sem gerir það verulega frábrugðið hveitikorni.

Speltkornið losnar ekki frá hisminu við þreskingu eins og hveiti, sem gerir það erfiðara í allri meðhöndlun og þar með dýrara. Kostirnir eru m.a. að hismið veitir ákveðna vörn gegn óæskilegum umhverfisáhrifum.

Í speltinu er næringin dreifð um allt kornið en í samanburði er mjölkjarninn í hveiti fremur steinefna-snauður. Því er sigtað speltmjöl mun heppilegri kostur en hvítt hveiti.

Spelt inniheldur mikið prótein og þar af nokkuð af glúteni. En margir sem eru viðkvæmir fyrir hveiti-glúteni virðast þola speltið ágætlega.

Speltmjöl og sigtað spelt er hægt að nota í staðinn fyrir heilhveiti og hveitimjöl í flestum uppskriftum.

Madonna Ristorante

Þriggja rétta matseðill

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir þrírétt |
|---|---|---|
| Okkar rómaða humarsúpa | 990 | |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| Kjúklingabringa „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| Lambafillet með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| Nautalundir með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| Súkkulaðifrauð | 790 | |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

## uppskriftir Klöru }





Skötuselur í teryaki- og lime-sósu að hætti Klöru í Lóuhreiðrinu.

## Skötuselur í teryaki

800 g skötuselur eða annar fiskur
1/2 dl teryaki-sósa og 1/2 dl sojasósa
3-4 hvítlauksrif
1 1/2 msk. saxað ferskt engifer
lime
baby gulrætur
brokkolí
steinselja
rauðlaukur
snjóbaunir
rautt chili

Hreinsið og skerið skötusel í litla bita. Látið liggja í legi með safanum úr lime ávextinum, teryaki, sojasósu, engifer og hvítlauk í a.m.k. klukkustund. Snögg-steikið fiskinn á pönnu og takið til hliðar. Steikið allt grænmetið í leginum af fiskinum og byrjið þá á því grænmeti sem tekur mestan tíma eins og gulræturnar og brokkóli. Raðið fisknum ofan á og látið hitna í 3 mínútur á pönnu. Berið fram með salati og hrísgrjónum.



## Marengsterta lóunnar

5 eggjahvítur
400 g púðursykur

Stífþeytið í fimmtán til tuttugu mínútur og bætið kúfaðri teskeið af lyftidufti út á í restina.
Sett í tvö hringlaga form og bakað á 100 gráðum í 3 1/2 klukkustund. Slökkvið á ofninum og látið kökuna kólna þar inni.

Á milli er settur hálfur lítri af rjóma með súkkulaðispæni. Rjómi ofan á og ávextir eða annað skraut að eigin vali.





# Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



# Villibráðin gulls ígildi

***Haustið er tíminn þegar veiðimenn halda til á heiðum uppi að fanga villibráð, svo sem gæs og hreindýr. Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, er útfarinn í að matreiða slíkt eðalhráefni.***

„Bestu villibráðarréttirnir eru einfaldir og bragðgóðir réttir, gerðir úr besta mögulega hráefni hverju sinni,“ segir Bjarni Gunnar og lýkur miklu lofsorði á íslensku veiðidýrin. „Íslensku villibráðina skal meðhöndla með virðingu, gefa sér góðan tíma í eldamennsku og hafa gaman af.“

Bjarni Gunnar lét ekki sitja við orðin tóm heldur eldaði af mikilli list fyrir okkur tvo rétti úr villibráð og setti punktinn yfir i-ið með gómsætum eftirrétti. Hann segir réttina einfalda og henta vel í veislur eða sem rétti á rómantískri kvöldstund. „Best er samt að ætla sér ekki of mikið, þá er betra að fara á veitingahús og láta fagmenn matreiða ofan í sig og slappa af,“ bendir hann á kankvís.

Einn einfaldasti og kannski besti villibráðarforrétturinn er carpaccio, að sögn Bjarna Gunnars. Hann fer þá leið að marinera kjötið upp úr kryddlegi þannig að það verði grafið. Þannig segir hann það falla betur að smekk íslenskra matargesta.

## Hreindýra-carpaccio með peruhlaupi og fersku salati

Fyrir: 4-6

100 g hreindýravöðvi eða hreinsuð gæsabringa
Marinering:
5 einiber
5 g þurrkaðir villisveppir malaðir í kaffikvörn
20 ml brandý
20 ml hlynsýróp
maldon-sjávarsalt og fersk malaður pipar

Vöðvinn er fitu- og sinahreinsaður og lagður í marineringuna í 1 sólarhring. Carpaccio er marinerað hrátt kjöt og þarf því að vera þunnskorið. Gott er að leggja kjötið á milli tveggja smjörpappírslaga, draga fram kökukeflið og jafna sneiðarnar út. Leggja það því næst á disk og bera fram með salati og peruhlaupi. Ef hátíð er í bæ er gott að framreiða líka franska foie gras (andalifur) með sem hægt er að fá í stórmörkuðum.

**PERUHLAUP:**
150 g perusafi eða perumauk
20 g sykur
10 g matarlím
blandað salat

**STEINSELJURÓTARMAUK**
100 g steinseljurót
50 ml mjólk
30 ml rjómi
salt eftir smekk

Steinseljurótin er skræld og skorin í sneiðar, svo er hún soðin í rjóma blandinu í ca 1 klst. eða þar til hún er orðin mjúk, þá er hún unnin í matvinnsluvél, krydduð til og framreidd með hreindýrinu.





## Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju

400 g dökkt súkkulaði
80 g eggjarauður
380 g eggjahvíta
100 g sykur
70 g smjör
60 g hveiti

Bræðið súkkulaði í 50/55° C, bætið í smjöri og þeytið eggjahvíturnar með sykrinum rólega þar til þær eru meðalstífar. Bætið litlum hluta af eggjahvítunum og eggjarauðunum við súkkulaðiblönduna. Hrærið vel. Bætið svo hveiti og eggjahvítum við. Blandan á að falla aðeins.
Síðan er hún sett í sprautupoka og í bolla eða í stálhring með fyllingunni í miðjunni.

## Mjúk súkkulaðimiðja (fylling)

250 g mjólkursúkkulaði
250 g rjómi
20 g sykur
12 g maizena-mjöl

**ADFERÐ:**
Eldið rjómann með maizena og sykri í potti í ca. fimm mínútur eða þar til grunnurinn þykkist. Bætið súkkulaðinu í, hrærið vel og kælið. Hnoðið kúlur úr súkkulaðinu og setjið inn í miðjuna á kreminu í bolla eða í litlum stálhringjum (með smjörpappír). Bakið við 180 í 11 mínútur. Látið standa í fimm mínútur og framreiðið með jarðarberjum og vanilluís.
Þessi eftirréttur getur verið frosinn. Þá er hægt að henda honum inn í ofn með 15 mínútna fyrirvara.






allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## Hreindýr með rauðrófugratíni og súkkulaðisósu

800 g hreindýravöðvi úr læri
súkkulaðisósa
2 stk. skalottlaukur
1 msk. ólífuolía
5 einiber
2 greinar garðablóðberg
1 msk. hindberjaedik
250 ml rauðvín
50 g smjör
1/2 l nautasoð (vatn og kraftur)
10 g súkkulaði

Laukurinn er léttsteiktur í ólífuolíunni ásamt kryddi, svo er rauðvíni og ediki bætt í og vínið soðið niður um helming. Þá er soði bætt í og aftur er soðið niður um helming, rétt fyrir framreiðslu er köldu smjöri og súkkulaði hrært í og sósan krydduð til með salti og pipar eftir smekk (eftir að smjörið kemur í má sósan ekki sjóða).

**RAUÐRÓFU- OG KARTÖFLUGRATÍN**
200 g rauðrófur
200 g kartöflur
2 greinar garðablóðberg
1 stilkur rósmarin
1 rif hvítlaukur
300 ml rjómi
4 sneiðar ristað brauð

Þetta er útgáfa af kartöflugratíni sem flestir þekkja en þá er kartöflur notaðar eingöngu. Í þessu tilfelli eru rauðrófur og kartöflur sneiddar fínt og lagðar í ofnfast fat ásamt rjóma sem búið er að krydda með hvítlauk og fínt söxuðum kryddjurtunum, Bakað í ofni við 150° C í 1 klst. eða þar til kartöflurnar eru mjúkar, gott er að laga daginn áður og kæla yfir nótt, þá er hægt að stinga kartöflurnar með útstúngunar hring og velgja upp í ofni. Gott er að setja kartöflugratínið á útstungið ristað brauð, þá fæst stökk áferð undir mjúkar kartöflurnar.




Hefðbundinn kínverskur heilsumatur fyrir tvo.

## Dim sum
**(FYRIR TVO)**

**DEIG**
Blandið saman hveiti og vatni eftir þörfum og búið til 20 lófastórar, örþunnar skífur. Veltið deiginu upp úr sesamfræjum og gufusjóðið síðan, sjóðið í heitu vatni eða steikið á pönnu.

**FYLLING**
saxaðar rækjur (1 1/2 bolli)
1 egg
2 stk. saxaðir kínverskir þurrkaðir sveppir (látnir liggja í eina klst. í vatni áður en þeir eru skornir niður)
2 msk. saxaður púrrulaukur
1 tsk. engifer
½ tsk. hvítt piparduft
hrærið öllu saman með 2 msk. af sojasósu og 1 tsk. af sesamolíu
nokkrir dropar af matarvíni
½ tsk. salt

Athugið að hægt er að nota svína-, nauta- eða lambahakk eða ýmiss konar grænmeti í stað rækja. Setjið u.þ.b. 1 matskeið af þessu á hverja skífu og lokið fyrir.

**SÓSA**
5 msk. af edik
1 msk. sesamolía
1 tsk. hunang
nokkrir dropar af rauðvíni (má sleppa)

Hægt er að bæta chili-dufti við sósuna til að gera hana bragðsterkari.


Dong Qing Guan segir lítið mál að útbúa gott dim sum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kínverskt lostæti

***Sushi hefur um árabil notið mikilla vinsælda á Vesturlöndum. Nýjasta æðið úr austri er hins vegar dim sum, kínverskar soðkökur, sem þykja hreinasta ljúfmeti.***

Dim sum er samheiti yfir fjölda kínverskra smárétta, sem löng hefð er fyrir að neyta í Kína en heitið merkir „litla hjarta“. Kínverjar borða dim sum í aðalmáltíð og á milli rétta, hvenær sem er dagsins.

Misjafnt er hvers konar fylling er notuð í dim sum, allt frá grænmeti upp í kjöt, eða allt eftir smekk hvers og eins. Hver réttur hefur síðan eigið heiti háð hráefninu sem notað er í þá. Vorrúllur nefnast til dæmis chun kuen, grillaðar bollur með svínakjöti kallast cha siu bao, kjöt í hrísgrjónadeigi er shiu mai og svo mætti lengi telja.

Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans, var svo vinsamleg að útbúa tvo ljúffenga dim sum-rétti fyrir lesendur, annars vegar shaomai (gufusoðnar soðkökur) og hins vegar hundun (soðkökusúpa) og lét uppskriftir fylgja. Meginmunurinn á þessum tveimur réttum er hvernig þeir eru hitaðir og bornir fram.

Eins og Qing er von og vísa er hollustan höfð í fyrirrúmi við matseldina. *roald@frettabladid.is*


Hundun (soðkökusúpa). Látið hitna í 3-5 mínútur í vatni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Shaomai. Gufusjóðið í 5 mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# Brunaði í Hlíðasmárann

***Indverski veitingastaðurinn Austurlandahraðlestin er ekki lengur bara á Hverfisgötunni í Reykjavík heldur hefur líka brunað í Kópavoginn. Þar er hann að Hlíðasmára 8.***



Huggulegur salur Austurlandahraðlestarinnar í Hlíðasmára. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Taktu með þér heim“ er kjörorð Austurlandahraðlestarinnar, bæði á Hverfisgötunni og hinum nýja stað, Hlíðasmára 9. Þó er líka hægt að borða á staðnum og í Hlíðasmáranum eru borð og stólar í hefðbundinni hæð en á Hverfisgötunni eru háborð og sæti í stíl. Þarna er maturinn búinn til af indverskum matreiðslumeisturum sem komnir eru hingað til lands gagngert til að starfa við sitt fag. Kjúklingur og lamb eru kjöttegundirnar sem eldað er úr en grænmetið er líka mikið notað í réttina. „Fyrir þá sem vilja kjöt er mest úrval af kjúklingaréttum,“ upplýsir Gunnar Gunnarsson, eigandi Austurlandahraðlestarinnar. „Við erum með sama matseðil á báðum stöðum á kvöldin en verðum líka með opið í Hlíðasmáranum í hádeginu og þar verður boðið upp á skjóta afgreiðslu. Við erum með rétt dagsins sem á Indlandi er kallaður Tali og er mjög algengur hádegisverður þar. Hann er framreiddur á einum diski og þá er allt meðlæti, svo sem hrísgrjón og brauð og sósur, á þeim diski líka.“ Þess má geta að þeir sem koma á staðinn til að snæða eiga kost á að kaupa léttvín og bjór með matnum.



Þátttakendur koma með kaffivélar að heiman til að læra að búa til gott kaffi á þær.

## Að laga gott espresso-kaffi

KAFFIBARÞJÓNAR TE & KAFFIS KENNA LÖGUN Á KAFFI.

Sæmundur fróði stendur í samvinnu við Te&kaffi fyrir námskeiði í kaffigerð hinn 9. október. Halldór Guðmundsson, brennslumeistari og baristi hjá Te&kaffi, verður kennari á námskeiðinu sem stendur yfir í þrjár klukkustundir frá 19.00 til 22.00. Þátttakendur koma með kaffivélar að heiman og læra réttu handtökin við að laga kaffi úr góðu hráefni. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Te&kaffis í Stapahrauni 2 í Hafnarfirði. Námskeiðsgjald er 4.900 krónur og er námskeiðið opið öllum áhugasömum.
Nánari upplýstingar fást á www.sfrodi.is

## Skólagúrka

KOMIN ER Á MARKAÐ NÝ TEGUND GÚRKU, SKÓLAGÚRKA.

Um smágúrkuafbrigði er að ræða en það er seinvaxið og fær meiri tíma til að þroskast á plöntunni. Fyrir vikið eru þær bragðmeiri og oft sætari en venjulegar gúrkur þegar þær eru tíndar fullþroskaðar af plöntunni.

Nafnið skólagúrka er til komið vegna þess að íslenskir garðyrkjubændur vilja meina að krökkum finnist skemmtielgt að borða litlar gúrkur og gott sé að grípa þær með í nesti. - tg




The Monkey Coffee
(One of The Best Coffee in the World)

Apakaffið er lífrænt ræktað úrvalskaffi úr Arabicabaunum frá eldfjallahlíðum Panama (um 1900 metra yfir sjávarmáli). Uppskeran er sérvalin og aðeins lítið magn er brennt í hvert sinn til að tryggja ferskleika. Stofn hettuapa býr í skóginum við búgarðinn og nýtur verndar bændanna.

Apakaffið var valið besta lífrænt ræktaða (ecological) kaffið í heiminum árið 2005 (Seattle, Washington USA 2005).

Apakaffið lenti í öðru sæti sem eitt sérstæðasta kaffið í heiminum árið 2006 (Charlotte, North Carolina USA, apríl 2006).

Síðastliðin fimm ár (2001-2006) hefur apakaffið verið valið ein af þremur bestu kaffitegundunum á alþjóðlegu kaffismökkunarsýningunni sem haldin er í Panama í apríl ár hvert.




Hettuapinn
(Cebus Capucinus)
Hettuapinn heldur til á kaffiekrum okkar á eldfjallasvæðinu í Paso Ancho. Hár hans er ljóst á öxlum og hluta höfuðsins en nafn hans er dregið af svörtu munkahettunni á kollinum. Honum líður best í hitabeltistrjánum. Ávextir kryddaðir ýmsum smádýrum eru eftirlætisrétturinn en á haustin borðar hann kaffibaunir. Hettuapinn hjálpar vexti og viðgangi skógarins með því að dreifa fræjum kaffitrjánna og annarra plantna. Ef hettuapanum er ógnað sveiflar hann sér milli trjánna og hristir greinarnar. Náttúrulegir óvinir hettuapans eru ránfuglar og kyrkislöngur.

Hettuapinn er bráðgáfuð skepna. Hann er fljótur að læra og verða bændurnir að gæta þess að skjóta ekki úr byssum í návist hans því dæmi eru um að aparnir hafi skotið á húsbændur sína eftir að hafa apað eftir þeim skotfimina.

90,75 stig

Búgarðurinn okkar, Carmen-býlið, hefur hlotið viðurkenninguna „ECO-OK“ frá samtökum um vernd regnskóga í New York. Kaffið er ræktað í forsælu trjánna í Paso Ancho-dalnum í hlíðum Baru-eldfjallsins. Dökkur og gljúpur eldfjallajarðvegurinn skapar kjöraðstæður fyrir ræktun okkar afbrigðis af Arabica-baununum.

Forsæluræktað kaffi (Shade Grown Coffee) hefur yfir sér blómaangan og er milt á bragðið.

Útsölustaðir: m.a. Hagkaup, Nótatún, Samkaup-Úrval, Fjarðarkaup og Aðalkaup.



Mest lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005



Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

# Eldað úr afgöngum úr ísskápnum




*Á netinu er að finna vefsíðu sem útvegar þér uppskriftir. Þetta væri svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir það að þessi vefsíða segir þér ekki hvað þú átt að kaupa í uppskriftina, heldur gerir hún uppskriftir úr því sem er þegar til í ískápnum þínum.*

Vefsíða þessi heitir Cooking by numbers, eldað eftir númerum, og sá sem stendur á bak við hana er matgæðingur að nafni Tom Tuke-Hastings.

Á vefsíðunni er einfalt forrit sem gerir uppskriftir úr því sem þú átt fyrir í búri og ísskáp og þegar síðan er opnuð er boðið upp á valkosti af matvælum sem þú hakar við. Sem dæmi má nefna að eigir þú beikon, egg, epli, lauk og ost í ísskápnum og um leið og þú hefur hakað við þessa valkosti, þá setur forritið saman uppskriftir sem þú getur nýtt til að gera eitthvað gómsætt úr. Svo nú er bara að kíkja í ísskápinn, fara svo á netið og finna uppskrift að góðum rétti úr t.d. sveppum, appelsínum, salati og hunangi.

*mhg@frettabladid.is*


Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio·Bú

Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


## einn í mat }



Kjötbollur eru kostafæði og einfalt að elda þær.

### Kjötbollur með rabarbarasultu

EINS OG MAMMA GERÐI

Með síaukinni fjölbreytni í matarmenningu Íslendinga vill gamli góði maturinn sem mamma eldaði alltaf stundum gleymast.

Oft á tíðum er um auðvelda og ódýra rétti að ræða sem eru fullir af orku og næringarefnum. Hér á eftir fylgir uppskrift að kjötbollum upp á gamla mátann sem dugir fyrir einn í tvö mál, nú eða tvo í eitt mál ef þú vilt bjóða mömmu í mat.

Hráefni og áætlað verð*:
250 g kjöthakk (340 kr.)
1/2 laukur smátt saxaður (30 kr)
1 stk. egg (6 stk. á 196 kr.)

Til í skápnum:
3 msk. hveiti
2 msk. brauðrasp
1 msk. kartöflumjöl
1/2 glas af mjólk
1/2 tsk. kød & grill (eða eftir smekk)
1/2 tsk. hvítlauksduft (eða eftir smekk)
1/2 tsk. salt (eða eftir smekk)

Aðferð:
Hrærið öllu saman. Setjið ólífuolíu á pönnu og hitið. Mótið bollurnar með matskeið og steikið á báðum hliðum. Hellið svo 1/2 glasi af vatni á pönnuna og látið sjóða í 3-5 mínútur.

Tillaga að meðlæti:
Rabarbarasulta (250 kr.*)
Soðnar kartöflur
Brætt smjör
Soðið kál

*Algengt verð, ekki endilega það lægsta.*



Það er ekkert að því að setja heitan mat í ísskáp.

### Heitur matur beint í ísskáp

Sagan segir að ekki megi setja heitan mat beint inn í ísskáp heldur eigi að leyfa honum að kólna fyrst. Þetta er einfaldlega rangt.

Það er ekkert athugavert við það að setja heitan mat í kæli og þvert á móti gefur það bakteríum aukinn tíma að vinna á matnum ef hann fær að standa við stofuhita. Best er að koma matnum sem fyrst í kæli og skiptir þá engu máli um hvað er að ræða.


Ert þú dæmigerður Íslendingur?

*Þá innbyrðir þú 136 grömm af sykri á dag, en aðeins 1 gramm af hollum og góðum harðfiski eða bitafiski**




Snúðu við blaðinu og hafðu hollustu í hverjum bita!




**Gæðafiskur**
*Fæst í 10-11, Hagkaup og Skeljungsbúðunum*

**Gullfiskur**
*Fæst í Bónus*

NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN

*Miðað við innflutning á sykri árið 2005 og áætlaða heildarsölu á harðfiski á Íslandi á ársgrundvelli.

ESSEMM

# allt tilboð o.fl.

**55%** Fjarðarkaup á metið í afslætti þessa viku. Þar lækka perur úr 219 krónum kílóið í 98 krónur


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

**Allir á skauta**

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar





**FLOTTAR PEYSUR**

bianca

gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi

Sími 554 3533



**20% afsláttur**

af hreinsun gluggatjalda á meðan

*Haustdagar Mjóddarinnar*

standa yfir dagana

29.sept - 6.okt.



EFNALAUGIN BJÖRG

Álfabakka 12 s. 557 2400





*Dúnúlpur*
*Rúskinnsúlpur*
*Leðurjakkar*
*Vattkápur*
*Hattar - Húfur*
*Leðurhanskar*
*Ullarsjöl*
*Góð gjöf*

*Útsöluhorn*
*50% afsláttur*
*Góðar vörur*

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, Sími 588-5518

Opið virka daga frá kl. 10-18

og laugardaga frá kl. 10-16


**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus fersk kjúklingablanda | 979 | 1.259 | 979 | 20 |
| Ferskt ungnautahakk 8-12% feitt | 899 | 1.259 | 899 | 30 |
| Sjófryst ýsuflök roðlaus | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Steinbítur roð- og beinlaus | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Þorskbitar roð- og beinlausir | 595 | 699 | 595 | 15 |
| Rækja búhnykks 1 kg | 599 | 699 | 599 | 15 |
| Bónus kornbrauð 1 kg | 98 | 129 | 98 | 25 |
| Gouda-ostur 17% í sneiðum | 930 | 1.105 | 930 | 15 |
| Bónus fetaostur í gleri 250 g | 198 | Nýtt | 792 | |
| Euroshopper hvítlauksbrauð 2 stk. | 98 | Nýtt | 49 | |

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur af nýslátruðu úr kjötborði | 1.398 | 1.649 | 1.398 | 15 |
| Lambafille m/fitu úr kjötborði | 2.798 | 3.398 | 2.798 | 15 |
| Svínagúllas úr kjötborði | 1.098 | 1.549 | 1.098 | 30 |
| Holta kjúklingabringur magnpakkn. | 1.873 | 2.675 | 1.873 | 30 |
| Réttmeti grænmeti | 373 | 439 | 373 | 15 |
| Findus sweet & sour chicken | 438 | 548 | 438 | 20 |
| La baguette snittubrauð | 249 | 299 | 249 | 15 |

**KASKÓ** — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Campagna Sundried Tomatos | 119 | 239 | 119 | 50 |
| Campagna Pesto grænt 130 g | 95 | 199 | 730 | 50 |
| Campagna Pesto rautt 130 g | 95 | 199 | 730 | 50 |
| Campagna Spaghetti 500 g | 39 | 79 | 78 | 50 |
| Campagna Penne Rigate 500 | 42 | 85 | 84 | 50 |
| Campagna Fusilli 500 g | 42 | 85 | 84 | 50 |
| Campagna Farfalle 500 g | 44 | 89 | 88 | 50 |
| Campagna Pastas Caponata | 98 | 199 | 98 | 50 |
| Campagna Lasagna 500 g | 85 | 169 | 170 | 50 |
| Campagna ólívuolía Ex.Vir | 249 | 499 | 249 | 50 |

**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri frosið í poka | 899 | 1.165 | 899 | 25 |
| Reyktur svínahnakki sneiðar | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Ýsa.is roð- og beinlaus 800 g | 599 | 780 | 749 | 25 |
| Bayonne-skinka | 898 | 1.588 | 898 | 45 |
| Kjúklingalæri magnpk. 1 kg | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Blóðmör/lifrarpylsa ósoðin 4 stk. | 698 | 1,198 | 698 | 40 |
| Kjúklingur 1/1 kryddaður kg | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Grísasteik BBQ 1 kg | 1.049 | 1.498 | 1.049 | 30 |
| Krónubrauð stórt og gróft 770 g | 99 | 149 | 129 | 35 |
| 7-UP 2 l | 99 | 185 | 50 | 45 |

**nettó** — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Easy Oxi Action blettahreinsir 500 g | 115 | 229 | 330 | 50 |
| Easy taumýkir Jasmin 2 l | 99 | 199 | 99 | 50 |
| Easy taumýkir Kiwi&Aloa Vera 2 l | 99 | 199 | 50 | 50 |
| Easy Þvottaduft Aloa Vera 3,15 kg | 299 | 599 | 95 | 50 |
| Easy Þvottaduft 3in1 Summer 3,15 kg | 299 | 599 | 95 | 50 |
| Easy þvottaduft Oxi Action Complete 650 g | 99 | 199 | 152 | 50 |
| Easy klútar 12 stk.+50% | 95 | 189 | 5 | 50 |
| Easy uppþvottalögur Aloa Vera 500 ml+25% | 65 | 129 | 104 | 50 |
| Easy uppþvottalögur original 500 ml+25% | 65 | 129 | 104 | 50 |
| Easy uppþvottalögur sítrónu 500 ml+25% | 65 | 129 | 104 | 50 |

**NÓATÚN** — Tilboðin gilda til 1. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnauta innralæri | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Nóatúns kjötfars nýtt | 398 | 698 | 398 | 45 |
| Lambalæri kryddað | 998 | 1.598 | 998 | 40 |
| Lambalæri kryddað m/ferskum kryddjurtum | 1.398 | 1.798 | 1.398 | 20 |
| Lambagúllas í hvítlaukssósu | 1.398 | 1.998 | 1.398 | 30 |
| Tígrisrækja án skeljar | 1.698 | 2.998 | 1.698 | 45 |
| Ítalskt salami | 1.499 | 2.347 | 1.499 | 35 |
| Kjúklingabringur magnpk. | 1.999 | 2.679 | 1.999 | 25 |
| El Toro þurrverkaður nautavöðvi | 3.999 | 5.986 | 3.999 | 35 |
| Hörpuskel úr fiskborði | 2.498 | 4.498 | 2.498 | 45 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 4. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgarlamb kryddað | 1.439 | 1.799 | 1.439 | 20 |
| Saltkjöt blandað vac. | 689 | 866 | 689 | 20 |
| Saltkjöt ódýrt vac | 286 | 358 | 286 | 20 |
| Skólaskinka 165 g | 172 | 215 | 1.042 | 20 |
| Toro aspas súpa 54 g | 119 | 129 | 2.203 | 10 |
| Toro blómkálssúpa 65 g | 149 | 185 | 2.292 | 20 |
| Toro blómkál/brokkolisúpa 66 g | 129 | 139 | 1.955 | 5 |
| Toro blómkál/brokkolisúpa með osti 82 g | 139 | 157 | 1.695 | 10 |
| Toro skógarsveppasúpa 67 g | 149 | 162 | 2.224 | 10 |
| Tora sveppa/brokkoli súpa 55 g | 139 | 163 | 2.527 | 15 |
| Gevalia rauður 500 g | 379 | 459 | 758 | 25 |
| Capri sonne orange 10 stk. | 319 | 437 | 32 | 25 |
| Capri Sonne Apple 10 stk. | 319 | 437 | 32 | 25 |
| CT pizza 13 cm pepperoni 340 g | 399 | 499 | 1.174 | 20 |
| Frissi fríski 3 pack 250 ml | 129 | 159 | 172 | 20 |

**FJARÐARKAUP** ekki bara verð! — Tilboðin gilda til 30. september

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínakótilettur úr kjötborði | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Svínahnakki úrb. sneiðar úr kjötborði | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Kjúklingur 1/1 ferskur | 494 | 749 | 494 | 35 |
| Freschetta pizzur 400 g | 298 | 398 | 750 | 25 |
| Frosin ávaxtablanda 2.5 kg | 998 | 1.235 | 399 | 20 |
| Appelsínur | 98 | 129 | 98 | 24 |
| Perur | 98 | 219 | 98 | 55 |
| Pepsi max 2 l | 129 | 189 | 65 | 30 |
| Appelsín 2 l | 129 | 189 | 65 | 30 |

## Hraustleg hausttilboð

UM ÞESSAR MUNDIR ERU TILBOÐSDAGAR Í RAFTÆKJA-VERSLUN ÍSLANDS.

Úrval raftækja er hreint órúlegt. Ofnar, kæliskápar, tvöfaldir ísskápar, þurrkarar, plasmaskjár og svo mætti lengi telja áfram, frá virtum framleiðendum á borð við Daewoo og Elfunk. Þá er LG-myndasíminn Chocolate úr Rock Star Supernova-sjónvarpsþáttunum nú fáanlegur á einstöku verði. Það er um að gera að kíkja á úrvalið í Skútuvogi 1. Sjón er sögu ríkari. Opið er virka daga frá kl. 09:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-16:00. Hægt er að hafa samband í síma 5688660 eða senda póst á ri@ri.is. Sjá einnig www.ri.is



SPRENGJUHÖLLIN SLÆR Í GEGN • Leggja mikið upp úr útlitinu [14]


# SIRKUS

29. SEPTEMBER 2006


HAGKAUPSERFINGI OG STUÐMANNABARN – KÆRUSTUPAR [2]






**Dr. Mister**, Ívar Örn Kolbeinsson varð rokkstjarna á einni nóttu. Hann er tveggja barna **faðir**, fyrrverandi **dópsali** og **krimmi**.

# Ætla að djamma þar til ég drepst




## Bara diet kók



Sirkusinn kynntist heitasta gæjanum á Íslandi í dag í vikunni. Ívar Örn Kolbeinsson, betur þekktur sem Dr. Mister spjallaði við mig. Tónlistin sem þeir strákar búa til hefur heldur betur slegið í gegn og stemningin á tónleikum minnir á Bítlaæðið á sínum tíma. Sirkusinn er hins vegar ekki hrifinn af þeim lífsstíl sem Ívar fylgir. Ég vil að það sé á hreinu að Sirkus mælir á engan hátt með því að fólk noti fíkniefni. Ég held að Ívar gæti gert enn betri hluti ef hann tekur sig saman í andlitinu og hættir þessu sukki. Enda drekkur Sirkusinn bara diet kók.

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 8 -** Ívar Örn Kolbeinsson úr hljómsveitinni Dr. Mister og Mr. Handsome flutti til New York 17 ára gamall. Þar seldi hann lög í auglýsingar og fékk þrjár milljónir fyrir. Fyrir peningana keypti hann sér meðal annars græjur til að búa til meiri músík.



**Síða 12 -** Tom Cruise hefur bannað fólki að kalla unnustu sína Katie Holmes sínu rétta nafni. Stúlkan er nú ekki kölluð neitt annað en Kate Holmes að beiðni unnustans. Svona er þetta Hollywood-lið klikkað.



**Síða 14 -** Hún Dilana ætlar að spila á fernum tónleikum með Á móti sól um helgina. Mikil vinátta myndaðist á milli hennar og Magna í þáttunum Rockstar Supernova og hjálpaði Magni henni oftar en ekki að glíma við álagið sem fylgir því að vera stjarna.

STUÐMANNABARNIÐ BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR

# Á föstu með Hagkaupserfingja úr Heimdalli



Flott par. Jón Felix Sigurðsson var í sigurliði Heimdalls í síðustu viku. Fylkingin sem hann var í, blátt.is, sigraði glæsilega í ungliðakosningum Sjálfstæðisflokksins. Segja kunnugir að sá listi hafi verið skipaður betra fólki og er það ekki síst hinum hæfileikaríka Jóni Felix að þakka. Hann er Hagkaupserfingi enda sonur Sigurðar Gísla Pálmasonar og þykir efnilegur pólitíkus sem talar um fátt annað en stjórnmál og pólitík. Einnig er hann nemi í verkfræði við Háskóla Íslands.
Kærasta Jóns Felix er enginn önnur en Stuðmannabarnið Bryndís Jakobsdóttir. Foreldrar hennar eru Ragnhildur Gísladóttir og Jakob Frímann Magnússon. Hafa þau verið saman í nokkurn tíma og búa meira að segja saman. Eins og flestir vita er hún efnilegur tónlistarmaður sem syngur og semur sína eigin tónlist. Jón Felix deilir hins vegar ekki pólitískum skoðunum með tengdaföður sínum, enda Jakob Frímann annálaður Samfylkingarmaður.



**Hagkaupserfinginn og Stuðmannabarnið** Jón Felix Sigurðsson er sonur Sigurðar Gísla Pálmasonar og þykir efnilegur í pólitíkinni. Bryndís Jakobsdóttir er dóttir Röggu Gísla og Jakobs Frímanns. Hún þykir efnileg í músíkinni.

## Símon segir: Við erum öll hvítar kanínur!

Það besta við að vera nemi í Listaháskóla Íslands er að enginn hefur rétt fyrir sér. Síðustu helgi fór ég og sá sýningu nemendaleikhússins Hvíta kanínu. Varð ekkert sérstaklega hissa, miðað við allt og allt, þegar kom í ljós að það er ekkert leikið í sýningunni - nema leikararnir séu að leika sig sjálfa.
Eiginlega eru áhorfendur í aðalhlutverki í sýningunni. Maður fær kandý floss í boði hússins og spjallar meira að segja við leikarana í upphafi sýningar.
Gagnrýnendur hafa auðvitað hakkað sýninguna í sig. Einn sagði það ömurlegt að þurfa að standa heila leiksýningu, annar sagði engan tilgang með leikhúsi ef leikararnir eru ekki að leika.
Það besta við gagnrýnendur er að þeir hafa alltaf rangt fyrir sér. Ég hef til dæmis gagnrýnt fólkið sem vill bjarga Kárahnjúkum og sagt að það ætti að finna sér vinnu og ég hef gagnrýnt fólkið sem sofnar ekki öðruvísi en með Draumaland Andra Snæs á náttborðinu. Á þriðjudaginn tók ég svo þátt í magnaðri leiksýningu þegar þúsundir manna gengu niður Laugaveginn með Ómari Ragnarssyni. Söng Ísland ögrum skorið og táraðist yfir myndum af Jöklu sem er nú horfin.
Og í kvöld ætla ég að kaupa mér Draumalandið og rölta upp á Esjuna og horfa á Reykjavík myrkvast. Gjörningur ársins í boði alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og hugsandi fólks.
Ég mun svo bíða spenntur eftir því hvort gagnrýnendur hakki ekki í sig stjörnubjartan himininn, óríon og öll hin stjörnumerkin sem eru þau sjálf og ekkert annað. Sjálfur sætti ég mig við skort á hægindastólum á toppi Esjunnar, enda listnemi og geri ekki miklar kröfur.



**Símon Birgisson** Gerðist umhverfisverndunarsinni og ætlar að ganga á Esjuna.




ÞETTA HEYRIRÐU EKKI Á HVERJUM DEGI ...

## Fingralangur innbrotsþjófur



Hinn 31 árs gamli Michael Baumgartner braust inn í verslunarmiðstöð á dögunum en lögreglan kom að honum við verknaðinn. Náði Michael að stinga lögregluna af en festi giftingarhringinn í járngirðingu sem hann stökk yfir á flóttanum. Var hann á svo mikilli hraðferð að baugfingur varð eftir á girðingunni.
Lögreglan var því ekki í neinum vandræðum með að ná í fingrafar og fletti stráknum einfaldlega upp í gagnasafni sínu.
Þegar hann fékk svo fingurinn aftur var of langur tími liðinn til þess að hægt væri að græða puttann aftur á. Það er því nokkuð ljóst að Michael verður að finna nýjan stað fyrir hringinn, svo frú Baumgartner verði ekki trítilóð.

SIRKUS

Útgáfufélag: 365 prentmiðlar
Útgefandi: Helgi Hermannsson
Ritstjórn: Andri Ólafsson, Breki Logason, Dröfn Ösp Snorradóttir, Helga Ólafsdóttir, Símon Örn Birgisson,
Auglýsingar: Gréta Karen Grétarsdóttir, 5505865 gretakaren@frett.is,

Sirkusblaðið
Skaftahlíð 24
105 Rvk,
Sími 550 5000

Forsíðumyndina tók Heiða Helgadóttir af Ívari Erni Kolbeinssyni



100% bragð
0% viðbættur sykur
silfurtapparnir auðvelda þér valið
Coca-Cola light
Sprite zero
FRESCA
Fanta Free orange
Fanta Free
Kíktu í tappann
200 flugmiðar frá Iceland Express *
leynast undir silfurtöppunum
*Í boði eru 200 flugmiðar að eigin vali innan leiðakerfis Iceland Express. Gjafabréfin gilda í 1 ár frá útgáfudegi.
Hægt er að innleysa tappana til og með 31.12.2006 hjá Vífilfelli Stuðlahálsi 1, 110 Rvk. eða hjá umboðsmönnum um land allt.
Allar nánari upplýsingar á cocacolalight.is.
'Coca-Cola light', 'Fanta Free', 'Sprite Zero', Fresca, the dynamic ribbon device, the 'Coca-Cola contour bottle, and the 'Fanta' and 'Sprite' bottles are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2006 The Coca-Cola Company.

## Ég var að heyra...



Að þjóðfélagsrýnirinn **Egill Helgason** væri ekki bara að byrja aftur með þáttinn sinn Silfur Egils á Stöð 2. Hann hefur víst slegist í hóp með **Reyni Traustasyni** og ætlar að skrifa um pólitík í nýja blaðið hans Reynis sem kemur brátt út / Að **Egill Ólafsson** hefði keypt sér nýjan jeppa. / Að úttekt Séð og heyrt á ástandinu á NFS hefði lagst vel í landann. Blaðið er eitt það söluhæsta og er greinilega mikill áhugi fyrir málefnum Nýju fréttastofunnar. Séð og heyrt menn höfðu víst ekki mikla trú á blaðinu í byrjun en sumir segja að umræður á barnaland.is hafi hjálpað til við söluna. / Að Kaupfélagið sé að opna í Kringlunni og Smáralind. / Að skilnaður skæki Skjá einn. Samkvæmt títt nefndu Séð og heyrt er sjónvarpsstjórinn, **Magnús Ragnarsson**, skilinn. **Orri Hauksson,** stjórnarformaður Skjás eins, er víst líka skilinn. Þeir félagar hafa sést mikið saman á djamminu, þar sem þeir hafa væntanlega verið að kanna markaðinn. / Að **Helgi Seljan** fréttamaður sem er á leiðinni í Kastljósið gangi um í nýjum skóm. Er þetta „dýrari týpan" af skóm með stáltá sem hann fékk þegar hann fór í myndatöku fyrir Mannlíf.





## ÞETTA HEYRÐIST Í VIKUNNI...



„Hann er orðinn 72 ár, nei ég segi nú bara svona. Ég byrjaði í þessu þegar ég var 17 ára gamall og ég er 37, þar sérðu það."

**Björgvin Halldórsson aðspurður um lengd ferilsins í viðtali við Ragnheiði Guðfinnu í Hér & nú þættinum.**



„Ef ég myndi detta í það með Össuri og trúa honum fyrir einhverju yfir einum til tveimur glösum, eins og við gerðum reyndar í gamla daga, þá væri það komið á heimasíðuna hans daginn eftir. Maður verður að geta treyst mönnum."

**Hannes Hólmsteinn um Össur Skarphéðinsson í Kastljósinu**



„Bubbi varð náttúrlega alveg brjálaður og hringdi á lögguna."

**Auðunn Blöndal um hrekk sem hann gerði í kónginum fyrir þáttinn Tekinn.**

# Giftar konur vilja Fúsa




Handboltakappinn Sigfús Sigurðsson heldur úti skemmtilegu bloggi á minnsirkus. Í einni færslunni er Sigfús með skemmtilegar pælingar um íslensk sambönd og hittir naglann nokkuð á höfuðið.
„Það hefur komið fyrir að ég skelli mér út á lífið, þá á einhverja skemmtistaði, bari eða í partý í heimahúsum. Og eiginlega undantekningarlaust koma minnst 3-8 konur sem eru giftar eða í sambúð til mín og eru að daðra og reyna við mig. Þetta endar oftast á því að þær spyrja hvort ég vilji koma heim með þeim að ríða og ég afþakka pent með því að segja þeim að láta karlinn þeirra hnoða í þær hræru! Er þetta merki um að stór hluti af íslenskum samböndum byrja á röngum forsendum eða þá að fólk kynnist á röngum vetfangi?"



**Gísli Örn, Ólafur Darri Ólafsson og Ragnar Bragason**

**KVIKMYNDIN BÖRN SÝND FYRIR FULLU HÚSI Á HÁTÍÐUM UM ALLAN HEIM**

# Vesturportsbörnin slá í gegn

„Það var bara uppselt á allar sýningar," segir Ólafur Darri Ólafsson, einn af aðalleikurunum í kvikmyndinni Börn eftir Ragnar Bragason. Myndin var sýnd í vikunni á St. Sebastian kvikmyndahátíðinni á Spáni sem er á sama stalli og kvikmyndahátíðin í Feneyjum og Berlín.
Ólafur Darri segir gríðarlegan áhuga á myndinni, sem fjallar um blákaldan íslenskan raunveruleika, dóp, handrukkanir og ást og er leikin af krökkunum í Vesturporti sem hafa lagt heiminn að fótum sér með sýningum eins og Rómeu og Júlíu og Woyzeck.
„Eitt kvöldið var myndin sýnd í þremur sölum í einu. Hún sló í gegn," segir Ólafur Darri. „Því miður komst ég sjálfur ekki út. Þurfti að vinna en fékk fréttirnar beint í hæð. Þessi hátíð er merkt sem A-hátíð. Eins kvikmyndahátíðin í Feneyjum og Berlín og í næstu viku mun myndin fara í kvikmyndahátíðina í Hamborg og svo til Suður Kóreu á stærstu kvikmyndahátíð Asíu. Hún virðist því vera að spyrjast ágætlega út."
Ólafur Darri segir þó sorglegt hve litla aðsókn myndin fær hér heima en aðeins um átta þúsund manns hafa lagt leið sína í Háskólabíó til að berja Vesturportsbörnin augum. „Við settum markið á tuttugu þúsund áhorfendur," segir Ólafur Darri og hvetur fólk til að mæta. „Manni finnst eiginlega fáránlegt að fólk komi ekki í bíó þegar mynd hefur fengið svona klikkaða dóma og spyrst vel út."



**Börn** Aðeins átta þúsund manns hafa séð myndina hér heima.

## Eyrún Magnúsdóttir mælir með



### Bók

**Condensed Knowledge**
Þessi bók ætti að vera til á hverju heimili. Stútfull af alls konar fánýtum fróðleik. Bendi einnig á tímaritið Mental Floss sem er gefið út af sama liði.




### Plata

**Aparnir í Eden með Baggalúti**
Baggalútsmenn eiga fáa sína líka. Textarnir þeirra eru slík snilld og svo sannir að það er ekki annað hægt en að elska þessa menn.



### Kvikmynd

**United 93**
Myndin leiðir mann í gegnum atburðina 11. september á áhrifameiri hátt en ég hef áður upplifað. Snilldarlega leikin og blessunarlega laus við allan Hollywoodbrag.





13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Bettý Guðmundsdóttir
18 ára




14.09.06

# NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

**Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.**

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.** Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á **www.stopp.is.** og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

**www.stopp.is**

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192

Það var heldur betur fjör á stórtónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöllinni. Strákurinn hélt þrenna tónleika og auðvitað mætti Bláa Skeifan á svæðið. Stórglæsilegt í alla staði og allir með bros á vör. Fréttamaðurinn Ari Sigvaldason opnaði ljósmyndasýningu í Borgarleikhúsinu þar sem hann sýndi nokkrar af sínum bestu myndum en sýningin bar heitið Úr launsátri. Íslenski fótboltinn kláraðist einnig um helgina og tók skeifan púlsinn á pessum helstu leikjum. Víkingar fögnuðu sæti sínu í deildinni sem og Breiðablik. Grindavík féll hins vegar og spilar því í fyrstu deild á næsta ári.



**Kóngurinn** Björgvin Halldórsson tók sig vel út á sviðinu með sinfóníuhljómsveitinni.




**Kollegar** Gunnar V. Andrésson ljósmyndari stillti sér upp með Ara á sýningunni.



**Mætt** Kristín Jóhannesdóttir, Sigurður Pálsson og Esther Talía mættu á sýningu Ara.



**Sáttur** Ari Sigvaldason og kærasta hans Ilmur Stefánsdóttir voru ánægð með sýningu Ara.



**Hressir** Dúi, Laddi, Hjörtur Howser og Óli Palli voru að sjálfsögðu mættir til þess að sjá Bo í höllinni.



**Bo í höllinni** Örn Hreinsson, Gunnhildur Einarsdóttir, Jóna Gísladóttir og Ellisif Sigurðardóttir.



**Hafnfirðingur** Fréttamaðurinn Jón Gunnar Grjetarsson var mættur til þess að sjá Björgvin í höllinni.



**Fallnir** Óskar Örn Hauksson grípur um höfuð sér eftir að ljóst var að lið Grindavíkur hefði fallið.



**Hólpnir** Hinn fjallmyndarlegi Hörður Bjarnason, leikmaður Víkings, fagnar hér sæti liðsins í deildinni. Tékkið á þvottabrettinu.



**Uppi** Hjörvar Hafliðason, fyrirliði Breiðabliks, hélt sér uppi í ár og átti fínt sumar.


Sjóðheitur og öðruvísi matsölustaður
NINGS
wok
BAR
HAGKAUP KRINGLUNNI
SMÁRALIND
1
VELDU
KJÖT
EÐA
FISK
2
SÍÐAN
GRÆNMETIS
BLÖNDU
3
OG AÐ LOKUM
SÓSU
VIÐ
WOKKUM
ÞÚ BORÐAR
Á STAÐNUM EÐA
TEKUR MEÐ HEIM
Þú velur, við „wokkum"
Á Wok Bar Nings gefst viðskiptavinunum kostur á að velja sjálfir samsetningu kjöts/fisks, grænmetis og sósu sem matreiðslumeistari síðan snöggeldar á Wok pönnu. Einnig eru í boði tilbúnar samsetningar á vinsælum réttum ásamt köldum réttum og heilsuréttum.
taktu með heim eða borðaðu á staðnum
wok
BAR
NINGS
SMÁRALIND • HAGKAUP KRINGLUNNI

SÍMON BIRGISSON RÆDDI VIÐ ÍVAR ÖRN ANNAN HELMING HLJÓMSVEITARINNAR DR.MISTER & MISTER HANDSOME UM ROKKLÍFERNIÐ, GRÚPPÍURNAR OG FRÆGÐINA




Sirkusmynd: Heiða

# Pabbi minn yfirgaf mig

Það er hálftími liðinn og hann hefur ekki enn látið sjá sig. Skyndilega hringir síminn fyrir aftan barborðið á Dillon. „Það er til þín,“ segir ljóshærð stúlka á barnum og réttir mér tólið. Á enda línunnar heyri ég sjálfan Dr. Mister öskra: „Ég var búinn að fokking gleyma þessu viðtali. Hittu mig niðrá Dubliners eftir tíu.“

**Komnir í bæinn**

„Það var geðveikt gaman á Akureyri. Fyrsta mega ferðalagið. Alvöru Road Trip. Fimmtán dópistar saman í rútu, grúppíur og massíf stemning,“ segir Ívar Örn og brosir út í annað. Hann stendur upp og klæðir sig úr bolnum. Segir hlæjandi: „Ég er fokking klóraður eftir stelpurnar. Þær voru brjálaður. Ein þeirra rúnkaði mér baksviðs skömmu áður en fíknó mætti með hund og gómaði einn okkar með dóp. Við enduðum svo í brjáluðu eftirpartýi, duttum herfilega í það og flugum svo beint í bæinn til að spila á styrktartónleikum Forma, illa góðir því.“

*Sjálfur er Ívar illa góður á því. Mér hafði tekist að draga hann af Dubliners yfir á Hornið þar sem við sitjum í fámennum sal með bjórglas, diktafón og öskubakka á borði. Ég spyr Ívar hvernig honum finnist að vera orðinn kynlífstákn, elskaður af öskrandi unglingsstelpum.*

„Ég dýrka það að fólk sé að fíla músíkina. Og ég veit að ég er sexý strákur. En mér finnst óþolandi þegar tussurnar rífa í mig,“ segir Ívar en bætir svo við. „Æ, það er samt fyndið. Ég fíla það í botn.“

Næsta spurning liggur því beint við. Er Dr. Mister á lausu?

Hann hristir hausinn og glottir.

„Og hver er sú heppna?“ spyr ég, „stúlka í Reykjavík?“

„Nei,“ segir Ívar og horfir í augu mér. „Það er kókið.“

**Strákur úr Hafnarfirði**

*Miðað við útlitið á Ívari virðist það vera sönn ást. Óhóflegt líferni, ofbeldi og dóp er sú ímynd sem fylgir rokkhundunum Dr. Mister og Mister handsome. Færri vita þó að bak við grímuna er Ívar Örn einfaldlega venjulegur strákur úr Hafnarfirði.*

„Ég er fæddur og uppalinn í Firðinum. Var bully í skóla og lagði krakka í einelti. Átti nokkur fórnarlömb sem ég hef beðið afsökunar í dag. Svona var maður bara. Ég vissi samt alltaf að ég yrði rokkstjarna. Mamma fór einusinni til miðils með myndir af mér og systkinum mínum. Miðillinn benti á myndina af mér og sagði: „Þessi á eftir að vinna á sviði.“ Nú hef ég staðið fyrir framan þúsundir manns í New York og Laugardalshöllinni og spilað úti um allt.“

*Spádómurinn hefur ræst. Nýjasta plata Dr. Mister og Mister handsome selst í bílförmum. En tónlistin verður ekki til úr engu. Ívar var sextán ára gamall þegar hann flutti til New York til hálfbróður síns og kynntist raftónlistinni. Hann seldi stef í auglýsingar og græddi milljónir.*

„Pabbi yfirgaf okkur þegar ég var sjö, átta ára gamall. Mamma kynntist öðrum manni, stjúpa, sem hefur verið mjög góður við okkur. Ég hef samt aldrei kallað hann pabba. Svo hitti ég reyndar alvöru pabba minn fyrr í kvöld. Hann var að koma frá Flórída til að fara í aðgerð hérna heima. Hef ekki séð hann í mörg ár. Það var fokking brilljant. Ég var einlægur og sagði honum frá mínu lífi. Hann sagðist fíla músíkina en ekki lífernið.“

**Dópdíler á Njálsgötunni**

„Hvernig varð hljómsveitin til?“ segir Ívar og fær sér stórann sopa af bjórnum. Spyr mig hvort ég eigi sígarettu og blótar í sand og ösku þegar ég segist hættur. Stendur upp og hleypur út í búð. Tíu mínútum síðar kemur hann aftur inn, skælbrosandi með nýjan pakka af Marlboro Lights.



„Raunveruleikinn er miklu skemmtilegri en eitthvað djöfulsins leikrit.“

„Þetta byrjaði þegar ég leigði íbúð á Njálsgötunni. Var að selja kók, spítt og...“ Ívar þagnar og heldur svo áfram. „Ég var bara að fokking dópa og díla með endalaust partý í gangi. Eitt kvöldið kveikti ég á tölvunni. Var búinn að gera Kókalóga bítið. Guðni situr við hliðina á mér og við höfðum verið að gera grín að lagi með Kim Larsen, De smukke unge mennesker. Ég rétti Guðni mækinn og segi: „Segðu eitthvað“ Og hann kemur skyndilega með setninguna: „Kókalóga dancing like a Maniac,“ sem hljómar eins og viðlagið hjá Kim Larsen.

Þannig varð Dr. Mister til. Ívar segist hafa ætlað að hafa karakterinn skáldaðan. Ímyndaða persónu eins og Silvíu Nótt. „En á endanum droppaði ég því. Raunveruleikinn er miklu skemmtilegri en eitthvað djöfulsins leikrit.“

**Stoltur faðir**

*Einkalíf Ívars hefur verið mikið í umræðunni. Hann er orðaður við flottustu píur bæjarins. Fáir vita að fyrir fjórum mánuðum fæddist annað barn Ívars sem heitir í höfuðið á honum: Ívar Örn Ívarsson.*

„Ég á tvö börn og er viðbjóðslega stoltur af þeim. Þó ég hafi ekki verið faðir number one,“ segir Ívar þegar ég spyr hverju hann sé mest stoltur af í lífinu. „Ég var líka rosalega stoltur þegar platan kom út og seldist upp,“ bætir Ívar við og fer að hlæja. „Svo var ég 17 ára gamall í New York og nældi mér í ótrúlega fallega píu sem var tíu árum eldri en ég og var með henni í hálft ár. Báðar barnsmæður mínar eru líka frábærar og ég er stoltur yfir að þær hafi viljað eignast barn með mér. Og svo er ég stoltur af sjálfum mér að lifa af músíkinni. Ég er hættur að díla og krimmast en þó ég sé dópisti get ég borgað mínar dópskuldir sjálfur.“

**Vill ekki hætta**

En langar Ívar ekki til að breyta um líferni. Skömmu fyrir menningarnótt fór Ívar á Vog en sú vist entist ekki lengi. „Ég var þarna í sex daga,“ segir Ívar. „Það er ekkert grín að halda svona skrokki gangandi. Þegar ég kom inn svaf ég í þrjá sólarhringa. Vaknaði bara til að fá mat og libríum. Svo var ég þrjá daga á fundum en á sjötta degi lenti ég í slagsmálum og var hent út. Ég vil taka það fram að ég byrjaði ekki þó ég hafi látið fyrsta höggið fjúka.“

Ég horfi í augu Ívars og spyr hvort hann langi raunverulega til að hætta? Ívar hugsar sig lengi um en svarar hreinskilnislega að lokum: „Nei. Þetta er lífið í kringum bandið. Það fylgir þessu veisla og geðveiki. Ég fíla þetta í botn og ætla að halda þessu partýi gangandi þar til ég dey.“

*Ég horfi á eftir Ívari Erni rölta út í myrkrið og vona að hann muni sigrast á eigin djöflum, áður en þeir yfirbuga hann.*


VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Lakkrís dúndur
Góa
Lakkrís dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971

# Hressilegir kaflar

**Margir hafa afar einhæfan svartan fatasmekk. Það er í lagi, en ég mæli með köflóttum jakka eða kápu til að hressa upp á svertuna. Ég hef séð endalaust mikið af stórköflóttum flottum vetraryfirhöfnum í verslunum þessa dagana. Ekki bíða of lengi, þá verður allt það flottasta búið. P.S.: Ég læt hérna fylgja með mynd af köflóttum ullarnærbuxum, sexí ... hvað finnst þér?**









## Klæddu karlinn



Hugsaðu um uppáhalds-kósí peysuna sem kærastinn þinn á!! Peysuna sem þú stelst í þegar hann er ekki heima. Þar sem leggings og peysur í yfirstærðum eru alveg málið þessa dagana er best að þú farir og kaupir flotta peysu handa kærastanum. Þú færir honum gjöfina og gerir samning við hann um að þú fáir peysu að eigin vali úr skápnum hans í staðinn. Auðvitað getur hann ekki staðist þetta boð. Þú hefur slegið tvær flugur í einu höggi, kærastinn er massa sáttur og þú hefur eignast uppáhalds-kósí peysuna hans.





Í Egg fæst nánast allt til að innrétta heimilið og fegra út frá eigin smekk.

## Heklaðir púðar og blúndubjarmi

Það er alveg nauðsynlegt að hafa fínt hjá sér þegar fer að hausta. Ég mæli eindregið með versluninni Egg á Smáratorgi sem var opnuð um síðustu helgi. Þar úir og grúir af smávöru á rosa fínu verði. Ég rakst til dæmis á fallega heklaða hringpúða og litla kertastjaka með blúndumunstri, alveg krúttó og kósí.



Úrvalið er hreint ótrúlegt og möguleikarnir endalausir.

## tískumolar Helgu Ólafsdóttur



### Dönskukunnátan batnar




Ég mæli með dönskum tískutímaritum, það besta er Eurowoman. Það er ótrúlega vel heppnað tímarit. Tískusíðurnar og -þættirnir eru alltaf góð blanda af Louis Vuitton og H&M. Umfjallanir um förðun eru frábærar og henta einstaklega vel þeim fáu íslensku konum eins og mér sem ekki hafa lært förðun. Greinarnar eru vandaðar, skemmtilegar og oftar en ekki fróðlegar, svo ég tala nú ekki um hvað dönskukunnáttan batnar við lesturinn.

### Hvar er draumurinn?



Ef þú vilt sleppa við fölva og bauga þá veit ég hvað er til ráða. Þetta er mjög einfalt; góður svefn er eitt stærsta og ódýrasta fegrunartrix sem til er. Ekki hanga fyrir framan tölvuskjáinn fram eftir nóttu. Farðu í uppáhaldsnáttfötin þín, finndu þér gott koffínlaust te og skemmtilega bók til lestrar og slakaðu á fyrir svefninn og þú svífur inn í draumalandið.



### Allt í keðjum



Chanel er þekkt fyrir klassískar töskur með keðjuól. Öll helstu tískumerkin hafa nú komið keðjum í mismunandi grófleika fyrir á töskum sínum.


I ♥ MYSELF
ENERGY ACTIVATOR
CULT
ENERGY ACTIVATOR
CULT
CULT
SHAKER
THE PARTY MAKER
Al[redacted] Vol. 275 ml

# DD unit um hollywoddstjörnurnar




## 1

Jæja þetta er búin að vera sæmilegasta vika held ég bara... júró-reikningurinn kominn í hús frá Cali og flugþreytan að líða úr kroppnum að sama skapi. En hvað er uppi í Showbizz kids?



Hérna er mynd af henni Nic úti að „borða“ á Mr. Chows á 25 ára ammóinu sínu og ég verð að segja að sveppa-mælirinn hjá mér varð næstum fullur í vikunni út af henni. Jamm peeps* hún og Paris Hilton tóku til til og spjölluðu saman – en það hefur allegedly* ekki gerst lengi. Málið snýst um það að þær sviðsettu það hallærislegasta publicity stunt* sem ég hef orðið vitni að í langan tíma. Þær sáu til þess að papparazzar heyrðu samtalið sín á milli og Nic setti Blackberry-ið sitt á speaker svo allir heyrðu að hún væri að tala við Paris sem var að hringja til að óska henni til hamsí með 25 ára ammóið! Besta línan var þegar Paris sagði: „ So what are you like 25 now.. OMG“*. Góða vinkonan... búnar að þekkjast síðan þær voru pons og núna þarf hún að spyrja hvað hún er gömul?? Það voru sem sagt papparazzar báðum megin hjá þeim á sama tíma meðan þær voru að tala... rosa mikið tilviljun!

## 2



Ég hef sagt það áður en ég get varla orða bundist eina ferðina enn! Hún Cynthia Nixon sem fór á kostum sem Miranda í SATC* hoppaði allt í einu út úr skápnum og allt í kei en shiiiii gat hún ekki fengið sér aðeins sætari konu? Hún er svo frjálslega vaxin og óheppin í framan greyið að ég ætla rétt að vona að hún sé hress og mega fyndin og góð! Hún lítur út fyrir að keyra flutningabíla með toxic waste milli staða og klæðir sig jafnframt þannig líka! Sjáið Portiu De Rossi og Ellen.. ég meina það er þó alla vega hott factor* þar!

## 3

Kate Holmes eins og hún er kölluð þessa dagana – Tom hefur tekið fyrir það að hún sé kölluð Katie lengur (án gríns) – er hérna á surprise surprise* fótboltavellinum ásamt Tom sínum og baby got her figure back*. Já hún má nú bara vera helvíti ánægð með þetta og núna er bara að losa sig við Tom, gera sjónvarpsmynd um klikkun hans og selja bókina líka um hvað í raun og veru gekk á með Vísindakirkjuna og Koo-koo Krazy Tom Cruise!



## 4

Nú svona í sorglegri fréttum þá er hann Steven Tyler, primus mótor í Aerosmith, búin að játa það fyrir heiminum að hann sé eins og Pamela Anderson, með lifrarbólgu C. Elsku kallinn – hann ku vera óhress með þetta þar sem hann sé búinn að vera ötull AA maður núna í yfir áratug og finnst leitt að þurfa að vera borga reikninginn fyrir því að hafa djammað soldið í gamla daga. Ansans... en svona er lífið mar – en hérna er samt mynd af honum og nýju gellunni en hann stendur einmitt í að klára skilnaðinn við kellinguna en það þarf ekkert að súta það neitt lengur með eina sem er jafngömul Liv dóttur hans! Smekklegt. By the way.. góðar buxur grandad...



## 5

Og talandi um smekklegt þá er skemmst frá því að segja að Beckham-hjónin eru að íhuga að skella sér í Granna.. já kids.. you heard me*!! Þau eru að spá í að smella sér bara í smá Stralla-media-herferð bara og rífa upp brandið Posh og Becks. Ja há þau hugsuðu sér gott til glóðarinnar því jú Kylie Minouge, Guy Pierce og Russell Crowe hafa öll verið í Nágrönnum og hefur hjálpað þeirra ímynd. Hver veit nema bara að góð svona réttarhalda-sena með Toadie þar sem hann ver Becks gegn brjáluðum aðdáanda sem sitji um þau og Posh sitji í vitnastúkunni skælandi í Dolce&Gabbana frá toppi til táar, að segja hvað það er erfitt að vera frægur!



## GLÓSUR

# LÆRÐU LINGÓIÐ

**Allegedly**
Að eitthvað sé sagt vera svona eða hins segin þó það sé ekki svoleiðis endilega í raun og veru.

**Publicity stunt**
Fjölmiðlakúnstir

**OMG**
Oh my god, guð minn góður!

**SATC**
Sex and the City

**Hott factor**
Fegurðarstuðull, flott gildi

**Surprise surprise**
Kemur á óvart

**Baby got her figure back**
Skvísan bara komin með kroppinn aftur

**You heard me**
Jamm þið heyrðuð rétt

**Stralla-media-herferð**
Ástralíu fjölmiðla

**Brandið**
Vörumerkið

**Gone down town to China Town**
Leggja lykkju á leið sína til að úthúða einhverju/m

**Fashion faux pas**
Tísku-slys

**Afgahnistan chic**
Vísun í afghanskan kúltúr

**Púlla hann off**
Þegar einhverjum tekst að láta eitthvað ganga upp.

**Cover-uð í loser dusti**
Alsett aumingja ryki

**„King of the world“**
Línan ódauðlega úr Titanic sem Leo gargaði og svo tók sveppurinn hann James Cameron leikstjóri myndarinnar og gargaði þetta líka á Óskarnum þegar hann fékk gommu af styttum fyrir Titanic...

**Mark my words**
Fylgist með því sem ég segi – vittu til

**His lazy eye**
Hann er með letingja

**Be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com**
Tjekkið á mér á síðunni minni

**be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com**

DD-unit hefur ákveðið að taka út tískuna þessa vikuna og ég verð að segja að flestir kollegar mínir hafa gone down town to China Town* til að segja hvað hún Kate Beckinsale og Scarlett Johansson séu ósmart þegar ég verð að segja að ég gæti ekki verið meira ósammála. Mér finnst þessi gullfallegi kjóll hennar Kate sjúkur – ég myndi alveg saga handlegg af einhverjum öðrum en mér til að eignast hann. Minnir mig á sjúku fjólubláu kápuna sem er eða var til í KronKron. Me likey!!





Scarlett hefur fengið slæma útreið hjá þessum leiðindabloggurum um að vera ósmart en við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af því – þetta er sama fólk og fattaði aldrei svanakjólinn hennar Bjarkar -– sem að sjálfsögðu er ennþá verið að tala um í VH1 specials sem mega fashion faux pas*! En við vitum öll að þetta var krazy kjóll og hún brjálæðislega smart í honum! Ef mér skjátlast ekki þá er einmitt þessi rusla-kalla-galli eins og hann er kallaður úr nýju Chloé línunni sem er nett svona Afganistan chic* og mér finnst hún púlla hann

Tara Reid er einmitt einhver sem getur ekki látið nokkurn skapaðan hlut ganga upp! Hún greyið púllar ekkert off... hún er bara cover-uð í loser dusti*. Hérna er hún greyið á einhverri hátíð með hárið sitt eins og hún hafi gargað „King of the world“* alla leiðina á hátíðina út um gluggann á strætóinum sem hún kom í. Make-upið og kjóllinn.. sorry þetta er bara ekki að ganga hún er með klikkaða bólu á smettinu og mark my words* ef Blohan fer ekki að halda rétt á spöðunum þá mun fara eins fyrir henni og Reid! Harry er búinn að dömpa Blohan sko.. nennti ekki dramatíkinni í henni sjáið til og hann er aukreitis edrú sem hún er ekki!



New York Metropolitan óperan var að opna í vikunni og rauði dregillinn fyrir utan sveik engan og hérna höfum við fyrst þau Salman Rushdie og konuna hans Padma Lakshmi sem er auðvitað með honum Rushdie því hann er svo sjúklega sætur og segir svo skemmtilega frá. Hún hlýtur að elska hvernig hann blikkar hana með his lazy eye* á síðsumarkvöldum









Sienna Miller kann sérdeilis að sprússa sig upp og tjellingin er bara helvíti sæt og fín en hún var hress og kát þegar hún mætti í óperuna og sagðist vera ánægð með showið enda í fyrsta sinn sem hún fór á óperu. Jude var með henni en ekki á dreglinum enda allir fyrir löngu komnir með gubbupestina af því að fylgjast með því hvort þau séu saman eða ekki. En samt á nærmyndinni þá er hún soldið hammer time í framan sko.. hún lítur nú ekki út fyrir að vera 25 ára gömul blessunin!


TEKINN.
9 OKT. KL. NÍU
SIRKUS 06/07
SIRKUS TV

# ANDLÁT NFS - X-IÐ STÆKKAR



Andlát NFS hafði ýmislegt jákvætt í för með sér. Akureyringar geta til-dæmis loksins aftur náð X-inu 977, á tíðninni 90,9. Ljóst er að þetta á eftir að hafa jákvæð áhrif á bæjarfélagið. En á meðan X-ið var ekki í loftinu fyrir norðan jókst alda ofbeldis og fíkniefna til mikilla muna í þessu ágæta Bæjarfélagi, enda lítið annað að gera þegar fólki er boðið uppá viðbjóð eins og FM og Rás 2.

Er það vona allra að með þess-ari viðbót við ljósvakamenningu Akureyringa eigi fréttir af ung-mennum bæjarins eftir að verða á jákvæðari nótum en verið hefur undanfarið. Til að fagna þessu mun X-ið 977 ásamt Brain Police bjóða til veislu á Sjallan-um. Akureyringarnir í Nevolu-tion munu sjá um upphitun áður en Brain Police mun stíga á svið og leyfa hlustend-um að heyra lög af meistara-stykkinu Beyond the Wasteland. Miðaverð er skítinn 1000 kall og hefst gleðinn uppúr miðnætti. Xið 977 næst nú einnig í Vestmanna-eyjum á tíðninni 90,4 og á ísafirði á tíðninni 90,

**Flottir** Nú geta norðanmenn hlustað á Frosta og Mána á X-inu.

## Sirkustv

# DAVE CHAPELLE – ENGUM LÍKUR

Á fimmtudögum klukkan 22:00 eru sýndir þættir á sjónvarpsstöðinni Sirkus sem slegið hafa í gegn. Þar er fyrsta flokks grin í boði Dave Chapelle. Þættirnir slógu í gegn í Bandaríkjunum og er fyrsta serían af þáttunum mest seldi DVD diskurinn þar í landi. Önnur serían náði hrikalegum vinsældum og var honum boðið 55 milljónir bandaríkjadollara fyrir tvö ár í viðbót. Við tökur á þriðju seríunni stakk hann hinsvegar af til Afríku og ekkert varð að milljónunum. Ástæðan mun vera sú að vinnuumhverfi þáttanna var svo stressandi. Dave Chapelle er líklega eini maðurinn í heiminum sem auglýsir bæði Pepsi og Coke. Idolið hans í gríninu, Richard Pryor, sagði skömmu fyrir andlát sitt að Chapelle hefði tekið við kyndlinum. Fylgist með þessu.



**Dave Chappelle**
Findinn gaur á SirkusTV.




FROSTI MÆLIR MEÐ

1 SPRENGJUHÖLLIN
**Cant Dance**
„Gripandi Indie pop með sniðug-um texta, þetta band er að virka."



2



MY CHEMICAL ROMANCE
**Welcome to the Black Parade**
„Poppað rokk með keyrslu og tilfinningu. Það getur ekki klikk-að."

3



VERA
**Triangular Forms**
„Unglinga angist úr Breiðholt-inu bakkað upp með þéttu git-arrokki, fullkomin blanda."

## BERGUR EBBI OG HLJÓMSVEITIN SPRENGJUHÖLLIN SPILA Í NORÐURKJALLARA MH Í KVÖLD

# Lyktarskynið er vanmetið

„Við erum reyndar allir úr MH en vorum ekkert í neinni hljómsveit þá," segir Bergur Ebbi Bene-diktsson úr hljómsveit-inni Sprengjuhöllinni sem vakið hefur mikla athygli undanfarið. Strák-arnir eru allir útskrifaðir en spila á tónleikum lista-félagsins í Norðurkjallara í kvöld. Þeir syngja jafnt á íslensku sem ensku og þykja feikilega skemmti-legir á tónleikum.

**Bergur Ebbi Benediktsson**
Er í hljómsveit-inni Sprengju-höllin sem leikur í Norðurkjallara í kvöld.



„Það er samt ein pæling sem ég hef verið að reyna að koma inn í hljómsveitina. Þetta snýst náttúrulega mest um músíkina en líka um að líta vel út og vera með sinn eigin stíl. Það er oft eitt skilningarvit sem gleymist svolítið á tón-leikum og það er ekki snerting heldur lykt," segir Bergur sem hefur reynt að fá Sprengjuhöll-ina til þessa keyra meira á lyktarskyn áhorfenda. „Pælingin er semsagt sú að vera alltaf með ákveðna lykt á tónleikum hjá okkur, sem væri einhverskonar „gun-pow-der" lykt, og yrði þá okkar vörumerki. Maður verður samt að passa sig að þetta sé engin skítalykt."

| | |
|---|---|
| **Hvar:** | Norðurkjallari MH |
| **Hverjir:** | Hjaltalín, Búdrýgindi, Retro Stefson |
| **Frítt:** | Já |

Bergur hefur meira að segja komið með hugmynd að því hvernig mætti framkvæma lykt Sprengjuhallarinnar.

„Ég þekki sko strák í efna-fræði og ætla að fá hann til þess að redda einhverjum efnum sem hægt er að blanda saman og þá gýs upp þessi lykt. Þetta mega samt ekki vera einhver ólöglег efni sem hægt er að bösta okkur með ef við spilum til dæmis erlendis.

Sprengjuhöllin pælir mest í músíkinni að sögn Bergs en leggur einnig mikinn metnað í textana. „Hárið skiptir samt miklu máli hjá okkur."

Liðsmenn Sprengjuhallarinn-ar eru afkomendur merkra listamanna. Georg bassa-leikari er til dæmis sonur org-anistans í Skálholti sem eitt sinn var í hinum einu sönnu Þeysurum. „Svo er pabbi hans Snorra, Helgi Pé."

Það má því búast við sterkri púðurlykt í Norðurkjallara MH í kvöld þar sem Sprengjuhöll-in mætir á æskuslóðirnar, vel greiddir en þó með tónlistina í fyrsta sæti.




HEIÐAR MÆLIR MEÐ

1 SCISSOR SISTERS
**I Don't Feel Like Dancing**
„Svei mér þá ef þetta er ekki bara eitt af þessum lögum sem fær mann til að brosa út í annað og jafnvel dilla sér smávegis."



2



TRABANT
**The One ( Remix )**
Góður dansfílingur í þessu lagi en Trabant er bara frábær hljómsveit að mínu mati. Allir að tékka á plötunni „Emotion-al" hún er frábær út í gegn.

3 PINK
**U + Ur Hands**
Það er ekki hægt að búast við öðru en að Pink kæmi með hittara en hún hefur auðvitað fært okkur frá-bær lög í gegnum tíðina. Lagið fjallar um að strákar eigi að fara heim og leika við félagann í stað þess að reyna við Pink.



## Horðu á þetta ...

Nú er myndin um hana Rauðhettu litlu komin út á DVD um land allt. Mikið hefur verið talað um þessa 80 mínútna mynd sem ber heitið, Rauð-hetta eins og þú hefur aldrei séð hana áður. Úrvalið á Íslandi ljáir persónunum rödd sína í íslensku útgáfunni. Má þar helst nefna Örn Árnason sem fer á kostum sem skógarhöggsmaðurinn og Birgitta Haukdal sem kemur á óvart sem Rauðhetta litla. Svo er auðvitað hægt að sleppa því að horfa á hana með krökkunum og stilla bara yfir á enska talið. Sirkus mælir með að allir rifji upp söguna um Rauðhettu litlu.




## Minnsirkus.is blogg vikunnar

**Þetta helsta**
„Núna er ég að byrja mína aðra viku í laxinum og þið sem haldið að ég sé eitthvað vægefin að vera á þessum laxi þá er frétt um þetta í Fréttablaðinu á laugardaginn síðasta um að þetta sé mjög góð megrunarað-ferð og er eng-inn annar en Sverrir Þór Sverr-isson aka Sveppi að fara að prófa þetta. þið hin getið ekki verið minni menn þannig að endilega prófið þetta ;)
þið sem hafið verið að prófa allar megrunar-aðferðir og hafið ekki prófað þessa verðið að prófa þetta líka, og þið munuð sko ekki sjá eftir því. það er hægt að missa allt að eitt kíló á dag á þessu."
**ithrottaalfurinn.minnsirkus.is**



**Ölvaðir elgir valda usla í Svíþjóð**
„Umsátursástand skapaðist á elliheimili í Suður-Svíþjóð á dögunum þar sem tveir ölv-aðir elgir, kvíga og kálfur hennar, héldu heim-ilismönnum í gíslingu. Elgirnir komust í gerjuð epli fyrir utan heimilið og líkaði þau svo vel að þeir neituðu að fara þegar lögregla reyndi að reka þá burt. Það var ekki fyrr en lög-regla kallaði til veiðimann og hund hans að elgirnir létu segjast enda varla þess virði að fórna lífinu fyrir nokkur ölvandi epli. Restin af eplunum var svo fjarlægð hið snarasta til þess að hinir ölvuðu óeirðaseggir sneru ekki aftur."
**veran.minnsirkus.is**



„Maður hefur ekki mikla lyst á að vera í 6 földum tíma á mánu-dagsmorgnum, sér-staklega þegar kenn-arinn hefur hrikalega svæfandi rödd."
**8villtur.minnsirkus.is**



## Vertu þarna ...



Hljómsveitin Á móti sól og Magni ætla að sameinast annað kvöld á Broadway. Sveit-in hefur ekki leikið með Magna síðan 17.júní en nú getur landinn séð rokkstjörnu Íslands á Íslandi. Eftir glæsta sigra í Bandaríkjunum ætlar hún Dilana sem lenti í öðru sæti í Rockstar Supernova að koma fram. Sirkus mælir því sterk-lega með því að þú verðir þarna.



ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG
MYNDBANDAMARKAÐURINN
PERLUNNI
KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP 22. sept- 8. okt.
GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR
ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST
OG AD SJÁLFSÖGDU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRI VERDI EN ÞÚ ÁTT AD VENJAST
MIKID ÚRVAL AF GEISLADISKUM FRÁ KR. 50
MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!
Frábært verð á tónlistar dvd frá 799 kr
GERDU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM
FJÖLBREYTT ÚRVAL AF BÓKUM TÓNLISTARLEGS EDLIS
VHS FRÁ 90 KR DVD FRÁ 390 KR
Opið alla daga frá 10-18
Sími: 561-4114
VERID VELKOMIN OG NJÓTID FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓDRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

## bláa skeifan

Það blæs köldu milli Skjás eins og Birtings, hins nýja útgáfufélags Fróða, þessa dagana. Fjallað var um hjónaskilnað **Magnúsar Ragnarsson**, sjónvarpsstjóra Skjás eins, í Séð og heyrt í óþökk Magnúsar, sem vildi halda einkalífi sínu utan slúðurpressunnar. „Ég baðst undan þessari umfjöllun," sagði Magnús í samtali við Bláu skeifuna en í kjölfar greinarinnar mun punktur hafa verið settur fyrir aftan samstarfs Skjás við hina nýju eigendur Fróða. Í síðustu tölublöðum Séð og heyrt hefur konungur íslensku slúðurpressunnar, **Eiríkur Jónsson**, farið mikinn...



Þrátt fyrir erfiða tíma á NFS er engan bilbug á starfsmönnum stöðvarinnar að finna. Í gær mátti sjá beina útsendingu frá Kárahnjúkum þar sem Hálslón var fyllt. Notast var við sérstakan jarðsíma, eða uplink, sem sendir myndmerki beint í gervihnött. Þannig gat **Kristján Már Unnarsson** farið á kostum eins og vanalega í beinni útsendingu. Samkvæmt heimildum Bláu skeifunnar hættu forráðamenn RÚV við útsendingu úr gömlu myndsímunum þegar þeir sáu tækjakost fréttastöðvarinnar sem skömmu áður hafði verið lögð niður og er nú orðin háværkrafan hjá ríkisstofnunni að endurnýja tækjabúnað sinn ...



Og meira af NFS. Ekki urðu allir starfsmenn sáttir við breytingar á starfsumhverfi í kjölfar lokunar stöðvarinnar. Hinum eiturhressa fréttasnápi **Sindra Sindrasyni** var boðið að flytja sig úr Íslandi í dag í morgunfréttirnar en neitaði því boði pent enda leit hann á það boð sem skref niður á við. Sindri hefur hins vegar snúið aftur á Viðskiptablaðið, þar sem hann hóf ferilinn. Sindri hefði þó varla þurft að hafa áhyggjur af atvinnuleysi því hann er sonur milljónamæringsins Sindra Sindrasonar í Pharmaco og var þekktur í Skaftahlíðinni fyrir að vera eini maðurinn á flottari bíl en sjálfur forstjórinn **Ari Edwald**. Samkvæmt heimildum Bláu Skeifunnar munu þó fleiri gráta brotthvarf **Óla Tynes** af NFS en Óli mun hafa tekið uppsögninni afar illa...







*„Að mínu mati er fjölbreytt og sterkt atvinnulíf eitt það mikilvægasta fyrir lifandi og frjótt samfélag. Meðal annars þess vegna líður mér vel í Fjarðabyggð."*



Fjarðabyggð býður upp á öflugt og vaxandi atvinnulíf. Áhersla á fjölbreytt atvinnutækifæri og jöfn tækifæri karla og kvenna til atvinnu er meðal þess sem gerir Fjarðabyggð að framsæknu bæjarfélagi.

**Fjarðabyggð** er fjölbreytt samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.
Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | **þú ert á góðum stað** fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Neskaupstaður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku

# REYKJAVIK.COM
# REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.


Góð hljóðfæri eru nauðsynleg fyrir góða tónlistarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Gítar á góðum kjörum

***Benedikt Hermann Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm, hugsar ekki mikið um sparnaðinn. Það sést best á forláta minidisc-upptökutæki sem hann keypti en hefur lítið getað notað.***

Fyrir tíu árum keypti Benni fjögurra rása minidisc-upptökutæki í Tónabúðinni. „Tækið þurfti sérstaka tegund af mínídiskum sem voru eiginlega hvergi til á landinu, og heldur ekki neins staðar í heiminum að ég held. Það var alla vega voðalega erfitt að nálgast þá,“ segir Benni. „Þetta var eitthvað svona format-mutant sem ekki náði sér á strik.“

Tækið var ekki ódýrt en vegna sérstöðu diskanna gat Benni lítið notað það. Hann á það ennþá en það liggur niðri í skúffu þar sem það safnar ryki og mun að öllum líkindum gera um ómuna tíð.

Það þarf engum að koma á óvart að Benna finnst hann hafa gert bestu kaup sín á tónlistarsviðinu. „Bestu kaupin eru Martin-gítar sem ég keypti mér í vetur,“ segir Benni. „Þetta er fyrsti almennilegi gítarinn minn og verða að teljast góð kaup.“ Gítarinn fékk Benni á mjög góðum kjörum í Tónastöðinni. „Þeir eru svo skemmtilegir þar og ég fékk gítarinn á fínu verði gegnum hressileika þeirra,“ bætir Benni við.

Benni segist lítið hugsa um að spara en þvertekur í sömu andrá fyrir að vera eyðslukló. „Maður reynir að fara í Bónus eins oft og maður getur en maður á heima nálægt Krambúðinni og hún freistar manns alltaf,“ segir Benni. „Annars er ég eins og flestir í þessu, reyni að fara með öll stórinnkaup í Bónus en fer annars bara út í næstu búð.“ *tryggvi@frettabladid.is*

ENGLAKROPPAR
Heilsustúdíó
ERUM FLUTT!!
Í Langarima 21-23 (Miðgarði)
Grennum, stinnum, losum þig við appelsínuhúð, afeitrum líkamann, Fakebake brúnkumeðferð, leirvafningar, jurtavafningar og margt fleira.
4,6 og 8 vikna átak í boði!
Frábær opnunartilboð!
Þú nærð árangri hjá okkur!
Ókeypis prufutími og greining.
Pantaðu tíma
í s. 587-3750
Líka fyrir karlmenn!
www.englakroppar.is
Langarima 21-23
(Miðgarði)
sími 587-3750



SPRING AIR
THE NeverTurn MATTRESS
HEILSUDÝNUR



TILBOÐSDAGAR Í SEPTEMBER
MIKIÐ ÚRVAL AF SPRING AIR HEILSUDÝNUM OG RÚMUM
www.design.is ©2006
Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

þús. S. 669 5516.



Glæsilegur Volvo 440 árg.'96 til sölu vegna veikinda eiganda. Verð 250 þús. Uppl. í s. 552 4526.

## 0-250 þús.



Ég gefst upp! Fer á 185 þ. ef hringt í dag. Fiat Brava '97, 116þ.km. 848 7142.



Opel Astra'97 ek. 82 þús. góður bíll sk.'07.nýleg S/V dekk 200 þ. stgr. S. 695 2381.



VW Golf Comfortline 16v 1.4l. svartur árg. 2000 ek.120þ. v.650þ. uppl. í s. 567 7177.

Hyundai Elantra '95, skoðaður '06, lítur vel út. Tilboð óskast. S. 892 8820 & 822 5378.

Daihatsu Charade SG '91 ek. 157 þ., Tilb. 50 þús. S. 846 5832.

Til sölu Opel Corsa 1,4, '98, ek. 102 þús., 2 eigendur. Verð 250 þús. Uppl. í s. 899 1635.

Til sölu Mercedes Benz E300, '87. Biluð vél. Tilboð. sími 898 4154.

Frábær Renault Clio fyrir 95 þús. kr. Uppl. í s. 699 3237.

Toyoto Corola-xli, árg. '94 rauður ek. 162.000km sjálfskiptur skoðaður '07. V 180 þús. Uppl. í s. 551 8733 eða 617 7527.

Góður bíll Nissan Sunny árg. '95, ssk., sk. '07, vetradekk og felgur fylgja. Verð 215 þús. stgr. Uppl. í s. 867 6333 & 587 8333, Jóhann.

**Gæða bíll**
Subaru '92, 4x4, góður bíll. Verð 100 þ. Uppl. í s. 557 5858.

Til sölu Mitsubishi Pajero, stuttur, disel '88. Tilboð óskast. S. 899 2167.

Til sölu Opel árg. '95. Þarfnast smá viðg. Uppl. í s. 865 8232.

## 500-999 þús.



Vectra V6 2,5 '97, ek. 146 þ. Fjarstart, þjófavörn og margt fl. Verðhugmynd 690 þ. S. 698 7157.

Til sölu Opel Astra árg. '98, ek. 102 þús., sk. '07, ásett verð 600 þús., fæst gegn yfirtöku á láni 450 þús. + 100 þús. í pen. Uppl. í s. 867 6664.

Til sölu er Volvo V40 '99 1.6 Bsk. Ekinn 166 þús., verð 750 þús S. 868 8565.

## 1-2 milljónir



MMC L200 33", '99, ekinn 196 km. Mikið endurnýjaður, nýtt hedd og fleira. Uppl. í síma 869 4787.



Toyota Celica, árg. '00, ek. 98 þús. Reyklaus og búið að gera mikið fyrir hann. Verð 350 þús + yfirtaka láns. Uppl. í s. 692 3404.



Landrover Freelander árg. '00, ekinn 65 þús., 5 d., beinsk., nýleg heilsársd. Kr. 1150 þús. Uppl. í s. 864 1838

## Bílar óskast

Vantar 24-35 rúmmetra kassabíl með hliðaropnun og 1,5 tonna lyftu. Burðargeta 3-6 tonn. Uppl. í s. 695 2589.

Óska eftir vinnubíl á 0-50 þús. Uppl. í s. 865 1938.

Er að leita mér að disel jeppa 33"-38"breyttan. Er með Bmw 1.8ia96 station + allt að 400þús. S. 895 8786.

Óska eftir bíl á 50-100 þús. Helst ekki eldri en '95, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 844 1823.

0-150 þ. Staðgreitt, ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

## Jeppar



Mercedes Benz ML 350 Inspiration árg. 2003 3500cc, ek. 90 þ. km. Leður og lúga. Hiti og rafmagn í sætum, filmur, cd magasín, gps, o.m.fl. Verð aðeins 4.090 þ. Bill.is s. 577 3777.



Mercedes Benz ML 500 2002 Silfraður, Ek. 57 þ. km. Ssk., leðursæti, topplúga, dráttarbeisli, stigbretti, cd magasín, hiti, minni og rafmagn í sætum, loftkæling, GPS, ESP stöðugleikakerfi, þjónustubók. ATH. aðeins 1500 km síðan seinasta þjónustuskoðun. Verð aðeins 4.190 þ. Bill.is s. 577 3777.



Terrano II SE '96, 2.4, 5 gíra, ek. 178 þ. Sk. '07. V. 590 þ. Gott viðhald. Þjón. & smurbók. S. 660 4806.



Suzuki Grand Vitara 2000 til sölu. Verð 950 þús. Ek. 92.000 s. 699 7375.



Til Sölu Dodge Durango SLT 5,7 Hemi 2005, 350 hestöfl, steingrár, 7 manna, lítið keyrður. Toppeintak. Mjög vel með farinn, leður, dvd, magasín, aukahlutir Áhv. 2,6. Verð 3.500 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 692 2808.



Til sölu Nissan Terrano árg. '98 Bíllinn er ekinn 127þ. Ný 33" heilsársdekk, beinskiptur og sóllúga. Ný vatnskassi, loftflæði skynjari og yfirfarðar bremsur. Bíllinn er skráður 7. manna. Verð 1290þ. Upplýsingar í síma 899 2157.



Ford Explorer XLT árg. '04, ekinn 50 þús., 4.0, sjálfsk., 7 manna. Verð 2.700 þús. Uppl. í s. 864 1838

Pajero Sport, 2006 árg., diesel, ekinn 15.000km, 35" breyttur. Dvd búnaður - einn með öllu. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 820 7090.

## Vörubílar

Alternatorar, startarar og varahlutir fyrir flestar gerðir vörubíla, vinnuvéla og fólksbíla. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

Bens 914, með krana. 1999 árg., ekinn 380þ.km., hálfslitin dekk, með olíumiðstöð. Jarðvegsþjöppur eða steinsagir geta fylgt með. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl í s. 820 7090.

## Húsbílar



Til Sölu Húsbíll Clipper 80 ek. 23 þ. km.. árg 2003. Einn með öllu. Verð tilboð. Uppl. í síma 898 0119 & 898 8321.



Tveir captains stólar með snúning og svefnsófi nýtt verð 274 þ. sími 555 1800.

## Mótorhjól



Husaberg FE450E, nýsk. 23/06 '05, hvít nr. Vel m. farið, í mjög góðu standi, ek. 49 klst/1800km (nýr mótor í júní '06), vel við haldið, s. 899 9717.

Til sölu ný ósamansett bensín hlaupahjól, 43cc, rafstartað, rétt verð 49 þús., fást á 22 þús. Til afgreiðslu á laugardag og sunnudag. Uppl. í s. 693 5879.

## Vespur

Rauð vespa til sölu, 50 cc. Verð 120 þús. Uppl. í s. 698 9097.

## Vélsleðar

Ski doo 500 Rotax, 2001 árg., ekinn 3200 mílur. Með galla og hjálmi. Kerra og yfirbreiðsla. Nýtt belti og ný skíði. Ásett 750þús. Uppl. í s. 820 7090.

## Kerrur

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

## Vinnuvélar




JCB 4CX, 2004 árg., notuð 1300 tíma, nýleg dekk, með olíumiðstöð. Fæst gegn yfirtöku á láni. Jarðvegsþjöppur eða steinsagir geta fylgt með. Uppl. í s. 820 7090.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar

Vantar skrúfusett nr. 3 fyrir Duo Prop hældrif. Get sett nýja nr. 2 uppí ef vill. Uppl. í s. 898 1445.

## Bílaþjónusta

**Vantar þig pening strax?**
Tökum að okkur að kaupa bíla á lágmark 15-20% undir listaverði. Ath engin sölulaun og gefum verðtilboð strax sama dag. Allt kemur til greina. Sendu okkur mail á billausn@visir.is.

## Hjólbarðar

Til sölu nýleg 30" BF Goodrich All Terrain dekk á 15" álfelgum undan Suzuki Sidekick. Uppl. í síma 898 2010.

Til sölu 4 nýleg negld 15" VW Transporter dekk á nýjum felgum. Uppl. í s. 846 8190 & 866 3269.

## Varahlutir

**Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasölur.is**

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Alternatorar, startarar og varahlutir, fyrir (flestar gerðir) fólksbíla, vörubíla og vinnuvélar. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

Er að rífa VW Golf árg. '99 mikið af góðum varahlutum. Uppl. í síma 894 3063.

Tveir Toyota Hilux bílar, '91 dísel og '93 bensín. Uppl. í s. 898 7429.

Ýmsir varahlutir í Terrano 2, árg. '01. Einnig til sölu á mjög góðu verði Terrano Patfinder '95. Uppl. í s. 868 6354, 568 6861 og 866 3457.

## Viðgerðir




Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar, bílaviðgerðir og málmsmíði o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s. 864 4589 & 554 4589.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Klassa tilboð, mikið fyrir lítinn pening!**
16"pizza af matseðli
9"hvítlauksbrauð og gos
fylgir frítt með gegn því
að vera sótt á aðeins 1.690.-
**eða**
16" m/2 áleggjum,
9"hvítlauksbrauð og gos
fylgir frítt með gegn því
að vera sótt á aðeins 1.490.-
**Opið alla daga frá kl. 17-21**
Pizza 67, Austurveri
Háaleitisbraut 68.
**S. 800 6767**

Sjálfvirk vatnsdæla til sölu, hentug fyrir sumarbústaði ofl. Verð 8 þús. Uppl. í s. 553 4592 & 893 5125.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Frystiskápur á 10 þ., frystikista á 10 þ. Aircondition á 10 þ. Þvottavélá 12 þ. Uppþvottavél á 10 þ. Eldavél á 5 þ. Leðurstóll á 5 þ. 28 sjónvarp á 10 þ. Uppl. í s. 896 8568

Til sölu hjónarúm með 2 náttborðum, verð 15 þús., ísskápur verð 5 þús. Uppl. í s. 616 6765.

## Ýmislegt

**Lækkaðu bensínreikning**
með Power-Pill FE3. Nánari uppl. í Kristý, s. 863 4622.



Mazda6 SDN 2.0 TS. Árgerð 05/04. Sjálfskipt, sóllúga. Ekinn 42.000 km. Sími 540 5445.



Mazda3 5HB 1,6 TS Lúxus. Árgerð 05/04, sjálfskipt, sóllúga. Ekinn 5500 km. Sími 540 5445.

Toyota Land Cruiser, árg. '05. Skoda Octavia, árg. '06, ssk. dísel, auðveld kaup. Uppl. í s. 894 1518.

Til sölu Toyota Corolla XLI, '94, sk. '07, reyklaus. Tilboð óskast. Uppl. í s. 869 6977.

Nissan pallbíll með húsi, tveggja dyra, '93 til sölu. Vel út lítandi. Tilboð óskast. S. 557 7245 og 869 5365.

## Gefins

Hvít Gorenje eldavél í góðu standi, fæst gefins gegn því að vera sótt. Uppl. í síma 898 3273.

13 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 660 0128.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykrja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Skotvopn

Timbur, 1x6" og 2x4". Uppl. í s. 896 3068.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Er allt í drasli?**

**Láttu okkur um þrifin**

Láttu mig um púlið! Nýbyggingar, flutningsþrif og fyrirtæki. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tökum að okkur teppahreinsun, þrif á stigagöngum og flutningsþrif. Uppl. í s. 867 1730.

## ÞJÓNUSTA

**JÁRNABINDINGAR**
Tökum að okkur járnalagnir í stærri og smærri verk.
Hafðu samband og fáðu tilboð í efni og vinnu.
**Á.B.H. Járnabindingar ehf.**
Flugumýri 32, Mosfellsbæ.
Sími 517 7790 / 820 0190.

## ÞJÓNUSTA

**Alhliða bókhaldsþjónusta!**
Einbeittu þér að kjarnastarfseminni og láttu okkur sjá um bókhaldið.
*Bókhaldslausnir*
Pantaðu tíma hjá ráðgjöfum okkar í síma 530 9100.
Hlíðasmára 15 - 201 Kópavogur
Sími 530 9100 - Fax 530 9101

## ÚTIVIST

**Fyrirtæki - Starfsmannafélög - Félagasamtök**
Fjóhjólaferð í Haukadalsskógi
Er afþreying sem allir hafa gaman af!



Allar uppl. á www.atvtours.is eða í síma 892-4810 & 892-0566.

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

**American Style á Bíldshöfða og Hafnarfirði**
**Afgreiðsla og grill. Vilt þú vera hluti af vinningsliðinu og vinna á góðum vinnustað? Vaktavinna :) Mjög samkeppnishæf laun American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri. og góð íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir á www.americanstyle.is**

**KVÖLD OG HELGAR:**
**Ertu dugleg/ur í vinnu? Ef svo er þá áttu möguleika á að verða AKTARI. Sæktu um núna, www.aktutaktu.is**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í fullt starf og hlutastarf. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðstofuna Smart, Grensásveg. Dagvinna. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Örlagalínan**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Aukavinna um helgar.**
**Leitum af vönu fólki.**

**1. Þjónustufólk, kvöld og helgarvinnu. Lámarksaldur er 18 ár.**

**2. Dyravörðum, helgarvinna. Lámarksaldur er 25 ár. Upplýsinga um störfin veitir Sophus s. 893 2323. www.kringlukrain.is**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut 58-60**
**Óskum eftir að ráða dugmikið og þjónustulundað fólk til starfa í nýja og glæsilega verslun okkar að Háaleitisbraut 58 - 60. Eftirfarandi störf eru í boði:**

**-Fyrir hádegi frá 7:00 - 13:00 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Eftir hádegi frá 13:00 - 18:30 og einn dag aðra hverja helgi.**

**-Helgarvinna, tilvalin fyrir skólafólk.**
**Allar upplýsingar veitir Áslaug í síma 894 7407.**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf í helgarvinnu og seinni part virka daga. Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Bakaríið Kornið**
**Óskar eftir starfsfólki í hlutastörf og hálfsdagsstörf. Hentar fólki á öllum aldri. Um er að ræða bakarí frá Hafnarfirði, Grafavogi, og miðbæ Reykjavíkur. Uppl. í s. 864 1585 eða á kornid.is**

**Starfsmaður í eldhús.**
**óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu Upplýsingar í síma 864 6112.**

**Hjólbarðaverkstæði Nýbarði**
**Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669 eða á staðnum Goðatúni 4-6.**

**Starfskraftar og bakaranemar.**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 13 - 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19 við afgreiðslu og þrif. Gæti hentað skólafólki. Getum bætt við okkur bakaranemum. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

**Atvinna.**
**Óska eftir manneskju til afgreiðslustarfa í söluturni á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er frá 10-18 virka daga og 10-16 á laug. Upplýsingar í síma 664 7408.**

**Atvinna.**
**Fyrirtæki á stórreykjarvíkur svæðinu leitar eftir smiðum, í tímabundna vinnu. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 661 0117 Rúnar.**

**Veitingahúsið - Laugarás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

Óska eftir meiraprófsbílstjóra á steypubíl, verður að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. gefur Hávarður í s. 824 4150.

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra til starfa í Select Smáranum. Um er að ræða vaktavinnu. Nánari upplýsingar gefur Pálína í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

**Afgreiðsla og þjónusta**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í almenna afgreiðslu í Select á Vesturlandsvegi og á Bústaðavegi. Nánari upplýsingar gefur Pálína í síma 444 3000 eða með því að senda póst á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir verkamanni til jarðvinnuframkvæmda og fl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Kaffi Míland**
**Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri, sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður. Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.**

**Veitingahúsið Nings Wokbar.**
**Leitum að hressu og ábyrgðarfullu starfsfólki á Nings Wok Kringlunni. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í þjónustu og hafa gaman af því að vinna með mat. Leitað er að starfsmanni í dagvinnu mán-fimmtud. frá kl: 10.30-19.30 og föstud. frá kl. 10.30-15.00 og frí um helgar. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8832 eða á www.nings. is undir atvinnuumsóknir.**

**Bakarí í Kópavogi**
**Óska eftir að ráða starfsmann fast starf í verslun. Tvískiptar vaktir. Helgarvinna samkomulag. Uppl. í síma 897 0702 & 861 4545 Guðni.**

**Múrarar, byggingaverkamenn**
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari.

Starfsmaður óskast í 100% vinnu í leikskólanum Gullborg v/Rekagranda. Upplýsingar veitir Rannveig J. Bjarnadóttir leikskólastjóri í síma 562 2455 & 562 2414.

Maður vanur pípulögnum eða pípulagningarnemi óskast til starfa. Uppl. í s. 896 2908 eða umsókn sendist á landslagnir@simnet.is

Leikskólinn Ægisborg óskar eftir starfsfólki með reynslu af uppeldisstarfi með börnum. Hæfniskröfur eru áreiðanleiki, færni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 4810.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 13-18.30 virka daga. Möguleiki er á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Aðstoðarmaður í Blikksmiðju!**
Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

**Café Rosenberg**
Getum bætt við okkur starfsfólki, uppl. á staðnum eða í síma 862 2492, Þórður. Café Rosenberg, Lækjargötu 2.

Pípulagningamenn óskast til starfa nú þegar, um er að ræða framtíðarstarf fyrir rétta aðila á góðum vinnustað, getum einnig bætt við áhugasömum ófaglærðum starfsmönnum sem og nemum á samning. Upplýsingar í síma 840 0700 (Benni) eða í síma 840 0701 (Óskar). Upplýsingar um kaup og kjör ekki gefnar í síma). Pípulagnir Benna Jóns ehf, Njarðarbraut 3 d, 260 Njarðvík, Reykjanesbæ.

**Árbæjarapótek**
Lyfjatæknir eða vanur starfsmaður óskast. Upplýsingar gefur Kristján í síma 567 4200.

## Atvinna óskast

Kona frá vestur Evrópu leitar eftir vinnu frá 8-16. hafnar@simnet.is

Tek að mér vönduð þrif - Uppl. í síma 865 8264, Waldemar.

34 karlmaður óskar eftir vinnu tímabundið. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 891 9013.

Trésmiður óskar eftir inni vinnu. Uppl. í s. 855 2691.

## Tilkynningar



Þingeyskir meðmælagöngufélagar óska aðstandendum og velunnurum virkjanaframkvæmda á Austurlandi sem og allri þjóðinni til hamingju með daginn!

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

Landsins mesta úrval af lífrænum matvælum Maður lifandi

Heilsukostur -matreiðslunámskeið í Maður lifandi fullbókað. Næsta námskeið 11. október. Maður Lifandi Hæðarsmára og Borgartúni.

Rokktónleikar á Rauða Ljóninu Eiðistorgi, Perfect Disorder Savant og Silent Rivers. Frítt inn.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál










„Kvöldsögurnar" á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)




Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

**Símaspjall 908 2020**
Ég er komin til baka hress og kát eftir gott frí langar til að vera vinkona þín í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli. Opið allan sólahringinn.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

# Listamannalaun 2007

**Umsóknarfrestur listamannalauna rennur út 2. október kl.17.**

Eyðublöð fást á skrifstofu stjórnar listamannalauna Túngötu 14 og á **www.listamannalaun.is.**

Umsóknum skal skila á skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigar-stöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.

*Stjórn listamannalauna*



## Kirkjukaffi Súgfirðingafélagsins

Að lokinni messu í Bústaðakirkju, sunnudaginn 1. október n.k., verður hið árlega kirkjukaffi Súgfirðingafélagsins í safnaðarheimili kirkjunnar.

*Súgfirðingar, vinir og velunnarar, komið og njótið dagsins saman!*

Tekið verður á móti meðlæti frá kl. 11:00.

Viðlagasjóðsnefnd.

# STÁLTAK HF.

## AÐALFUNDUR

**Stjórn Stáltaks hf. boðar hér með til hluthafafundar föstudaginn 13. október nk. kl. 10.00. Fundurinn verður haldinn að Suðurlandsbraut 30, 5. hæð, Reykjavík.**

**Dagskrá:**

1. Breyting á 2. gr. samþykkta félagsins, þannig að heimilisfang félagsins verði eftirleiðis að Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.
2. Breyting 17. gr. samþykkta um fjölda stjórnarmanna, þannig að eftirleiðis verði stjórn félagsins skipuð 3 mönnum og 1 til vara og einnig að undirskriftir meirihluta stjórnar dugi til að skuldbinda félagið.
3. Kosning stjórnar
4. Framlagning ársreiknings.
5. Önnur mál.

**Stjórnin**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Frakkastígsreitur.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.172.1 Frakkastígsreit vegna lóðanna að Laugavegi 41, 41a, 43 og 43a, Hverfisgötu 58, 58a, 60 og 60a ásamt Frakkastíg 8.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að fjarlægja núverandi byggingar á lóðunum og byggja nýbyggingu allt að sex hæðum efstu hæðir inndregnar að hluta. Horft verði til þess að halda útliti framhliðar á Laugavegi 43. Verslunar og þjónustusvæði skal stallast á móti landhalla að Laugavegi og byggingar á móti norðri frá horni Frakkastígs og Hverfisgötu skulu einnig stallast. Íbúðarhúsnæði afmarkast frá þriðju hæð og uppúr frá öllum hliðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Höfðatorg.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlatúnsreit eystri, Höfðatorg, sem afmarkast af Borgartúni, Skúlatúni, Höfðatúni og Skúlagötu.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að Skúlatúnsreitur eystri verði ein lóð og nefnist hér eftir Höfðatorg, lóðarstækkun verði heimiluð við Höfðatún og Borgartún, heimilt verði að byggja íbúðarbyggð sem nemur allt að fimmtíu prósent af leyfilegu byggingarmagni eða allt að 300 íbúðir og að heimilt verði að byggja þrjú háhýsi á lóðinni, einu allt að 19 hæðum, öðru allt að 16 hæðum og því þriðja allt að 14 hæðum. Aðrir byggingareitir gera ráð fyrir sjö til níu hæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 29. sept. til og með 10. nóvember 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 10. nóvember 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 29. september 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090


...fyrir góðan dag!
KS
Bónustilboðin klár!
Sjáðu verðið!
Fersk nýslátruð lambalæri
FERSKT LÆRI KÍLÓVERÐ NÚ:
975 KR.
Merkt verð 1299KR.
25% afsláttur við kassann
BEINLAUS íslenskur lax
norðanfiskur
ÍSLENSKIR LAXABITAR kílóverð nú:
999 KR.
BEINLAUSIR
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
Kjúklinga bringur frosnar danskar 900g
Bragð sem allir elska!
ÁN SALTS ÁN MSG
POTTAGALDRAR
LAMBALÆRI
30% afsláttur við kassann
LAMBALÆRI PG kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
Egils Gull
EGILS GULL
49 KR.
500g
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
BÓNUS



EURO SHOPPER
EUROSHOPPER TELJÓS
179 KR.
100 STK.
100 teljós
Haustljósið
ORCHID
BOLSÍUS ILMKERTI
259 KR.
WILD CRANBERRY
USA DREAMS ILMKERTIN
399 KR.
USA Dreams ilmkertin
Ekkert bruðl!
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
Kornbrauð
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Tilboð
Smjörvi
Smjörvi 300g
139 KR.
20% afsláttur við kassann
GOUDA 17%
OSTA
SNEIDDUR 17% kílóverð nú:
930 KR.
Merkt verð 1163 KR.
BÓNUS EPLAKAKA
198 KR.
400g
Bónus eplakaka
Rúsínur 250g
LION
CALIFORNIA SEEDLESS RAISINS
RÚSÍNUR 250g
49 KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 1. október eða á meðan birgðir endast

# Prófessorinn og hryðjuverkin

## Umræðan

Ingvar Hallgrímsson svarar Hannesi H. Gissurarsyni.

Í Fréttablaðinu hinn 18. ágúst ritar Hannes Hólmsteinn Gissurarson grein um hryðjuverkavarnir á Keflavíkurflugvelli og lýsir þar einum möguleika á hryðjuverki, „sem hefði getað komið fyrir“ að hans dómi, en mér virðist mjög langsótt, ef ekki algjörlega óraunhæft.

Hannes hugsar sér, að tíu bandarískar þotur ættu að fara á loft samtímis frá Bretlandi til Ameríku. Þar um borð væru hryðjuverkamenn, sem laumuðu „eldfimum efnum með handfarangri sínum um borð“ til sprengjugerðar, og eiga að sprengja þoturnar tíu samtímis til að hindra gagnráðstafanir. Þoturnar urðu fyrir töfum og fóru ekki í loftið á sama tíma í þessu dæmi Hannesar (þó nú ekki væri) og „og hefðu aðgerðirnar (því) ekki orðið allar samtímis“. Hryðjuverkamönnunum „hefði tekist að sprengja þrjár þotur upp“. Flugstjórum hinna sjö þotna, sem eftir voru hefði borist vitneskja um ódæðin „og ákveðið að lenda tafarlaust á næsta flugvelli“ þ.e. í Keflavík. Átök hefðu þá orðið í þessum sjö þotum, og hefði hryðjuverkamönnunum tekist að ná þremur þeirra á vald sitt og grandað þeim, „en sérþjónustumenn, farþegar og áhöfn í fjórum öðrum (þotum) gátu varist“ og lentu þær þotur á Keflavíkurflugvelli. Með öðrum orðum: Farþegar og áhöfn – ásamt ótilgreindum „sérþjónustumönnum“ – í þessum fjórum þotum yfirbuguðu hryðjuverkamennina, sem eftir lendingu hafa þá væntanlega verið leiddir úr vélunum í hendur lögreglu handjárnaðir, vendilega bundir og afvopnaðir. Svo spyr Hannes í grein sinni: „Hvaða viðbúnað hefðu íslensk stjórnvöld haft, þegar fjórar farþegaþotur með stórhættulega hryðjuverkamenn innanborðs hefðu lent á Keflavíkurflugvelli?

Þetta dæmi, sem Hannes virðist búa til sjálfur, sýnir ekki stórhættulega hryðjuverkamenn sem lenda á Keflavíkurvelli. Í þessu sambandi eru þeir tæpast stórhættulegir eftir að hafa verið yfirbugaðir í flugvélunum, en það var forsenda þess að lent var í Keflavík. Þær þotur sem voru á valdi hryðjuverkamanna lentu ekki í Keflavík og hefðu aldrei gert, þeim hefði verið grandað á flugi. Í fljótu bragði virðist því nokkuð langsótt, ef ekki óraunhæft, að telja, að íslensk stjórnvöld hefðu þurft að hafa sérstakan viðbúnað til að taka á móti glæponum, sem þegar var búið að yfirbuga og afvopna.

*Þetta dæmi, sem Hannes virðist búa til sjálfur, sýnir ekki stórhættulega hryðjuverkamenn sem lenda á Keflavíkurvelli.*

Í dæmisögu sinni telur Hannes, að eftir að sjálfsmorðssveitunum hefði tekist að sprengja upp þrjár þotur, og að flugstjórum hinna sjö hafi borist vitneskja um það, hafi verið „ákveðið að lenda tafarlaust á næsta flugvelli“. Þá hefðu orðið „átök um borð í þotunum“ og glæponunum tekist að ná þremur þotum á vald sitt eins og greint er frá. Allt er þetta með miklum ólíkindabrag, því að hryðjuverkamönnunum mátti vera alveg sama hverjir stjórnuðu þotunum. Hefðu glæponarnir getað laumað „eldfimum efnum með handfarangri sínum um borð“ – eins og Hannes gerir ráð fyrir – eða á einhvern annan hátt, hefði ekki þurft nein slagsmál við áhöfn og farþega um yfirráð yfir þotunum. Hinum „eldfimu efnum“ eða sprengjum hefðu ódæðismennirnir fjarstýrt úr sætum sínum – bara ýtt á einn hnapp – með bros á vör. Engu máli skipti, hverjir stjórnuðu vélinni, átök við áhöfn og farþega voru alveg óþörf. Þau hefðu aðeins vakið sérstaka athygli farþega á glæpalýðnum, allt hefði þá getað farið út um þúfur. Engu máli hefði heldur skipt, þótt beygt hefði verið af leið til Keflavíkur.

Ef þessar tíu bandarísku farþegaþotur Hannesar hefðu komist á loft með sprengjur og hryðjuverkamenn innanborðs, hefðu engin óþarfa átök orðið í þotunum, glæponarnir hefðu setið hinir rólegustu í sætum sínum með glasið sitt og ýtt á sprengjutakkann að tæmdu glasi. Sagan hefði ekki orðið lengri, ekki hefði þurft að hugsa til lendingar hvorki í New York né í Keflavík. Engir „sérþjónustumenn“ hefðu verið til nokkurrar hjálpar, hvorki í lofti né á jörðu. Eina von farþeganna er fólgin í vandaðri leit að öllu því, sem gæti komið hryjuverkamönnunum að gagni.

*Höfundur er fyrrverandi kennari.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Evran verði eitt hundrað krónur

**Lúðvík Gizurarson skrifar um gengislækkun**

Lækka ætti gengið á öllum gjaldeyri strax í dag og setja evruna í eitt hundrað krónur. Síðan yrði gengið sett fast og evran = eitt hundrað krónur. Við vorum áður oft bundnir fastir við dollara en fórum svo síðast yfir í þetta uppboðsgengi sem hækkar upp og niður. Dollarinn hefur verið 60 krónur og einu sinni fyrir nokkuð löngu fór hann yfir eitt hundrað krónur. Er í dag 70 krónur.



**LÚÐVÍK GIZURARSON**

Um leið og evran er sett í eitt hundrað krónur yrði lánskjaravísitalan afnumin og allar vísitöluskuldir bannaðar. Ef fólk vildi taka erlent lán yrði það í evrum eða öðrum erlendum gjaldeyri þar sem engin vísitala er. Vísitalan yrði bönnuð. Stýrivextir afnumdir en þá verður að afnema um leið og verðtrygging er bönnuð.

Til að ráða framboði peninga yrðu lífeyrissjóðirnir fluttir í Seðlabankann en sjóðirnir eru 1200-1400 milljarðar. Stýrivextir Seðlabanka yrðu óþarfir og best að banna þá. Allir gætu fengið evrulán á evruvöxtum án vísitölu. Evruvextir eru mjög lágir, brot af stýrivöxtum.

Þetta er allt hægt að gera á viku eða að minnsta kosti mánuði. Útfærslan er mikil vinna. Ekki yrði gengið í ESB enda tekur það mörg ár. EES dugar í bili. Útfærslan er flókin en aðallega vinna og ekki rædd hér.

Fyrir nokkrum dögum vildu 47 prósent þjóðarinnar fá evruna í skoðanakönnun. Þarna er bent á einfalda leið enda vann höfundur í tíu ár í viðskiptaráðuneyti á árunum 1965-75. Það þarf að taka stýrivextina af Seðlabankanum. Svona er það hægt.

*Höfundur er hrl.*




2 fyrir 2.000 tilboðið er fáanlegt í öllum betri plötuverslunum um land allt

HORATIO NELSON (1758-1805) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

*Þegar í óefni er komið þarf að grípa til örþrifaráða.*

*Nelson flotaforingi var helsta hetja Breta í Napóleonsstríðunum.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. SEPTEMBER 1997

## Tengsl kúariðu og Creutzfeldt-Jakob

Á þessum degi árið 1997 staðfestu breskir vísindamenn að þeim hefði tekist að sýna fram á tengsl milli heilasjúkdóma í mönnum og kúm. Þá sögðu þeir líklegt að 21 einstaklingur í Bretlandi, sem hafði fengið nýtt afbrigði af Creutzfeldt-Jakob heilasjúkdómnum, hefði líklega veikst eftir að hafa borðað nautakjöt sýkt af kúariðu.



Vísindamennirnir töldu sig einnig geta sýnt fram á að líkurnar á því að sýkjast af Creutzfeldt-Jakob yltu að einhverju leyti á erfðasamsetningu fólks. Um 38 prósent landsmanna í Bretlandi voru með erfðasamsetningu sem gerði þá líklegri til að fá sjúkdóminn.

Kúariða greindist fyrst í Bretlandi árið 1986 og áratug síðar vöknuðu grunsemdir um tengsl veikinnar og Creutzfeldt-Jakob sjúkdómsins. Evrópusambandið lét setja útflutningsbann á breskt nautakjöt í kjölfarið. Árið 1998 leiddi opinber rannsókn í ljós 3.253 tilfelli af kúariðu og að átján hefðu látist úr Creutzfeldt-Jakob eftir að hafa borðað sýkt kjöt.

Kúariða hefur hingað til ekki valdið nærri eins miklum búsifjum og til dæmis gin- og klaufaveiki, en hefur engu að síður vakið athygli og ótta meðal manna vegna smithættunnar og hinna hræðulegu afleiðinga sem hún hefur í för með sér. Kúariða og Creutzfeldt-Jakob valda heilarýrnun sem leiðir að lokum til dauða.

### MERKISATBURÐIR

1567 Húgenottar reyna að ræna Karli IX Frakklandskonungi í trúarbragðastríðunum.

1906 Landssími Íslands tekur til starfa við hátíðlega athöfn.

1938 Adolf Hitler, Benito Mussolini, Édouard Daladier og Neville Chamberlain undirrita München-samkomulagið.

1974 Auður Eir Vilhjálmsdóttir tekur prestvígslu, fyrst íslenskra kvenna.

1978 Jóhannes Páll I páfi deyr eftir aðeins 33 daga í embætti.

1988 Bandaríkjamenn skjóta fyrstu mönnuðu geimferjunni á loft eftir Challenger-slysið hálfu þriðja ári fyrr.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Margrét Sigurðardóttir**
Granaskjóli 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 2. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

**Guðmundur Pétursson** **Þórunn Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Pétursdóttir** **Einar Gylfi Jónsson**
**Sigurður Pétursson** **Hansína Hrönn Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,*

**Sigrún Magnúsdóttir**
Meistaravöllum 9, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 3. október kl. 13.00.

**Harpa Jónsdóttir**
**Andrea Jónsdóttir** **Marinó Njálsson**
**Magnús Gunnlaugsson** **Ólöf Steinunn Einarsdóttir**
**Gunnlaugur Magnússon** **Valdís Sveinbjörnsdóttir**
**Helgi Grétar Magnússon** **Nadezda Klimenko**
**Svanhvít Magnúsdóttir**
**Ægir Magnússon** **Anna Bragadóttir**
**Katrín, Freyja og Nói Jón**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Henning Þorvaldsson**
húsasmíðameistari, Hamrabyggð 14, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 24. september. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 2. október kl. 13:00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á heimahlynningu Krabbameinsfélagsins s: 540 1900.

**J. Steinunn Alfreðsdóttir**
**Jóna Júlía Henningsdóttir** **Adólf Adólfsson**
**Henning Henningsson** **Ása Karin Hólm**
**Þorvaldur Jón Henningsson**
**Henný Jóna, Vigfús, Arnar Hólm, Lovísa Björt og Hilmar Smári.**



*Eiginmaður minn og faðir okkar*

**Dr. Jakob Sigurðsson**
Hraunteigi 28 Reykjavík

er látinn.

**Katrín Sívertsen**
**Hildur Jakobsdóttir Deakin**
**Björg Jakobsdóttir**
**Jón Örn Jakobsson**



**GUÐNI TÓMASSON, ÆVAR KJARTANSSON OG HAUKUR INGVARSSON.** Ævar ýtti þættinum úr vör ásamt Halldóru Friðjónsdóttur fyrir áratug en Haukur og Guðni halda boltanum rúllandi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**ÚTVARPSÞÁTTURINN VÍÐSJÁ:** FAGNAR TÍU ÁRA AFMÆLI

# Fár, upphlaup og hneyksli

Útvarpsþátturinn Víðsjá á Rás eitt fagnar tíu ára afmæli sunnudaginn 1. október. Guðni Tómasson og Haukur Ingvarsson, umsjónarmenn þáttarins, taka hins vegar forskot á sæluna í dag með sérstakri afmælisútgáfu.

„Við gleðjumst með okkar hætti," segir Guðni. „Það verða sjálfsagt ekki miklar flugeldasýningar enda væri það ekki í anda þáttarins, en við ætlum að fá til okkar góða gesti og líta yfir farinn veg. Við höfðum hugsað okkur að taka sérstaklega fyrir fár í íslensku samfélagi, upphlaup og hneyksli. Þegar maður lítur yfir sviðið skjóta einkennilegir hlutir reglulega upp kollinum sem þjóðin virðist fá æði fyrir. Nýjasta dæmið er auðvitað Magni Ásgeirsson." Auk þess að fá spaka menn og konur til að rýna í þjóðarsálina stíga nokkrir af fremstu djassleikurum landsins á svið og flytja íslensk lög í nýjum búningi.

Ævar Kjartansson og og Halldóra Friðjónsdóttir ýttu Víðsjá úr vör á sínum tíma í þeim tilgangi að fylgjast með menningarlífinu á Íslandi. „Mér skilst að þau hafi gert með sér samkomulag, eins konar stefnuskrá þáttarins, um að fylgjast með menningarlífinu vel fram á 21. öld," segir Guðni. Mannabreytingar hafa orðið í áranna rás. Undanfarin ár hefur Eiríkur Guðmundsson haft umsjón með þættinum en hann tók sér hlé frá störfum til að sinna skriftum og lagði stjórntaumana í hendur Guðna og Hauks. „Við höldum boltanum rúllandi en margt gott fólk hleypur undir bagga," segir Guðni og telur gott að nota tíu ára afmælið til að fara í smá naflaskoðun. „Ég held að flestir séu sammála um að hófleg íhaldssemi virki best á Rás eitt, þannig að það verða engar kúvendingar. En við stöldrum ábyggilega við þessi tímamót og skoðum hvort það er eitthvað sem við viljum breyta."

Víðsjá er að öllu jöfnu á dagskrá alla virka daga milli klukkan 17 og 18. Afmælisútgáfan verður hins vegar í lengri kantinum og hefst klukkan 16.13 en Guðni minnir á að þættina má líka nálgast á heimasíðu Ríkisútvarpsins í tólf daga á eftir útsendingu.

bergsteinn@frettabladid.is



*Ástkær sonur okkar, fóstursonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Kristján Þórðarson**

varð bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 23. september. Jarðarför auglýst síðar.

**Aðalheiður Kristjánsdóttir** **Vigfús Árnason**
**Þórður Rafn Guðjónsson** **Jónína Björnsdóttir**
**Guðjón Þórðarson** **Jensína Helga Finnbjarnardóttir**
**Ingvar H. Þórðarson**
**Elísa Vigfúsdóttir** **Guðmundur Þorleifsson**
**Sigrún Óladóttir** **Hafsteinn Stefánsson**

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Inga Björk Halldórsdóttir**
Fellaskjóli, Grundarfirði,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 30. september kl. 14.00.

**Anna Dóra Markúsdóttir** **Jón Bjarni Þorvarðarson**
**Benjamín Markússon** **Anna María Hedman**
**Kristín Markúsdóttir**
**barnabörn**
**Jenný Halldórsdóttir** **Guðmundur Finnsson**
**Ása Helga Halldórsdóttir** **Ingvi Árnason**
**Sigurbjörg Halldórsdóttir**




VERSLUNIN ER FULL
AF NÝJUM VÖRUM

FABRIKAN

TEKK
COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS




# STUÐ MILLI STRÍÐA Sjóndeildarhringurinn víkkaður

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ÆTLAR EINHVERN TÍMANN MEÐ SITT BARN TIL KÍNA.



Upp á síðkastið hef ég aðeins verið að fylgjast með þættinum Krókaleiðir í Kína á Skjá einum og verð að viðurkenna að ég er virkilega hrifin. Mér finnst það ótrúlega sniðugt hjá pabba stráksins sem þátturinn fjallar um að hafa farið með hann í svona ferðalag og leyft honum að kynnast annarri menningu og öðrum siðum en hann á að venjast. Það er líka greinilegt að strákurinn hefur lært mikið á ferðalaginu, auk þess sem það er alltaf gott fyrir börn og unglinga að fá að eyða tíma með foreldrum sínum.

Þegar ég var yngri fór ég sjálf í nokkur frábær ferðalög með foreldrum mínum og alltaf gengu þau út á að sjá sem mest og læra eitthvað nýtt. Reyndar kom það fyrir að ég reyndi að fá foreldra mína til þess að fara frekar með mig á sólarströnd, því stundum öfundaði ég hinar stelpurnar þegar þær komu sólbrúnar og sætar heim úr sumarfríinu þar sem ég var venjulega næpuhvít eftir endalausar skoðunarferðir um söfn, kirkjur og kastala. Eftir að ég eltist er ég foreldrum mínum hins vegar mjög þakklát fyrir allt sem þau sýndu mér og allan tímann sem þau gáfu mér og mjög fegin að þau voru ekki foreldrar sem fara í utanlandsferðir til þess eins að hanga á barnum á meðan börnin busla í einhverri sundlaug.

Ég bý ennþá að þeirri þekkingu og reynslu sem ég öðlaðist á ferðalögunum með foreldrum mínum og held að það sé fátt sem foreldrar geta gefið börnunum sínum sem jafnast á við það að víkka sjóndeildarhring þeirra á þennan hátt. Nú á tímum neysluhyggju eru foreldrar farnir að eyða sífellt hærri upphæðum í gjafir handa börnunum sínum við hin ýmsu tilefni og einhvern veginn held ég að ferðalög til framandi landa þar sem börnin fá að kynnast einhverju nýju og eyða tíma með foreldrum sínum búi þau betur undir framtíðina en heimabíó, fjórhjól eða vatnsrúm.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Svínsgarnir í kjötsoði vinsælar í pólskri verslun

**Pólska matvörubúðin Minimarket í Breiðholtinu er þegar komin með fastan kúnnahóp, en hún var opnuð fyrir um fjórum mánuðum.**



**STANISLAW KOWAL** Stanislaw hefur komið víða við síðan hann flutti til landsins fyrir sex árum og meðal annars verið tryggingaráðgjafi hjá KB banka og VÍS.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það eru margir Íslendingar sem versla hér, en Pólverjar eru meirihluti viðskiptavinanna,“ sagði Stanislaw Kowal, annar eigandi pólsku matvörubúðarinnar Minimarket í samtali við Fréttablaðið. „Margir kaupa allt inn hjá okkur og vilja frekar versla hér en annars staðar,“ sagði Stanislaw. Í búðinni má fá mikið af pólskum matvörum, þó að einnig megi sjá kunnugleg vörumerki á hillunum. Úr hátölurum óma fréttir af pólskri útvarpsstöð, sem Stanislaw segir vera vinsælt meðal viðskiptavina sinna. „Það er eitthvað af mönnum hérna í nágrenninu sem heyra aldrei fréttir, eða skilja þær ekki. Þeir koma hingað að versla og fá fréttir á pólsku í leiðinni,“ segir hann.

Stanislaw rekur innflutningsfyrirtæki og heildsölu ásamt samstarfsmanni sínum, Piotr Jakubek. „Við byrjuðum á því að flytja inn pólskan bjór, svo opnuðum við heildsöluna og loks búðina,“ útskýrði hann. Þeir eru með umboðið fyrir Tymbark-ávaxtasafa sem Stanislaw segir hafa vakið mikla lukku hjá skólakrökkunum í nágrenninu. „Hann fæst hvergi annars staðar,“ segir Stanislaw og mælir sérstaklega með kókoshnetu-banana-ananas safanum. Aðspurður hvaða vörur séu vinsælastar meðal Pólverjanna bendir Stanislaw á saltar agúrkur í ýmsum myndum. „Niðursoðið kjötálegg er líka mjög vinsælt, og svo flaki.“ Stanislaw útskýrir að flaki sé svínsgarnir í kjötsoði, en bætir því snögglega við að hann borði þær ekki sjálfur.

Í hillunum má líka finna niðursoðna piparrót og rauðrófur, hvers kyns krydd sem Stanislaw segir ekki fást annars staðar á landinu og innflutt vatn í flöskum, en það gæti komið íslenskum viðskiptavinum nokkuð undarlega fyrir sjónir. Aðspurður hvort vatnið seljist vel skellir Stanislaw upp úr. „Það selst ekki. Þetta er meira til gamans,“ bætir hann við.

Stanislaw segist stefna á að gera meira fyrir íslenska viðskiptavini sína. „Ég ætla jafnvel að vera með sýnishorn af vörunum í boði um helgar,“ segir hann. Þar sem pólsk menningarvika stendur nú yfir í Reykjavík er kannski ekki úr vegi að bregða sér í menningarlegan matarleiðangur í Breiðholtið. sunna@frettabladid.is



**FLAKI** Svínsgarnir í soði eru vinsælar hjá pólskum viðskiptavinum Minimarket.



**NIÐURSOÐIÐ KJÖTÁLEGG** Á hillunum má finna ýmsa framandi rétti.

# Stjarna Beyoncé fellur

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Hvað er svo sem hægt að segja um Beyoncé sem ekki hefur verið sagt áður? Hún er glæsileg, frábær söngkona og hingað til hefur aldrei verið hægt að setja út á frammistöðu hennar á sviði eða á plasti. Því miður er ekki hægt að segja það sama þegar kemur að kvikmyndaleik. Eða, ef satt skal segja, öllu því sem hún velur sér að gera þegar hún er ekki að syngja. Hún dettur heldur ekkert úr sölukonuhlutverkinu á nýju plötunni. Heil síða í bæklingnum er tileinkuð nýju fatamerki hennar og síðasta lagið á plötunni er auglýsing fyrir væntanlega bíómynd sem hún leikur í. Ég er kannski gamaldags, en mér finnst ennþá listamenn geta eyðilagt trúverðugleika sinn með því að nota nafn sitt í að selja hluti sem koma tónlist þeirra ekkert við. Fyrir vikið verður líka bara erfiðara að taka stúlkuna alvarlega þegar hún er að röfla á milli laga um hversu miklum hughrifum hún hafi orðið þegar hún var að leika í nýju myndinni. Mér leið eins og ég hafi verið með sölumann í stofu hjá mér.

Allt þetta myndi auðvitað ekki skipta neinu máli ef nýja platan hennar væri góð. Svo er ekki. Svo virðist sem Beyoncé sé með sama fjöldaframleiðsluhugarfar þegar kemur að tónlistarsköpun og hún hefur í öllum öðrum. Flest lögin hljóma eins og tilraun til þess að endurskapa þá fáu slagara sem hún hefur átt á sólóferli sínum. Jay-Z er allt of áberandi í þeim lögum sem hann kemur fyrir í (var hann ekki annars hættur?) og restin er svo ógripandi að ég gæti ekki raulað lag af þessari plötu til þess að bjarga lífi mínu, þó að ég sé búinn að renna henni í gegn fjórum sinnum. Hefði ekki getað orðið fyrir meiri vonbrigðum með þessa plötu, held ég.

En ég hlýt að hafa rangt fyrir mér, því á disknum sem ég er með er límmiði þar sem stendur að platan innihaldi „risaslagarana“ (eða the massive hits) Deja Vu, Check on It og Ring the Alarm. Finnst það örlítið stórt til orða tekið miðað við þá staðreynd að það er enn töluverður tími þangað til tvö þeirra verða send í útvarpsspilun. Hvernig fer annars framleiðandinn að því að vita svona fyrir fram? Kannski við ættum að spyrja manninn sem forritar “shuffle”-lagalista útvarpsstöðvanna?

Birgir Örn Steinarsson



**BEYONCÉ**

B'DAY

**Niðurstaða:** Fyrir þremur árum síðan hefði Beyoncé getað unnið forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Með þessu áframhaldi kæmist hún ekki einu sinni í ritarastöðu í Hvíta húsinu. Önnur breiðskífa hennar er arfaslöpp.





ASKJA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

E-Class í nýju ljósi

Fágun er orðið sem lýsir nýja E-Class bílnum einna best. Nálægt 40% af bílnum hafa verið endurhönnuð með fullkomnun í huga. Meðal helstu nýjunga er skynvæddur ljósabúnaður (Intelligent Light System) sem gerir aðalljósunum kleift að lýsa betur upp umhverfi bílsins en áður hefur þekkst án þess að trufla aðra umferð. Einnig má nefna háþróað stöðugleikakerfi og aðrar framúrskarandi öryggislausnir sem hafa skilað honum betri niðurstöðum í bílprófunum en nokkrum öðrum bíl.

E-Class bíllinn fæst með allt að 514 hestafla vél og dísilvélarnar skila allt að 314 hestöflum. Það er ljóst að Mercedes-Benz E-Class er einstakur akstursbíll sem þú verður að upplifa.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi.

**Kl. 21.00**

*Leiksýningin Mávur verður flutt í galleríinu Populus Tremula á Akureyri. Verkið, sem byggir á smásögu Halldórs Laxness, Jón í Brauðhúsum, er samið og flutt af Kötlu Aðalsteinsdóttur og Rögnu Gestsdóttur. Hljóðmaður er Ingimar Björn Davíðsson. Húsið verður opnað kl. 20.30, aðgangur er ókeypis.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# *Svartklætt séní frá Póllandi*

Látbragðsleikarinn Ireneusz Krosny brúar öll landamæri tungumála í list sinni, en hann er nú staddur hér á landi í tilefni af Pólskum menningardögum og sýnir þrjár sýningar í Þjóðleikhúsinu.

Krosny hefur haft hina orðlausu list að aðalstarfi síðan 1992, þegar hann stofnaði eins manns leikhópinn One Mime Theatre. Hann hefur getið sér gott orð víða um Evrópu fyrir sýningar sínar og hlotið fjölda verðlauna.

Frumleiki Krosnys nær bæði til viðfangsefna hans og tækni en hann hefur um árabil þróað sinn persónulega stíl sem gefur að sögn til kynna að látbragðið sé leikur einn, sem þó er ekki raunin enda um mikla nákvæmnislist að ræða.

Krosny kitlar hláturtaugar gesta Þjóðleikhússins kl. 20 í kvöld en hinar tvær sýningarnar verða á sama tíma, laugardags- og sunnudagskvöld.

Frekari upplýsingar um dagskrá Pólsku menningardaganna má finna á heimasíðunni, www.polska.is.



**LEIKLIST ÁN ORÐA Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** Krosny heimsækir Ísland í tilefni af Pólskum menningardögum.

## > Ekki missa af ...

föstudagskvöldi með djasstríóinu **Jagodinzinski** sem leikur í Þjóðleikhúskjallaranum í tilefni af **Pólskum menningardögum.** Þeir félagar eru þekktir fyrir að djassa upp sjálfan **Chopin**.

laugardegi í **Listasafni Reykjavíkur**. Í Hafnarhúsi fremja listakonurnar **Ingibjörg Magnadóttir** og **Kristín Eiríksdóttir** óborganlegan gjörning með utanaðkomandi aðstoð.

sunnudegi í **Norræna húsinu** þar sem rússnesku tónlistarmennirnir **Alexander Dimitriev** og **Vitaliy Dimitriev** frá Pétursborg leika listir sínar á dragspilið kl. 16.

# Málverk Matisse og Renoir á Íslandi

**Listasafn Íslands mun sýna liðlega sjötíu listaverk franskra expressjónista, þar á meðal verk eftir Henri Matisse og Auguste Renoir, í tengslum við menningarhátíð sem Frakkar halda á Íslandi.**

Sýningin „Un Regard Fauve“ ferðast hingað frá Musée des Beaux-Arts listasafninu í Bordeaux í Frakklandi og verður opnuð um miðjan desember en hún mun standa fram í febrúarmánuð.

Franski expressjónisminn, fauvisminn, var afdrifaríkur tími innan málaralistarinnar og náði stefnan hámarki sínu í kringum 1905. Málverkið var skilgreint að nýju en öll túlkun viðfangsefnisins og róttæk litameðferð einkenndist í grundvallaratriðum af þörf málarans til að nota litinn sem tjáningarleið fyrir tilfinningar og skoðanir. Sýningin endurspeglar markvissa söfnun Listasafnsins í Bordeaux á málverkum fauvistanna, og má rekja í henni upphaf og þróun uppreisnar litarins við lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar.

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, segist eiga vona á góðri aðsókn á sýninguna enda sé það ávallt viðburður þegar verk hinna miklu meistara listaheimsins séu sýnd hér á landi. „Þetta verður í fyrsta sinn sem fauvisminn eða franski expressjónisminn verður sýndur eða kynntur sérstaklega hér á landi. Þessir listamenn eru auðvitað vel þekktir og vinsælir en það er dálítið annað að sjá verk þeirra hér eða í heimkynnum þeirra erlendis,“ segir hann og áréttar að mikilvægt sé að skoða sýningu sem sýninguna í víðara samhengi. „Þessi sýning varpar ákveðnu ljósi á alþjóðleg tengsl íslenskra listamanna við strauma og stefnur erlendis. Kynslóð íslenskra myndlistarmanna á millistríðsárunum tengdist þessum listamönnum talsvert og því munum við til dæmis verða með sérsýningu á verkum Jóns Stefánssonar, en hann var eini íslenski nemandi Henri Matisse.“

Undanfarin ár hefur Listasafn Íslands unnið markvisst að því að byggja upp alþjóðleg tengsl við erlend söfn og því hafa stórar sýningar á meistaraverkum ratað hingað til lands, til dæmis sýning á franskri 19. aldar myndlist. Fjölmargir aðilar koma að skipulagningu þessa listviðburðar, þar á meðal menntamálaráðuneytið og franska sendiráðið en sýningin þjófstartar menningarhátíð sem haldin verður á þeirra vegum eftir áramót. **-khh**



**ÓLAFUR KVARAN, FRAMKVÆMDASTJÓRI LISTASAFNS ÍSLANDS** Segir mikilvægt að skoða sýninguna í samhengi við íslenska listasögu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VERK HENRIS MATISSE** Frönsku expressjónistarnir til sýnis á Íslandi í fyrsta sinn.

# Að greina fortíðina

Gestir Þjóðminjasafnsins geta sett sig í spæjarastellingarnar því á morgun verða opnaðar tvær forvitnilegar sýningar sem virkja athyglisgáfurnar ekki síður en minnið. Í Myndasalnum verður sýningin „Ókunn sjónarhorn“ en þar gefur að líta myndir í eigu Þjóðminjasafnsins af óþekktum stöðum, húsum og fólki sem gestir eru vinsamlegast beðnir um að bera kennsl á ef mögulegt er.

Á hverju ári berst Þjóðminjasafni Íslands fjöldi ljósmynda til varðveislu en mjög misjafnt er hve vel og nákvæmlega myndirnar eru skráðar og þótt allar myndir hafi ákveðið gildi í sjálfu sér eykst það og margfaldast við að þekkja það sem myndin sýnir. Þjóðminjasafnið hefur áður brugðið á það ráð með góðum árangri að sýna óþekktar myndir og leita eftir liðsinni safngesta við að þekkja og greina myndefnið og hefur það spurst vel fyrir.

Á sýningunni verða tæplega 150 ljósmyndir víða að af landinu sem þarf að greina, flestar teknar á tímabilinu 1930-1950. Skráningarblöð liggja frammi við sýninguna. Hjálp frá gestum Þjóðminjasafnsins getur gefið þessum myndum nýtt líf og gert þær að mikilsverðari heimildum um fortíðina.

Samtímis verður opnuð sýning á ljósmyndum Gunnlaugs P. Kristinssonar á Veggnum fyrir framan Myndasal Þjóðminjasafnsins. Gunnlaugur var virkur áhugaljósmyndari á Akureyri upp úr miðri 20. öld. Hann tók myndir af samfélaginu sem hann lifði og starfaði í, umhverfinu, viðburðunum og hversdagsleikanum heima og heiman. Gunnlaugur veitti samtímamönnum sínum hlutdeild í þessum myndum með því að birta þær í bæjarblöðum en hann var auk þess fréttaritari sjónvarpsins á Akureyri um fjórtán ára skeið og birtust þá svarthvítar myndir hans í fréttum.

Sýningin Myndir úr lífi mínu kemur frá Minjasafninu á Akureyri en þar er ljósmyndasafn Gunnlaugs P. Kristinssonar varðveitt.

Sýningarnar verða opnaðar kl. 16 á morgun en þær standa til 26. nóvember.



**HVER ER ÞESSI SIPPANDI KONA?** Þjóðminjasafnið leitar til gesta sinna og leitar liðsinnis við að bera kennsl á fólk, byggingar og staðhætti.



**VALGERÐUR BERGSDÓTTIR** Sýningu á verkum mæðgnanna Valgerðar Briem og dóttur hennar Bergsdóttur er að ljúka í Gerðarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mæðgur í Gerðarsafni

Nú eru síðustu forvöð að skoða verk Valgerðar Briem á sýningunni „AND-LIT“ í Gerðarsafni, sem hefur vakið mikla athygli og umtal að undanförnu. Valgerður var einn áhrifamesti teiknikennari þjóðarinnar og skildi eftir sig safn merkilegra teikninga sem voru þó sjaldan sýndar opinberlega meðan hún var á lífi. Hefur Valgerður verið kölluð huldukona í íslenskri myndlist og er löngu tímabært að hún fái þann sess í íslenskri listasögu sem henni ber. Sýningunni lýkur sunnudaginn 1. október.

Dóttir Valgerðar Briem, Valgerður Bergsdóttir, býður upp á leiðsögn um verk móður sinnar um helgina og eru listunnendur hvattir til að láta þessa merkilegu sýningu ekki fram hjá sér fara. Valgerður Bergsdóttir fjallar einnig um eigin verk, sem sýnd eru á neðri hæð safnsins en sýning hennar hefur yfirskriftina „Teikn og hnit“.

Gerðarsafn er opið frá 11-17 en Valgerður Bergsdóttir verður með leiðsögn kl. 15, laugardag og sunnudag. **-khh**





**HARUKI MURAKAMI** Fékk verðlaunin fyrir Blind Willow, Sleeping Woman.

# Murakami verðlaunaður

Japanski rithöfundurinn Haruki Murakami hlaut á dögunum Alþjóðlegu smásagnaverðlaunin sem kennd eru við Frank O'Connor.

Verðlaunin hlaut hann fyrir smásagnasafnið Blind Willow, Sleeping Woman sem myndi útleggjast sem Blind eik, sofandi kona á íslensku.

Öll ný smásagnakver sem gefin hafa verið út á ensku undanfarna tólf mánuði eru gjaldgeng til verðlaunanna, sem nema rúmlega þremur milljónum króna.

Engin önnur smásagnaverðlaun gefa jafn mikið í aðra hönd og þessi.

Murakami deilir verðlaunafénu með þýðendum sínum, Philip Gabriel og Jay Rubin, en sá síðarnefndi tók við verðlaununum fyrir hönd Murakamis.

Í ræðu sinni sagði Rubin að rétt eins verk O'Connors einkenndust verk Murakamis af hinu sammannlega. - bs

# Af hugástum og árekstrum

**Íslenska óperan heldur upp á 250 ára afmæli Mozarts með uppfærslu á óperu tónskáldsins, Brottnáminu úr kvennabúrinu, sem frumsýnd verður í kvöld. Dramb og hefndir, ástir og sáttfýsi krydda ævintýralegan söguþráð óperunnar sem skartar sönnum sviðsstjörnum.**

Hljómsveitarstjórinn Kurt Kopecky útskýrir að nýfengið frelsi tónskáldsins unga, sem hírst hafði í dapurlegri þjónustu erkibiskupsins í Salzburg árum saman, megi vel merkja á verkinu. „Þetta var fyrsta stóra óperan hans en hann hafði lengi beðið þessa tækfæris," segir hann.

Mozart var ungur og ástfanginn maður í Vínarborg þegar hann samdi óperuna en hann lauk við verkið árið 1782. Stúlka samnefnd aðalkvenhetju verksins átti hug hans allan á ritunartímanum enda giftist tónskáldið síðar Konstönsu sinni án samþykkis föðurs síns. Verkið sjálft hlaut frábærar viðtökur og varð vinsælasta ópera Mozarts meðan hann lifði.

## Ást og hefndarfýsn

Viðfangsefni óperunnar er för aðalsmannsins Belmontes að landsetri tyrkneska höfðingjas Selim þar sem Belmonte freistar þess að ná unnustu sinni Konstönsu úr haldi en hún er fangi í kvennabúri höfðingjans ásamt þjónustustúlkunni Blonde. Ást í meinum, almennur misskilningur og hádramatískir fagnaðarfundir koma við sögu en með helstu hlutverk fara Angela Gilbert og Finnur Bjarnason, sem syngja hlutverk elskendanna ungu, og Katharina Th. Guðmundsson og Bjarni Thor Kristinsson sem túlka þjónustustúlkuna Blone og hinn ófyrirleitna Osmin sem er ráðsmaður Selmins og mikill örlagavaldur í verkinu.

## Margbreytileg músík

Tónlistin í Brottnáminu úr kvennabúrinu er einkar fjölbreytt og sameinar nánast alla þá stíla og strauma sem þekktir voru í sígildri tónlist þess tíma. „Verkið er raunar í þremur lögum, það er alvarlega ástarsagan milli Konstönsu og Belmonte sem saga Selims fléttast við, svo er það sagan af þjónustufólkinu Blonde og Pedrillo sem er aðeins léttari og síðan er það Osmin sem er næstum farsakennt hlutverk enda er hann fremur grótesk persóna," útskýrir Kopecky og bætir því við að hlutverk þessi séu ögrandi og erfið fyrir söngvarana enda draumarullur í hugum margra.

Fjölmennur kór og hljómsveit tekur þátt í sýningunni en Kopecky til fulltingis er Daníel Bjarnason aðstoðarhljómsveitarstjóri og leikstjórinn Jamie Hayes. Leikmyndahönnuðurinn Snorri Freyr Hilmarsson laðar fram tyrkneska andrúmsloftið með hjálp Filippíu Elísdóttur og Björns Bergsteins Guðmundssonar sem sjá um búninga og ljós.

## Öðruvísi söngleikur

Brottnámið úr kvennabúrinu er gamanópera og flokkast sem „Singspiel" sem í beinni þýðingu útleggst sem söngleikur. „Verkið er sungið á þýsku en milli aríanna og tónlistarinnar er flutt talað mál á íslensku," útskýrir Kopecky en þess má geta að leikarinn Pálmi Gestsson fer með talhlutverk í sýningunni og leikur sjálfan Tyrkjahöfðingjann Selim. „Þetta verk er samt ekki bara einföld afþreying heldur dramatísk saga sem í raun fjallar um átök tveggja menningarheima. Það viðfangsefni á jafnvel við núna og á ritunartímanum þegar Tyrkjaveldi náði næstum að landamærum Vínarborgar. Líkt og með allar góðar sögur er togstreita persónanna táknræn fyrir átök í stærra samhengi."

Aðeins tíu sýningar verða á óperunni en hún verður frumflutt kl. 20 í kvöld.

kristrun@frettabladid.is



**ÞJÓNINN PEDRILLO LEGGUR BELMONTE LÍFSREGLURNAR** Snorri Wium og Finnur Bjarnason í hlutverkum sínum í óperunni Brottnámið úr kvennabúrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**HLJÓMSVEITARSTJÓRINN KURT KOPECKY** Stýrir flutningi á dramatískri sögu um átök tveggja menningarheima. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SITJI GUÐS ENGLAR

Eftir Guðrúnu Helgadóttur

Leikgerð: Illugi Jökulsson Leikstjóri: Sigurður Sigurjónsson



Frumsýnt í kvöld kl. 20:00 á Stóra sviðinu!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**HLJÓMSVEITIN MIRMA FRENZY** Frumsamið efni og fönk í Lækjargötunni í kvöld.

# Æði á Rósenberg

Hljómsveitin Mimra Frenzy heldur tónleika á Café Rósenberg við Lækjargötu kl. 22 í kvöld. Sveitin leikur laglega blöndu af djass, blús og smá fönki ásamt frumsömdu efni.

Sveitina skipa María Magnúsdóttir söngkona, Egill Antonson sem leikur á hljómborð, Ingólfur Magnússon sem spilar á bassa og Þorvaldur Ingveldarson sem lemur húðir.

Hljómsveitin heldur aðra tónleika á sama stað annað kvöld og hefjast þeir á sama tíma. Allir velkomnir og er aðgangur ókeypis.



**KOLBRÚN JARLSDÓTTIR, HRÖNN KRISTINSDÓTTIR OG ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR** Verða allar eldhressar á stofnfundi WIFT á laugardaginn þar sem Ilmur mun troða upp ásamt stöllum sínum úr Stelpunum en eins og gefur að skilja eru leikkonur að sjálfsögðu fullgildir meðlimir í samtökunum.

# Konur í sjónvarpi og kvikmyndum safna liði

Samtök kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum, Women in Film and Television, voru stofnuð í Los Angeles á sjöunda áratugnum með það aðalmarkmið að stuðla að fjölbreytni í myndrænum miðlum með því að virkja konur, gera þær sýnilegri og styðja þátttöku þeirra í öllum hlutverkum í framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis.

Samtökin starfa nú í rúmlega fjörutíu löndum og eru með yfir 10.000 skráða meðlimi. Íslenskar konur sem starfa við kvikmyndir og sjónvarp ætla að koma saman á laugardaginn og stofna formlega Íslandsdeild WIFT með málþingi sem haldið verður í tengslum við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík.

„Við vonumst með þessu til að geta búið til öflugt tengslanet,“ segir Hrönn Kristinsdóttir, sem er í undirbúningsstjórn stofnfundarins. „Það starfa fjölmargar konur við þessa miðla og þetta er stór stétt þannig að við höfum sent fundarboðið til mörg hundruð kvenna. Við erum dreifðar út um allt og erum ekki jafn sýnilegar og við teljum æskilegt og viljum gjarnan bæta úr því.“

Hrönn segir það löngu tímabært að konur í kvikmyndum og sjónvarpi bindist sterkari böndum og þessi hugmynd sé því ekki ný af nálinni þó hún sé fyrst núna að verða að veruleika.

„Við byrjuðum á því að hóa saman nokkrum konum fyrir tveimur árum. Þá fórum við yfir stöðuna og þetta var rætt en konur eru sem betur fer uppteknar þannig að það hefur ekki gefist tími til að láta verða af þessu fyrr.“

Hrönn telur víst að efling samskipta kvikmyndagerðar- og sjónvarpskvenna á Íslandi við stallsystur þeirra úti í heimi muni skila margvíslegum ávinningi, ekki síst þegar kemur að hugmyndavinnu og fjármögnun verkefna.

„Þetta er ung grein og því er oft þannig farið að það tekur okkur lengri tíma að komast inn í slíkar greinar. Það er til fullt af karlasamtökum sem byggja á tengslanetum og með því að bindast samtökum getum við til dæmis hjálpað konum sem eru að koma nýjar inn í bransann að komast að. Með stofnun samtakanna skapast einnig vettvangur fyrir almenn málþing og uppákomur tengdar kvikmyndum og sjónvarpi. Þessar uppákomur verða auðvitað öllum opnar og allir eru velkomnir, ekki síst karlmenn, en þeim stendur til boða að gerast stuðningsaðilar samtakanna.“

WIFT eru sem fyrr segir býsna umfangsmikil samtök og eðli málsins samkvæmt eru stór og þekkt nöfn úr skemmtanabransanum í félagatalinu. Tyra Banks, Renée Zellweger og Kathleen Turner eru í hópi verndara samtakanna, sem hafa ekki ómerkari konur en leikstjórana Jane Campion, Liv Ullman og Susanne Bier og leikkonurnar Susan Sarandon og Cate Blanchett innan sinna vébanda.

Íslandsdeildin mun láta kné fylgja kviði og fylgja stofnfundinum á laugardaginn rösklega eftir en þegar er byrjað að undirbúa annað málþing í tengslum við fyrirhugaðan framhaldsstofnfund.

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, setur málþingið á laugardaginn og á eftir henni munu fagkonur með mikla reynslu bæði innanlands og erlendis taka til máls. Í þessum hópi eru sérstakir gestir Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar, þær Barbara Albert, handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri, og Vijaya Mulay, indversk heimildarmyndagerðarkona sem er 86 ára gömul og enn í fullu fjöri.

Dagskráin á laugardaginn hefst klukkan 11 á Q-bar á Ingólfsstræti 3 og að loknu málþinginu tekur við gleði sem mun standa fram á nótt.

thorarinn@frettabladid.is


AUSTURBÆR

HAFIÐ BLÁA

Fékk **áhorfendaverðlaun grímunar 2006.**
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:
- **Barnasýning ársins.**
- **Búningaverðlaun ársins.**
- **Áhorfendaverðlaun ársins.**

**AFGANGAR**
Fim. 5. okt. kl. 21.00
Fim. 12. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**
Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus

IsMedia SPARISJÓÐURINN TM

**Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Aðeins þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 1/10 **kl. 21:00**, sun. 8/10 **kl. 21:00**, sun. 15/10 **kl. 21:00**. Aðeins þrjár sýningar eftir!

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER**
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning í kvöld 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/10 kl. 14:00 **uppselt**, fös. 6/10 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 7/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10, lau. 14/10, sun. 15/10.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Lau. 30/9 **uppselt**, sun. 1/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fim. 5/10 **uppselt**, lau. 7/10 **uppselt**, sun. 8/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, mið. 11/10 **uppselt**, fim. 12/10 **uppselt**, fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 **örfá sæti laus**, sun. 15/10, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 17:00.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Sun. 8/10 kl. 17:00.

**ONE MIME THEATRE**, látbragsðleikarinn Ireneusz Krosny frá Póllandi
Í kvöld 29/9, lau. 30/9, sun. 1/10

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/9 kl. 20 UPPS. Fös 6/10 kl. 20
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20 Fim 12/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn
Í kvöld kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Sun 1/10 kl. 20 Fim 5/10 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**MEIN KAMPF**
Í kvöld kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20
Lau 21/10 kl. 20

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
5 sýningar á 9.900 kr.
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

**Sýningar í Landnámssetri í september og október**
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 20. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 21. október kl. 20 Laus sæti
Sunnudagur 22. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 26. október kl. 20 - Síðasta sýn-

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

# Ung söngkona á framabraut

Ung söngkona, Herdís Anna Jónasdóttir, hlaut á dögunum styrk úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen. Styrktarsjóður Halldórs Hansen var formlega stofnaður í janúar 2005 svo nú eru veitt verðlaun í þriðja sinn úr sjóðnum. Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja uppbygginguna og styðja við tónlistarsafn Listaháskólans. Auk þess veitir sjóðurinn árlega styrki til tónlistarnema sem náð hafa framúrskarandi árangri en Herdís hlaut styrk að upphæð 500.000 krónur.

Gert er ráð fyrir að styrkþegar hafi lokið háskólanámi á grunnstigi en Herdís Anna lauk B.Mus. prófi frá Listaháskóla Íslands síðasta vor eftir söngnám hjá Elísabetu Erlingsdóttur. Hún hefur komið fram víða, m.a. tekið þátt í Óperustúdíói Íslensku óperunnar og sungið með skapandi sumarhópum á vegum Hins hússins. Hún mun bráðlega hefja framhaldsnám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín.



**HERDÍS ANNA JÓNSDÓTTIR SÖNGKONA** Styrkhafinn tók lagið við úthlutunina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


## GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Rímnakveðskapur og bragfræði**
Námskeið á vegum Kvæðamannafélagsins Iðunnar
5 miðvikudagskvöld frá 4. okt - 1. nóv
Kennarar: Steindór Andersen og Njáll Sigurðsson
Skráning í síma 575 7706 og á gerduberg@reykjavik.is

**Flóðhestar og framakonur**
**Afrískir minjagripir á Íslandi**
Í samstarfi við Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur, mannfræðing

**Reykjavík - Úr launsátri**
**Ljósmyndasýning Ara Sigvaldasonar**
Í tilefni af 220 ára afmæli Reykjavíkurborgar

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

26 27 28 **29** 30 1 2

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 13.00 **Evu Murawska** flautuleikara og **Joanna Zathey** píanóleikara halda tónleika í tilefni af **Pólskum menningardögum**. Tónleikarnir eru tileinkaðir pólskri flaututónlist frá nítjándu og tuttugustu öld en þeir fara fram í húsakynnum **Listaháskóla Íslands** við **Sölvhólsgötu**.

☐ 17.00 **Toru Brunborg** og **kvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur** leikur á **Q-bar í Ingólfsstræti**. Tónleikarnir eru liður í **Jazzhátíð í Reykjavík.**

☐ 20.30 Jazzkvintettinn **Dialect** leikur á **Nasa** í tilefni af Jazzhátíð **í Reykjavík.** Sveitina skipa Haukur Gröndal, Jóel Pálsson, Jarkko Hakala, Tony Elgland og Mika Kallio. Að þeim tónleikum loknum leikur **kvintett Ásgeirs Ásgeirssonar**.

☐ 21.00 Þýska söngkonan **Alexandra Kui** heldur tónleika á **Kaffi Amor** á Akureyri. Með henni leika **Halldór Gunnar Pálsson, Hallgrímur Jón Hallgrímsson, Ólafur Pétur Georgsson** og **Kerrin Fahrenhorst**.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Ask the Slave** og **Future Future** leika í **Stúdentakjallaranum**.

☐ 22.00 Hljómsveitin **Mimra Frenzy** heldur tónleika á **Café Rósenberg** við **Lækjargötu.** Meðlimir sveitarinnar eru **María Magnúsdóttir** söngkona, **Egill Antonson** á hljómborð, **Ingólfur Magnússon** á bassa og **Þorvaldur Ingveldarson** á trommur. Á efnisská verður blanda af jazz, blues, smá fönki ásamt frumsömdu efni. Allir velkomnir og ekkert kostar inn.

☐ 22.00 **Tríó Andrzej Jagodzinsky** leikur í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Pólska tríóið er meðal annars þekkt fyrir að djassa upp sjálfan **Chopin** en koma þeirra hingað til lands er liður í **Pólskum menningardögum** og **Jazzhátíð í Reykjavík**.

### LEIKLIST

☐ 21.00 Leiksýningin **Mávur** verður flutt í galleríinu **Populus Tremula** á Akureyri. Verkið, sem byggir á smásögu **Halldórs Laxness** um Jón í Brauðhúsum, er samið og flutt af **Kötlu Aðalsteinsdóttur** og **Rögnu Gestsdóttur.** Húsið verður opnað kl. 20.30, aðgangur er ókeypis.

### FYRIRLESTRAR

☐ 13.00 Í tilefni af **Pólskum menningardögum** verða haldnar málstofur í **Háskólabíó, sal 2**. Fyrsti hlutinn er tileinkaður sögu og samskiptum Póllands og Íslands, annar um breytingu á stjórnkerfi Póllands og framtíð þess innan **ESB**. **Baldur Þórhallson** leiðir umræðurnar. Þriðji og síðasti hluti er fyrirlestur og dagskrá undirbúin af nemendum í Menningardeild Háskólans í Varsjá.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Sýningin **Pakkhús postulanna** stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi** við Tryggvagötu. Ellefu listamenn eiga verk á sýningunni en sýningarstjórar eru **Huginn Þór Arason** og **Daníel Karl Björnsson.** Sýningin stendur til 23. október.

☐ 20.00 Sýning á heildarsafnkosti **Nýlistasafnsins** stendur yfir í húsakynnum þess á **Laugavegi 26**. Sýningin er opin til 1. október milli 20-22 en í kvöld veitir **Guðrún Erla Geirsdóttir** leiðsögn um sýninguna.

### BÆKUR

☐ 13.30 Rithöfundarnir **Þórarinn Eldjárn, Kirsi Kunnas, Brian Moses, Mårten Melin, Gillian Johnson, Olga Guðrún Árnadóttir** lesa fyrir gesti menningarhátíðarinnar **Krakkar út í mýri** sem haldin er í **Norræna húsinu.** Rithöfundarnir árita verk sín eftir spjallið. Að lestri loknum verður ráðstefna og umræða um **sáttmála Sameinuðu þjóðanna** og **UNESCO** um réttindi barna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
Carl Orff
CARMINA BURANA
Tónleikar í Langholtskirkju
sunnudag, 1. október kl. 17
miðvikudag, 4. október kl. 20
Einsöngvarar:
Hallveig Rúnarsdóttir, Bergþór Pálsson, Einar Clausen
Píanóleikarar:
Guðríður St. Sigurðardóttir, Kristinn Örn Kristinsson
6 manna slagverkssveit, Drengjakór Kársnesskóla
Stjórnandi: Magnús Ragnarsson
Miðasala við innganginn og á **www.midi.is**, nánar á **www.filharmonia.mi.is**

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
**5. sýning laugardaginn 30. sept.**
**6. sýning sunnudaginn 1. okt.**
**7. sýning fimmtudaginn 5. okt. UPPSELT**
**8. sýning föstudaginn 6. okt.**
**9. sýning laugardaginn 14. okt.**
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
Sýning hefst kl: 20:00.
Miðasala í síma 555-2222
www.hhh.is | www.midi.is
Ath. takmarkaður sýningafjöldi!!!



Kvikmyndaborgin
**Reykjavík**

## Málþing
**Tjarnarsalur - Ráðhúsi Reykjavíkur**
**í dag kl. 17:00**

Reykjavíkurborg í samvinnu við Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík býður til málþings þar sem ræddir verða opinskátt möguleikar borgarinnar sem alþjóðlegrar kvikmyndaborgar. Reifaðar verða tillögur að framtíðarskipulagi, framkvæmdum og aukinni aðkomu stjórnvalda að því að gera Ísland að eftirsóknarverðum tökustað fyrir kvikmyndaframleiðendur. Björn Ingi Hrafnsson formaður borgarráðs mun setja málþingið.

Frummælendur verða Baltasar Kormákur, Jón Bjarni Guðmundsson - Sagafilm, Helga Margrét Reykdal - True North, Skúli Malmquist - Zik Zak og Laufey Guðjónsdóttir - Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Fundarstjóri verður Jakob Frímann Magnússon.

zetor

Reykjavíkurborg
Reykjavik International Film Festival



**HARMONIKUBALL á Hótel Örk Hveragerði**
**laugardaginn 30. september frá kl. 22:30.**
*M.a. leika fyrir dansi rússnesku feðgarnir Alexander og Vitaliy Dimitriev.*
Harmonikufélag Reykjavíkur. Harmonikufélag Selfoss.

KRINGLUKRÁIN
Stuðbandalagið frá Borgarnesi í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Brottnámið úr kvennabúrinu W. A. Mozart
**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20 - UPPSELT**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
**Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október.**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN





## Í SPILARANUM

**Tilly and the Wall:** Bottoms of Barrels
**Jens Lekman:** Oh You're So Silent Jens
**The Killers:** Sam's Town
**Spank Rock:** Yoyoyoyoyo...
**Kelis:** Kelis Was Here

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Taka upp plötu með Eberg

„Við fréttum að hann væri staddur hérna á Íslandi að byggja sér sumarbústað og datt í hug að honum leiddist þar sem hann er búinn að vinna í hljóðverum á Bretlandi undanfarin ár en ekki við húsasmíðar," segir Ágúst Bogason, gítarleikari Jan Mayen, um fyrirhugað samstarf hljómsveitarinnar og tónlistarmannsins Ebergs. Fyrirhugað er að Eberg, sem heitir Einar Tönsberg en gerir sjálfur tónlist undir Eberg-nafninu, taki upp sex lög með hljómsveitinni á næstunni.

„Við vorum hrifnir af því sem hann var að gera úti og hringdum bara í hann til að sjá hvort hann væri ekki til í að taka aðeins upp með okkur. Síðan hittumst við, ræddum málin, komumst að því að hann væri líka fínn gaur þannig að þá var bara ákveðið að kýla á þetta. Síðan erum við bara að fara að taka upp á næstu dögum, svona aðallega til að sjá hvernig þetta samstarf mun ganga," segir Ágúst. Hann segir enn fremur að ekkert hafi verið ákveðið með útgáfu, en allt sé opið. „Ef vel tekst til fer eitthvað í spilun í útvarpi, ef virkilega vel tekst til kýlum við á plötu. Við eigum lager af lögum en ekki eins mikið af peningum. Það er stærsta vandamálið."



**JAN MAYEN** Á leiðinni í stúdíó.




## > Plata vikunnar

**Toggi:**
Puppy

„Puppy er óvenju vönduð og vel unnin frumsmíð. Toggi er greinilega mjög hæfileikaríkur tónlistarmaður þó að hann eigi enn eftir að skapa sér sérstöðu." - **TJ**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Airwaves - Tónlist morgundagsins í dag*

Nú styttist óðum í að áttunda Airwaves-hátíðin skelli á okkur. Í fjóra daga verður Reykjavík tónlistarstórborg og við tónlistarfíklarnir förum á ærlegt fyllerí. Eins og vanalega á maður ekki eftir komast yfir allt það áhugaverða sem er í boði. Sumu missir maður af, en gleðst yfir því að hafa fengið að upplifa annað.

Airwaves hefur þróast mjög skemmtilega undanfarin ár. Í stað þess að eltast við stór og þekkt nöfn í tónlistarheiminum einbeitir hátíðin sér í æ ríkara mæli að grasrótinni. Heitu böndin í dag koma ekki endilega á Airwaves, heldur heitu böndin á morgun. Það eru yfir 40 erlend nöfn á dagskránni í ár, en fæst þeirra hafði maður heyrt um áður en þau boðuðu komu sína og flest þeirra hafa ekki gefið út nema eina plötu. Sum enga. Stærsta nafnið á Airwaves 2006 er sennilega breska hljómsveitin Kaiser Chiefs. Hún á aðeins eina plötu að baki. Fína plötu reyndar ...



**WOLF PARADE**

Í upphafi voru stór nöfn á meðal flytjenda (t.d. Suede og Flaming Lips árið 2000), en áherslurnar hafa breyst. Undanfarin ár hafa nokkur af flottustu nöfnunum í tónlistarheiminum spilað á Airwaves áður en þau fóru að vekja einhverja athygli að ráði. Þar má nefna The Rapture (2002), TV on the Radio (2003), The Bravery og Hot Chip (2004), José Gonzales, Architecture in Helsinki og Clap Your Hands Say Yeah (2005).

Þróunin hvað íslensku tónlistarmennina varðar hefur verið í sömu átt. Nýjar og upprennandi sveitir eru að verða ennþá fyrirferðarmeiri í dagskránni. Gamlir stríðshestar eins og Mínus og Apparat eru þarna ennþá, en líka glænýjar sveitir eins og Toggi og Últra Mega Teknóbandið Stefán.

Og nú er bara að fara að spá í hvernig maður raðar saman þessum dögum. Brazilian Girls, Dälek, Islands, Klaxons, The Go! Team, Love Is All, Wolf Parade, Whomadewho, Spektrum, Seabear, Biggi, Mr. Silla og Pétur Ben eru t.d. allt nöfn sem maður má ekki missa af...

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

# Ókrýndur konungur poppsins

**Justin Timberlake sendi fyrr í mánuðinum frá sér sína aðra sólóbreiðskífu, FutureSex/LoveSounds. Steinþór Helgi Arnsteinsson grennslaðist aðeins betur fyrir um plötuna og vinnslu hennar.**



**JUSTIN TIMBERLAKE** Fátt virðist geta steypt honum af stóli sem konungi poppsins í dag.

Aðeins fjórtán ára að aldri hafði Justin Timberlake skrifað undir plötusamning ásamt hljómsveit sinni N'Sync. Síðan þá hefur líf Justins verið eins og í draumi hvaða miðríkjapilts sem er, allt frá því að afmeyja Britney Spears og yfir í að koma breiðskífu sinni í efsta sæti Billboard-listans fræga. Metnaður hefur skinið í gegnum allan hans feril, sem núna virðist hafa komið honum á toppinn.

### 684 þúsund eintök á viku

Nýjasta breiðskífa Justins, FutureSex/LoveSounds (plötuheitið hljómar reyndar óþægilega líkt Outkast-skífunni Speakerboxxx/The Love Below), fylgir eftir gríðarlegum vinsældum fyrstu plötu kappans, Justified, sem kom út árið 2002 og hafði að geyma smelli á borð við Cry Me a River, Like I Love You og Rock Your Body. Nýjasta skífan hefði samt ekki getað beðið um betra start; fyrstu vikuna seldist hún í 684 þúsund eintökum í Bandaríkjunum einum, þar sem hún flaug að sjálfsögðu í fyrsta sæti Billboard-listans. Fyrsta smáskífa, Sexyback, hefur síðan ómað á heitum klúbbum og bylgjum útvarpsstöðva víða um heim.

### Góðar fyrirmyndir

Justin sjálfur þakkar einum manni þessari velgengni sinni (fyrir utan að sjálfsögðu sjálfan sig), nefnilega upptökustjóranum Timbaland. Justin segir sjálfur að hann hafi beðið Timbaland um að gera með sér plötu sem átti að hljóma „...ólík nokkru öðru sem þeir höfðu heyrt áður."

Platan eru vissulega frábrugðin fyrirrennara sínum, minna af r-i og b-i en meira af fönki og rokki þó hún sé ekki einstök í sinni röð.

Fyrir fyrstu plötu sína fór Justin ekki leynt með aðdáun sína á fyrrverandi konungi poppsins, Michael Jackson, en á FutureSex/LoveSounds leitaði Justin í smiðjur Prince og David Bowie (!) að hans eigin sögn. Áhrif meistara Prince eru einmitt greinileg, ekki þarf annað en að lesa hin kynæsandi og kynlífstengdu heiti á bæði plötunni og lögum hennar.

### Ógnvænlegt upptökustjóratríó

Þessi viðleitni Justins í að sækja í smiðjur gömlu poppkónganna sýnir og sannar það sem virðist vera takmark hans, að verða ókrýndur konungur poppsins. Ferill Justins hefur einnig alltaf verið á leið upp á við. Hann hætti akkúrat á réttum tíma í N'Sync, gerði sólóplötu með heitustu upptökustjórum þess tíma, Neptunes, og sendir núna frá sér aðra breiðskífu þar sem metnaðurinn skín í gegn. Timbaland er greinilega höfuðpaurinn en auk hans tóku einnig þátt í vinnslu plötunnar goðsögnin Rick Rubin og forsprakki Black Eyed Peas, will.i.am, sem hafði þetta að segja um Justin í nýlegu viðtali við heimasíðu Billboard: „Hann kom mér aftur á óvart. Ég var undrandi á því að mér ætti jafnvel eftir að líka vel við Justin Timberlake. Síðan gerði hann mig að aðdáanda, sem ég er núna. Það þýðir að hann er svo hæfileikaríkur að hann breytir orðaforða manneskjunnar." Meira að segja stílistinn hans og hárgreiðslumaður eru sérstaklega titlaðir í kringum plötuna og sýna enn og aftur að Justin vill að allt sé alltaf pottþétt.

### Toppdómar úr óvæntri átt

Platan hefur auk þess að rokseljast og fá afbragðs spilun fengið fína dóma. Það sem er líka einna skemmtilegast við þá er að bestu dómarnir koma frá tónlistarmiðlum sem eru þekktastir fyrir umfjöllun sína um indítónlist og grasrót tónlistarbransans. Má þar til dæmis nefna Stylus Magazine, NME, Prefix Magazine og Pitchfork. Á meðan hafa Vibe, E! Online, Billboard og Entertainment Weekly einungis gefið FutureSex/LoveSounds meðalgóða dóma. Hvort Justin sé orðinn of meginstraums að hann hafi snúist í hálfhring og sé kominn í grasrótina verður hins vegar látið liggja á milli hluta. Enginn efast hins vegar um það að poppheimurinn er eign Justins Timberlake eins og staðan er núna og fátt virðist í augsýn sem getur steypt honum af stóli sem konungur poppsins í dag.



# Góðir gestir á sviðinu



Rapparinn Jay-Z fékk óvænta hjálp á tónleikum sínum á miðvikudagskvöldið. Tónleikarnir voru í Royal Albert Hall og öllum á óvörum stigu Chris Martin úr Coldplay og Gwyneth Paltrow, eiginkona hans, á sviðið og tóku lagið með rapparanum. Martin söng með Jay-Z í lögunum Dead Presidents II og Heart of the City og Paltrow söng bakraddir í nokkrum lögum.

Fleiri gestir létu til sín taka því rapparinn Nas tók þrjú lög og Beyoncé Knowles, kærasta Jay-Z, tók lögin Crazy in Love og Deja Vu. Ný plata Jay-Z, Kingdom Come, kemur út 27. nóvember og hefur hann þar með staðfest að hann sé hættur við að hætta í tónlistarbransanum, eins og hann hafði áður tilkynnt.

**JAY-Z** Hættur við að hætta í rappbransanum.

**CHRIS MARTIN** Steig öllum að óvörum á svið með Jay-Z.

## Í BÚNINGSHERBERGINU AEROSMITH



Læknar skulu vera til-tækir á kostnað tónleikahaldara
VIP-herbergi fyrir 50 gesti, helst skreytt í inverskum stíl
Gosdrykkir í dósum
Vatnsflöskur
Kaffi
Lax
Kalkúnasamlokur
Tikka-kjúklingur
Ávaxtabakki
Fitulausar nýbakaðar muffur
Heilhveitibrauð, speltbrauð, beyglur
12 harðsoðin egg
Hnetusmjör
Áfengi er með öllu bannað alls staðar baksviðs, nema í VIP-herbergi
Þar á að vera nóg af bjór, víni og gosi auk smárétta
Handklæði, ekkert rusl.

## > Lög vikunnar



**The Dears - Ticket to Immortality** Enn einn gullmolinn frá Kanada.

**Pétur Ben - White Tiger** Það virðist ómögulegt að fá leið á þessu lagi.



**Pussycat Dolls - I Don't Need a Man** Nýtt lag frá þessu undarlega fyrirbæri.



**The Killers - When You Were Young** Nýja platan kemur út á mánudaginn.

**Snow Patrol - Chasing Cars** Íslendingarnir Siggi & Kinsky gerðu myndbandið sem er nokkuð flott.

## NÝJAR PLÖTUR



**BONNIE „PRINCE“ BILLY**
**The Letting Go**
„Oldham (Bonnie) hefur sjaldan verið eins bjartur og notalegur þar sem hann leikur sér við að framkalla hinar ýmsu tilfinningar. Án efa ein af plötum ársins.“ SHA

**THE RAPTURE**
**Pieces of the People We Love**
„Með þessari plötu gæti The Rapture hæglega komið sér fyrir í fremstu röð bandarískra indísveita. Pieces.. er sköpuð til þess að skemmta hlustandanum og nær að uppfylla allar væntingar.“ BÖS

**BASEMENT JAXX**
**Crazy Itch Radio**
„Crazy Itch Radio er ólík fyrri plötum Basement Jaxx. Ágæt plata sem sýnir að þeir Simon Ratcliffe og Felix Buxton eru ekkert að verða uppiskroppa með hugmyndir.“ TJ

**JUSTIN TIMBERLAKE:**
**FutureSex/LoveSounds**
„Justin Timberlake festir sig hér í sessi sem helsti popptónlistarmaður fyrsta áratugarins. Skilar af sér betri plötu en síðast og mun bráðum taka yfir heiminn.“ BÖS

**TROPICÁLIA**
**A Brazilian Revolution in Sound**
„Frábær safnplata frá Brasilíu með tónlist frá árunum 1968-1970. Þar var sveifla, þar var rokk og djass.. allt í einum hrærigraut.“ BÖS

**IRON MAIDEN**
**A Matter of Life and Death**
„Steve Harris og félagar sýna á A Matter of Life and Death að þeir hafa enn metnað og getu til að þróa Maiden-stílinn. Plata sem veldur ekki vonbrigðum.“ TJ

**GRANDADDY**
**Just like the Fambly Cat**
„Svanasöngur Grandaddy er hvorki fugl né fiskur. Hljómar bara eins og afgangar af því sem áður hafði verið gefið út, svo er hún líka allt of löng.“ BÖS

**OUTKAST**
**Idlewild**
„Þeir OutKast félagar Andre 3000 og Big Boi klikka ekki á Idlewild. Platan kraumar af sköpunargleði og er sneisafull af flottum popplögum.“ TJ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Góða skemmtun! ►
sena

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

REYKJAVÍKURNÆTUR **HARPA PÉTURSDÓTTIR** STAKK AF TIL AÐ UNDIRBÚA SIG FYRIR VETURINN

# Himnesk helgi í Barcelona

Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir að sumarið hafi verið svakalega gott, mér hafi tekist að slaka vel á og vetrarstressið byrji frekar rólega, var kominn tími til að breyta aðeins til. Ég þurfti að ná úr mér sumrinu og undirbúa mig fyrir umskipti vetrarins. Eins og ég hef sagt ykkur áður eru margir eins og ég sem þurfa tilbreytingu til að halda lífi og geðheilsu.

Ég var svo heppin að komast af landi brott í eina fimm daga. Áfangastaðurinn í þetta sinn var spænska menningarborgin Barcelona. Ég skal viðurkenna að þangað fór ég um helgina í fimmta sinn og var enn sem áður jafn hrifin. Þessi borg er bara einfaldlega veginn svo lifandi, full af spennandi viðburðum og skemmtilegu fólki.

Um leið og ég steig út úr vélinni, um klukkan þrjú að nóttu á spænskum tíma, helltist yfir mig þrúgandi gleði og ómæld ánægja með að hafa skellt mér burt. Á sama tíma söng kroppurinn halelúja yfir hitanum, já og rakanum.

Að sjálfsögðu stökk ég á fætur fyrsta morguninn af einskærri eftirvæntingu yfir að komast í búðirnar sem ekki er að finna á Íslandi. Aumingja kortin mín fengu svo sannarlega að svitna fyrir vikið, svo ekki sé minnst á Barcelona-félagann sem fékk að halda á öllum pokunum svo ég gæti keypt sem mest. Þið hefðuð átt að sjá glottið á andlitinu á mér þennan dag. Það hélst svo sem á mér allan tímann en fyrsti dagurinn var einfaldlega himneskur.



Eftir erfiðan dag í búðunum var að sjálfsögðu farið út og borðaður álíka himneskur spænskur og katalónskur matur sem er ekki í líkingu við neitt sem hægt er að fá sér hér heima. Ætli ég verði ekki að viðurkenna líka að það var ekki bara borðaður góður matur úti á veitingahúsum á kvöldin heldur líka á morgnana, í hádeginu og seint á kvöldin. Eins og maður segir; „When in Rome“... eða „sértu í Barcelona“!

Hápunktur ferðarinnar var þó ansi sérstæður atburður. Ekkert annað en fyrstu tónleikar George Michael síðan á síðustu öld! Ég get sagt ykkur að tilfinningin sem helltist yfir mig þegar brilljantíngreiddi ofurtöffarinn steig á sviðið var ólýsanleg. Eftir upphitunarlögin og eina tvo „cerveza“ var ég farin að syngja hástöfum og dilla mér í takt. Ég ætla ekki einu sinni að reyna að lýsa hálfvitasvipnum á mér þegar „Careless Whisper“ barst til eyrnanna. Þvílík og önnur eins nostalgía!

Ég get að minnsta kosti sagt ykkur það að þessir fimm dagar gerðu veturinn fyrir mig! Nú get ég ekki annað en hellt mér af fullum krafti í verkefni vetrarins með endurnærðan kropp og full af spenningi yfir næsta míníflótta.

# Berst gegn mansali



**RICKY MARTIN** Er á móti mansali.

Söngvarinn og hjartaknúsarinn Ricky Martin er vakinn og sofinn í baráttunni gegn mansali. Hann skipuleggur nú símasöfnun til stuðnings fórnarlömbum mansals og safnar liði á opinberum fundum.

„Gangið til liðs við okkur,“ sagði Martin á opnum fundi. „Raddir fleiri þurfa að heyrast. Það er sameiginleg skylda okkar að berjast gegn þrælahaldi samtímans.“ Sjálfur er Ricky frá Púertó Ríkó en mansal er sérstaklega algengt meðal fólks frá Rómönsku Ameríku.




**GEORGE CLOONEY** Það sást til hans á stefnumóti með leikkonunni Renée Zellweger en þau voru eitt sinn par.

# Saman á ný?

Leikararnir George Clooney og Renée Zellweger sáust saman á stefnumóti nýlega í Los Angeles. Þau voru einu sinni par og því lítur allt út fyrir að kviknað hafi í gömlum glæðum hjá þeim. Fór vel á með parinu og segja sjónarvottar að Zellweger og Clooney hafi virst ansi náin á veitingastaðnum.

Clooney er þekktur kvennabósi og hefur ekki verið við sömu konu kenndur lengur en í nokkrar vikur. Zellweger hefur hins vegar verið gift einu sinni og var lengi með söngvara White Stripes, Jack White.

# Dramatík við dönsku hirðina

**Vinsælasta prinsessa Dana, Alexandra, hefur eignast nýjan kærasta, ljósmyndarann Martin Jörgensen, og danska þjóðin talar varla um neitt annað.**

Að morgni miðvikudags birtu danskir fjölmiðlar frétt þess efnis að Alexandra hefði látið mynda sig með Jörgensen í fyrsta skipti í brúðkaupi hjá sameiginlegum vinum hennar og fyrrverandi eiginmanns hennar, Jóakims prins. Síðar sama dag voru danskir fjölmiðlar uppfullir af fréttum um hvað myndi gerast ef Alexandra tæki upp á því að giftast þessum manni sem er fimmtán árum yngri en hún. Það sem verra er í augum frændur vora í Danmörku; þeir gætu hugsanlega misst hana úr þjónustu sinni því ef Alexandra giftir sig missir hún prinsessutitilinn og verður sjálfkrafa greifynjan af Fredriksborg. Væntanlega yrði drottningin Margrét Þórhildur heldur ekkert par hrifin af því að láta fyrrverandi tengdadóttur sína ferðast um heiminn með einhverjum friðli sínum fyrir hönd landsins.

Danska blaðið B.T. birti á dögunum úttekt á því hversu miklum peningum Alexandra myndi tapa ef hún gengi í það heilaga með ástmanni sínum. Hún þyrfti að fara að borga skatt af þeim tekjum sem hún fær frá danska ríkinu vegna samkomulags sem Alexandra og Jóakim gerðu fyrir tveimur árum síðan þegar þau skildu auk þess sem hún glatar töluvert af þeim fríðindum sem prinsessan nýtur vegna tignar sinnar. B.T. reiknast til að Alexandra missi rúmlega helming allra tekna sinna ef hún ákveður að giftast ljósmyndaranum en þarf væntanlega ekki að kvíða fyrir því að eiga salt í grautinn, húsið hennar eitt er metið á 15 milljónir danskra króna eða um 150 milljónir íslenskra króna.

Danska þjóðin hefur bundist Alexöndru miklum tryggðarböndum á undanförnum árum og fátt virðist geta rofið þau. Þegar Jóakim kynnti hana sem eiginkonu sína ráku margir landar hans upp stór augu og veltu vöngum yfir því hvernig í ósköpunum honum hefði tekist að ná sér í jafn myndarlega og gáfaða konu. Jóakim hefur ætíð staðið í skugganum af eldri bróður sínum Friðriki krónprins og þykir hvergi nærri jafn alþýðlegur og hann eða Margrét Þórhildur heldur sver sig frekar í ætt við föður sinn Henrik, sem hefur haft orð á sér fyrir að vera lokaður og snobbaður. Samkvæmt könnun netútgáfu B.T. styður meira en helminur landsmanna hjónabandshugleiðingar Alexöndru, ef þær eru einhverjar, og um 60 prósent landsmanna telja Alexöndru hafa komið vel út úr skilnaðinum við Jóakim en mun færri styðja við bakið á honum. Alexandra trónir því enn í efsta sæti hjá dönsku þjóðinni þegar kemur að vinsældum hirðarinnar.

freyrgigja@frettabladid.is



**ALEXANDRA** Nýtur mikillar hylli í Danmörku og má vinsældir hennar rekja til þess að á sínum fyrsta blaðamannafundi sagði hún nokkrar setningar á nánast lýtalausri dönsku.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ÚTI ER ÆVINTÝRI** Skilnaður Jóakims og Alexöndru var tilkynntur fyrir tæplega tveimur árum síðan og nú er prinsessan komin með nýjan mann sér við hlið.


## Menningarhátíð fyrir börn og unglinga í Norræna húsinu
**Föstudagur 29. September.**

**10:00 og 11:30 "Ást, Ást". Leiksýning fyrir börn 7-12 ára**
Carl-Gustaf Wentzel og Teater Taimine. Leikritið byggir á látbragði.
Og er mjög auðvelt að skilja.
**14:00 14:50 Rithöfundaspjall**
Þórarinn Eldjárn, Kirsi Kunnas, Brian Moses, Mårten Melin,
Gillian Johnson og Olga Guðrún Árnadóttir.
Spyrjendur: Lars-Göran Johansson og Maare Fjällström.
Fer fram á ensku og skandinavísku.
**15:00 16:30 Málþing um réttindi barna**
Bente Ingvarsen: FN´s Børnekonvention et stærkt redskab i arbejdet for børns rettigheder
Inka Hetemäki: Who will comfort Toffle? An adult, because the children´s right is the adults responsibility.
Sverre Henmo: Alle barn ... ABC redder barna.
Fundarstjóri: Kristín Bragadóttir.
Fyrirlestrarsalur Norræna hússins.
Fer fram á skandinavísku og ensku.


Brian Moses

ÓKEYPIS ADGANGUR

NORRÆNA HÚSIÐ


# Gera mynd saman

Leikarinn Tom Cruise er í óða önn þessa dagana að leita að handriti sem passar fyrir sig og unnustu sína Katie Holmes. Skötuhjúin hafa áhuga á að reyna fyrir sér saman á hvíta tjaldinu í þeim tilgangi að breyta ímynd sinni. Tom Cruise var rekinn fyrr í þessum mánuði frá Paramount-kvikmyndasamsteypunni vegna framkomu sinnar á síðasta ári og vill nú gera mynd með unnustu sinni svo að áhorfendur öðlist álit á þeim á ný eftir viðburðaríkt ár.

Katie Holmes hefur ekki leikið í mörgum kvikmyndum og er þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttaröðinni Dawson´s Creek. Haft var eftir henni í tímaritinu InTouch að hún treysti Tom til að finna gott handrit sem kæmi þeim báðum á kortið á ný í kvikmyndaheiminum. Parið eignaðist sitt fyrsta barn saman í sumar og hyggst ganga í það heilaga á næstunni.



**TOM CRUISE OG KATIE HOLMES** Parið er þessa dagana í óða önn að leita að handriti að kvikmynd sem þau geta bæði leikið í og mun koma þeim á kortið á ný í kvikmyndaheiminum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Spennandi tilboð á Kauphlaupi:



40% afsláttur af völdum vörum

**Einnig spennandi helgartilboð í Kringlunni**

Walky blúndubolir
áður 1290, **nú 490**

EXIT bakpokar
áður 1990, **nú 690**

Slash bolir
áður 1990, **nú 690**

Blod skyrtur
áður 2990, **nú 990**

EXIT

Smáralind og Kringlan
(við hliðina á Vero Moda)

## 30%
## kynningarafsláttur af
mama·licious®
## meðgöngufatnaði



VERO MODA®

Smáralind og Kringlan






**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| TALLDEGA NIGHTS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.25 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45 og 8 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50 og 10.15 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| LEONARD C: I´M YOUR MAN | kl. 6 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6 og 10 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 |
| CLERKS 2 | kl. 6 |

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað







# Pöbbastuð í Fjarðabyggð

Trúbadorhátíð Íslands fer fram í Fjarðabyggð um helgina. Þetta er í fimmta skiptið sem hátíðin er haldin og er í ár tileinkuð kráarspilurum. Haldnir verða þrennir tónleikar, þeir fyrstu á Sólbrekku í Mjóafirði í kvöld. Er óhætt að fullyrða að þetta sé í fyrsta skipti sem rokkað er ærlega í Mjóafirði. Öllum Mjófirðingum er boðið en einnig verða siglingar frá Neskaupstað á hátíðina.

Konungur trúbadoranna, sjálfur Bubbi Morthens, verður með tónleika í Egilsbúð á laugardagskvöldið og er hann heiðursgestur hátíðarinnar. Að tónleikum Bubba loknum hefst Októberfest í Egilsbúð. Spilað verður á tveimur stöðum í húsinu og samtals koma tólf trúbadorar fram.

Hátíðinni lýkur svo í Brekkunni á Stöðvarfirði á sunnudagskvöldið og verður Stöðfirðingurinn Hilmar Garðarsson aðalsprautan þar. Óhætt er því að segja að tónlistinni verði gerð góð skil í nýrri Fjarðabyggð um helgina, byrjað nyrst og endað syðst.



**KONUNGUR TRÚBADORANNA** Tekur virkan þátt í trúbadorhátíðinni í Fjarðabyggð um helgina.

# Hættir sem plötusnúður

Plötusnúðurinn Kristinn Gunnar Blöndal hefur ákveðið að hætta starfi sínu sem plötusnúður og einbeita sér að sinni eigin tónlist í staðinn. Í tilefni af því mun hann þeyta skífum næsta laugardag í síðasta sinn á skemmtistaðnum Sirkus.

Kristinn hefur verið að spila á hinum ýmsum skemmtistöðum í tíu ár og segir að honum hafi bara fundist þetta vera orðið gott í bili.

„Það er engin dramatík á bak við þessa ákvörðun mína og er þetta starf eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni,“ segir Kristinn Gunnar, sem gengur undir plötusnúðanafninu KGB. Hann viðurkennir þó að plötusnúðastarfið sé mjög slítandi starf og að það hafi einnig spilað inn í ákvörðun hans að hætta. „Það er slítandi að standa á bak við plötusnúðaborðið í fimm tíma og þurfa að hlaupa á klósettið í stressi. Einnig er maður alltaf hálf þunnur daginn eftir þótt maður drekki ekki.“

Kristinn Gunnar er með tvær plötur í pípunum; Unsound Projeckt, raftónlistarplötu, og Bob Justman þar sem Kristinn tekur upp gítarinn og syngur sína eigin tónlist.

Kristinn Gunnar steig sín fyrstu spor sem plötusnúður fyrir tíu árum á hinum sáluga Bíóbar sem einnig var á Klapparstíg. „Það má segja að ég endi ferilinn á sama stað og ég byrjaði,“ segir Kristinn Gunnar. **- áp**



**KRISTINN GUNNAR** Hefur ákveðið að hætta sem plötusnúður en hann hefur þeytt skífum á hinum ýmsu skemmtistöðum bæjarins í tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


filmfest.is



## Fallandi

Háskólabíó 20:20

## *Falling*

*Barbara Albert er ein þriggja leikstjóra í flokknum Þrjár þrennur. Fallandi er hennar nýjasta mynd og segir frá því þegar fimm vinkonur hittast í fyrsta sinn eftir fjórtán ár við jarðarför fyrrum kennara síns og minningarnar taka að ryðjast fram. Barbara Albert svarar spurningum áhorfenda að sýningu lokinni.*

Reykjavík International Film Festival Sept 28 Okt 8 2006

Háskólabíó
18:00 | Allt annað dæmi
18:00 | Þrjótur
18:00 | Púðurtunnan
20:00 | Ljós í húminu
20:00 | Norðurkjálkinn
20:10 | Exotica
20:20 | Fallandi
22:00 | Sindurefni
22:20 | Rússneska örkin
22:25 | Prinsessa

Tjarnarbíó
14:00 | Sæluvíma
16:00 | Uppstoppun
18:00 | 12:08 austur af Búkarest
20:00 | Sherry, elskan
22:00 | El Topo + Fjallið heilaga




# Leikstjórar með fyrirlestra

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hófst í gær með opnunarmyndinni Queen eftir Stephen Frears og myrkvun höfuðborgarinnar. Dagskrá hátíðarinnar er með fjölbreyttasta móti og meðal þess sem kvikmyndaáhugafólk getur sótt er stuttmyndasamkeppnin Ljósvakaljóð sem haldin verður í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardaginn klukkan 12:30 og er aðgangur ókeypis.

Keppnin hefst á fyrirlestrum frá þremur kvikmyndagerðarmönnum sem ætla að deila sýn sinni á kvikmyndagerðarlistinni með áhorfendum og sýna brot úr verkum sínum en þetta eru þeir Dagur Kári Pétursson, leikstjóri kvikmyndanna Nói Albínói og Voksne Mennesker, Skúli Malmquist, framleiðandi hjá Zik Zak, og Ragnar Bragason en nýjasta kvikmynd hans Börn hefur fengið frábæra dóma í íslenskum og erlendum fjölmiðlum. Meðal þess sem verður sérstaklega tekið fyrir er munurinn á námi í kvikmyndaskóla og sjálfsmenntun í kvikmyndagerð en auk þess munu þeir ræða ýmsa þættir kvikmyndagerðar og kvikmyndaiðnaðarins og svara spurningum áhorfenda. **- fgg**



**DAGUR KÁRI PÉTURSSON** Er í óða önn að klára undirbúning fyrir kvikmyndina Good Heart sem fer væntanlega í tökur á næstunni.

**SKÚLI FR. MALMQUIST** Zik Zak Filmworks er eitt framsæknasta kvikmyndagerðarfyrirtæki hér á landi og tók meðal annars þátt í framleiðslu kvikmyndarinnar Last Winter sem fengið hefur prýðisgóða dóma.

**RAGNAR BRAGASON** Myndin hans Börn hefur fengið frábæra dóma í íslenskum og erlendum miðlum.




Reykjavík International Film Festival Sept 28 – Oct 8 2006

HÁSKÓLABÍÓ 29. SEPT.

| | |
|---|---|
| ÞRJÓTUR | 18:00 |
| ALLT ANNAÐ DÆMI | 18:00 |
| PÚÐURTUNNAN | 18:00 |
| LJÓS Í HÚMINU | 20:00 |
| NORÐURKJÁLKINN | 20:00 |
| EXOTICA | 20:10 |
| FALLANDI | 20:20 |
| SINDUREFNI | 22:00 |
| RÚSSNESKA ÖRKIN | 22:20 |
| PRINSESSA | 22:25 |




| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i. 16 | BÖRN | kl.4 - 8:30 - 10:30 | B.i.12 |
| HARSH TIMES VIP | kl. 8 - 10:30 | | BÖRN VIP | kl. 6 | |
| NACHO LIBRE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7 | STEP UP | kl. 5:50 - 8 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl | kl. 4 - 6 | Leyfð | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 10:10 | B.i.16 | THE PROPOSITION | kl. 8 | B.i. 16 |
| | | | PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 Tilboð 4oo.kr | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:15 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 3:40 | B.i. 7 |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 5:50 | B.i.14 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl.5:50-8 -10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST Íslandsforsýnd | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |

www.sambioin.is 575 8900


# Listamenn ánægðir með útvarpsstjóra

Svo virðist sem langþráður draumur íslenskra listamanna sé að rætast. Í gær var það tilkynnt á blaðamannafundi menntamálaráðherra og útvarpsstjóra að aukin áhersla yrði lögð á íslenskt efni hjá Ríkisútvarpinu og auknu fjármagni varið í að kaupa eða framleiða leikið sjónvarpsefni, kvikmyndir, heimildarmyndir eða annað sjónvarpsefni.

Mikil ánægja ríkir með þennan samning meðal þeirra íslensku listamanna sem Fréttablaðið ræddi við, enda hefur Ríkissjónvarpið verið töluvert gagnrýnt fyrir að sinna innlendri dagskrárgerð ekki nógu mikið. „Eina réttlætingin fyrir Ríkissjónvarpið er að það sýni íslenskt efni,“ sagði Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður, sem hefur skrifað töluvert um málefni RÚV á heimasíðunni logs.is en Ásgrímur sat fundinn og tók í höndina á ráðherranum að fundinum loknum. „Þetta er mörg skref í rétta átt en ætli maður geymi ekki að opna kampavínið þar til þingið hefur samþykkt þetta,“ bætti hann við.

Á laugardaginn ætlar Bandalag íslenskra listamanna að efna til almenns fundar í Norræna húsinu þar sem markmiðið verður að vekja fólk til vitundar um innlenda dagskrárstefnu í sjónvarpi. Meðal þeirra sem þar taka til máls er Sigurjón Kjartansson, en hann sótti um stöðu útvarpsstjóra á sínum tíma. „Ég hef ekki kynnt mér þennan samning til hlítar en ég er mjög sáttur við Pál og það sem hann hefur verið að gera enda ekki haft mikið svigrúm,“ segir Sigurjón en hann ætlar að fjalla um það sem farið hefur úrskeiðis í framleiðslu innlends efnis. „Ég held að við séum of snobbuð til að búa til gott sjónvarpsefni,“ segir Sigurjón en vonast jafnframt til að með þessum samningi sé verið að færa framleiðslu innlenndrar dagskrárgerðar upp á næsta stig. „Kannski rís loksins upp þessi nýja kynslóð sem hefur alist upp við sjónvarp enda hef ég alltaf sagt að sjónvarpið er framtíðin,“ segir Sigurjón.

- fgg



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Les kafla upp úr Roklandi sem ber hið skemmtilega heiti „Kona deyr við skjáinn“ á laugardaginn þegar Bandalag íslenskra listamanna efnir til almenns fundar um innlenda dagskrárstefnu í sjónvarpi.



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Ætlar að flytja ræðu um hvað hafi farið úrskeiðis í framleiðslu leikins efnis á Íslandi.



**ÁSGRÍMUR SVERRISSON** Geymir að opna kampavínið þar til þingið hefur samþykkt samning menntamálaráðuneytisins og RÚV.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nicole Richie kom fram í spjallþætti ofurfyrirsætunnar Tyru Banks á dögunum og sagði að hún og Paris Hilton væru ekki búnar að ná sáttum og efaðist hún um að af því mundi verða. Richie og Hilton eru æskuvinkonur og gerðu meðal annars saman þáttin „Simple Life“ en eitthvað slettist upp á vinskapinn árið 2004. Orsökin á vinaslitunum er ekki enn kunn en Richie sagði í þættinum að þær stöllurnar hefðu vaxið í sundur og væru ekki á sama stað í lífinu um þessar mundir.



Stjarna sjónvarpsþáttanna Jackass, Steve O, er greinilega mikið fyrir það að lifa hættulegu lífi. Hann viðurkenndi á dögunum að hafa smyglað kókaíni í gegnum Singapore en ef Steve hefði verið tekinn með góssið hefði hann verið dæmdur til dauða. Steve gerði grín að þessu athæfi sínu í viðtali við bandarískt tímarit og var greinilega stoltur af gjörðum sínum.




## > Félagaskiptin ekki staðfest

Það bendir margt til þess að markvörðurinn Egidijus Petkevicius verði áfram í herbúðum Fram en dómstóll HSÍ neitaði í gær að staðfesta félagaskipti markvarðarins úr Fram í HK. Petkevicius á ár eftir af leikmannasamningi sínum við Fram en launasamningur hans er útrunninn og því taldi hann sig lausan allra mála. Dómstóll HSÍ var því ekki samþykkur og neitaði að staðfesta félagaskiptin. Petkevicius hefur áður sagt að um mannréttindamál sé að ræða og hann er tilbúinn að fara með málið fyrir mannréttindadómstól fái hann félagaskiptin ekki staðfest. Forráðamenn HK sögðust í gær fastlega búast við því að áfrýja dómnum.



**sport**

sport@frettabladid.is

FH SPILAR VIÐ KF NÖRD: ÞJÁLFARARNIR SENNILEGA MEÐ ÍSLANDSMEISTURUNUM

# *FH æfir stíft fyrir leikinn gegn KF Nörd*

Á miðvikudaginn kemur kl. 19.30 munu Íslandsmeistarar FH mæta KF Nörd, sem hefur gert garðinn frægan á Sýn. Liðinu er stjórnað af Loga Ólafssyni sem eitt sinn þjálfaði FH og mun kollegi hans, Ólafur Jóhannesson, ekki falla í þá gryfju að vanmeta andstæðinginn.

„Við munum mæta vel undirbúnir til leiks og æfa að minnsta kosti þrisvar fyrir leikinn, ef ekki oftar," sagði Ólafur við Fréttablaðið. „Við lítum þannig á málið að það sé einn leikur eftir af tímabilinu og hann verðum við að klára. Það kemur ekkert annað en sigur til greina og er ég með innanbúðarmann sem fylgist vel með öllu sem þeir gera. Það mun ekkert í þeirra leikstíl koma okkur á óvart."

Ólafur segir að undirbúningur liðsins verði eins og fyrir alla aðra leiki liðsins en hann verði þó frábrugðinn að því leyti að liðinu verði ekki stillt upp á hefðbundinn máta. „Það bendir allt til þess að þjálfararnir spili einhvern hluta af þessum leik," sagði Ólafur en aðstoðarmaður hans er Heimir Guðjónsson, fyrrum fyrirliði FH.

Logi Ólafsson fagnaði þessum tíðindum enda væru þau af hinu góða fyrir sitt lið. „Ef eitthvað er hafa lappirnar bognað enn meira en áður var á Ólafi og Heimir hefur þyngst til mikilla muna. Að þeir skulu spila eru því ágætis fréttir fyrir okkur."

Það kom honum þó ekki á óvart að Ólafur ætlaði að undirbúa sína menn eins og best-ur kostur væri. „Hann rennir ekki blint í sjóinn enda hefur hann náð góðum árangri undanfarin ár og ætlar ekki að klúðra honum í þessum leik."

Hann setur þó spurningamerki við téðan „innanbúðarmann". „Þetta eru vinsælir þættir og við höfum þar að auki verið að æfa í Kaplakrika. Hann hefur greinilegt sent njósnara til að fylgjast með okkur þar."

Logi segir þó mikla tilhlökkun ríkja í herbúðum KF Nörd. „Menn eru tilbúnir að gefa allt í þetta verkefni. Yfirlýst markmið er að skora mark í leiknum og allt annað er bónus."





**ÁSGEIR ELÍASSON** Hans næsta starf verður líklega að þjálfa meistaraflokk karla hjá ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þjálfaramál í 1. deild:

## Ásgeir tekur líklega við ÍR

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður líklega gengið frá ráðningu Ásgeirs Elíassonar í starf þjálfara meistaraflokks karla hjá ÍR í dag. Ásgeir þjálfaði Fram í sumar og kom liðinu upp í úrvalsdeildina en þrátt fyrir það ákváðu Framarar að segja upp samningi Ásgeirs að tímabilinu loknu.

Viðræður hafa verið í gangi milli Ásgeirs og stjórnar knattspyrnudeildar ÍR undanfarna daga og mikill áhugi er hjá báðum aðilum að ganga frá ráðningunni.

Ásgeir lék handbolta með ÍR á árum áður og er því vel kunnugur félaginu. - dsd

Leikmaður Silkeborgar:

## Rekinn fyrir að skalla Hörð

**FÓTBOLTI Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkrum dögum að Hörður Sveinsson, leikmaður Silkeborgar í Danmörku, hefði verið skallaður í andlitið á æfingu af samherja. Maðurinn sem þar var að verki heitir Bajram Fetai og hann var á mánudaginn rekinn frá félaginu út af því atviki.**

**„Það tók stjórnina bara svona langan tíma að ákveða hvað gera ætti í málinu. Mér finnst leiðinlegt að missa hann og ég held að flestir leikmennirnir séu á sama máli en ég held að styrktaraðilarnir hafi haft sitt að segja í þessu máli, ásamt stjórninni," sagði Bjarni Ólafur Eiríksson, samherji Harðar.** - dsd

Eto'o frá í fimm mánuði:

## Fær Eiður fleiri tækifæri?

**FÓTBOLTI** Samuel Eto'o, framherji Barcelona og samherji Eiðs Smára, var borinn af leikvelli í leik Werder Bremen og Barcelona í fyrradag með hnémeiðsli. Í gær gekkst hann undir aðgerð þar sem liðmáni var lagfærður og verður hann frá í fimm mánuði. Í næsta mánuði mætir Barcelona Chelsea í meistaradeildinni og Real Madrid í spænsku deildinni.

Eto'o virðist vera framherji númer eitt hjá Frank Rijkaard, þjálfara Barcelona, og fyrir vikið hefur Eiður Smári þurft að verma varamannabekkinn oft frá því að hann gekk til liðsins frá Chelsea. - dsd

# Verkefnið að koma ÍA aftur í fremstu röð á Íslandi

**Guðjón Þórðarson var í gær formlega ráðinn sem þjálfari ÍA en síðast gerði hann liðið að Íslandsmeisturum fyrir réttum tíu árum. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og stefnir Guðjón nú á að frægðarsól Skagamanna rísi á ný.**

**FÓTBOLTI** Ný rekstrarstjórn meistaraflokks og 2. flokks ÍA í knattspyrnu var ekki lengi að ráða sér þjálfara og var tilkynnt um ráðningu Guðjóns Þórðarsonar í gær. Fréttablaðið greindi frá því fyrr í mánuðinum að Gísli Gíslason myndi taka við formennsku í rekstrarstjórninni og að hann og Guðjón hefðu rætt saman um að sá síðarnefndi myndi taka að sér starf þjálfara.

Gísli sagði í gær að aðeins Guðjón og tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hefðu komið til greina í starf þjálfara en þeir tveir síðastnefndu tóku við af Ólafi Þórðarsyni um mitt sumar þegar staðan var slæm og björguðu liðinu frá falli.

„Allir í stjórninni eru sammála um að fá til starfa reyndan og farsælan þjálfara og byggja upp félagið til lengri tíma litið," sagði Gísli á blaðamannafundinum í gær aðspurður um málið. Hann vildi þó ekki viðurkenna að ráðning Guðjóns hefði verið svo gott sem frágengin áður en hann tók við formennskunni. „Við höfum rætt þetta enda þekkjumst við vel og höfum spjallað um margt og mikið. Til að mynda hvað væri hægt og hvað ekki fyrir félagið. En það var ekki gengið frá neinu formlegu þar til í gærkvöldi."

Guðjón sagði að viðræðurnar hefðu tekið skamman tíma. „Þetta var ekki erfið fæðing. Skaginn er í þeirri stöðu að öll aðstaða til æfinga og iðkunar er mjög góð allt árið um kring og þar er líka hópur góðra og ungra leikmanna sem ég tel að hægt sé að styrkja og bæta. Þetta félag er á þeim stað nú sem er ekki ásættanlegur fyrir ÍA og stuðningsmenn liðsins."

Hann sagði að öll leikmannamál ætti eftir að skoða betur en að ÍA ætlaði sér ekki að keppa við stærstu félögin á landinu, svo sem FH, Val og KR, um stærstu bitana á markaðnum. Gísli bætti því við að meginhluti leikmanna væri enn með gildandi samning en að Igor Pesic væri farinn af landi brott með lausan samning og eftir ætti að ræða frekar við þá Arnar og Bjarka. Arnar staðfesti þó í samtali við Fréttablaðið í dag að þeir ætluðu sér ekki að spila fyrir ÍA aftur.

Þá á eftir að ganga frá ráðningu aðstoðarmanns Guðjóns en þar er talinn helst koma til greina Sigurður Jónsson sem og Pétur Pétursson, báðir gamlir Skagamenn.

Guðjón sagði að hans verkefni lægi ljóst fyrir. „Það er að setja knattspyrnufélag ÍA aftur í fremstu röð á Íslandi. Það verður erfitt og mun kosta mikla vinnu. En við erum vanir því og höfum þurft að hífa félagið nánast úr kjallaranum og setja það aftur á toppinn."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**GÍSLI OG GUÐJÓN** Nýr formaður rekstrarstjórnar meistaraflokks og 2. flokks ÍA, Gísli Gíslason, fyrrum bæjarstjóri Akraness, og Guðjón Þórðarson, nýráðinn þjálfari ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framhaldið er óákveðið hjá Arnari og Bjarka en félög hafa haft samband:

# Enginn áhugi að spila fyrir ÍA

**FÓTBOLTI** Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir tóku við þjálfun ÍA í sumar og gengi Skagaliðsins eftir að þeir tóku við sem þjálfarar vakti verðskuldaða athygli; liðið náði að bjarga sér frá falli og þótti spila mjög skemmtilegan sóknarfótbolta sem gaman var að horfa á. Fréttablaðið náði tali af Arnari í gær og spurði hann hvort þeir bræður væru hættir í fótbolta?

„Ég er bara ekki klár á því. Tímabilið var bara rétt að klárast og nú er maður bara að slaka aðeins á. Við erum ekkert búnir að ákveða neitt," sagði Arnar en þeir bræður verða 34 ára á næsta ári. „Skrokkurinn var alveg í þokkalegu standi í sumar og við treystum okkur alveg til að spila fótbolta áfram," bætti Arnar við en hann útilokaði að þeir bræður myndu spila með Skagamönnum næsta sumar.

Arnar sagði að þeim hefði fundist leiðinlegt að fá ekki að halda áfram með liðið en sagðist jafnfram skilja vel afstöðu nýju stjórnarinnar hjá ÍA. „Við erum auðvitað svekktir en samt skiljum við það vel að það er að koma ný stjórn og hún vill að sjálfsögðu ráða sinn mann. Ég myndi vilja það sjálfur ef ég væri að koma í stjórn einhvers félags, þá myndi ég vilja ráða minn mann. Það er mjög skiljanlegt," sagði Arnar og hann staðfesti það að nokkur félög hefðu haft samband við þá bræður.

„Það hafa nokkur félög haft samband, bæði varðandi þjálfarastöðu og að spila," sagði Arnar. Hann fullyrti jafnframt að Þróttur væri ekki eitt þeirra en félagið er enn þjálfaralaust. - dsd



**ARNAR OG BJARKI** Skagaliðið vakti mikla athygli fyrir sóknarbolta eftir að þeir bræður tóku við þjálfun liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ



**ÞRÖSTUR EMILSSON OG BOGI ÁGÚSTSSON** Verða á vaktinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGGI JÓNS

Útvarp KR 98,3:

## Tveggja daga útsending

**FÓTBOLTI Útvarp KR 98,3 hefur blásið í herlúðra fyrir bikarúrslitaleikinn á laugardag og hefur upphitun í dag klukkan 18. Þá verður tveggja tíma þáttur með viðtölum en í kjölfarið verður hinn eini sanni Sigurður Pétur Harðarson með þátt sinn „Landið og miðin" til klukkan 23.**

**Á laugardaginn hefst útsending klukkan 9 og verður hitað upp alveg til 14 þegar leikurinn hefst en vonir standa til að Bjarni Felixson lýsi leiknum. Útsendingin á morgun verður sú 196. í röðinni.** - hbg

Stórsigur Íslands á Portúgal:

## Sex marka sigur

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann í gær glæsilegan 6-0 sigur á Portúgal á útivelli en leikurinn var sá síðasti í riðli Íslands í undankeppni HM 2007. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk í leiknum og Katrín Jónsdóttir tvö. Ísland varð í þriðja sæti í riðlinum en Svíþjóð í því efsta og fer því á HM í Kína. Eini leikurinn sem Svíþjóð vann ekki í riðlinum var jafnteflisleikurinn gegn Íslandi ytra. - esá

UEFA-bikarinn:

## Kristinn stóð sig með sóma

**FÓTBOLTI Newcastle vann í gær 2-1 sigur á Levadia Tallinn frá Eistlandi með tveimur mörkum frá Obafemi Martins. Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn og stóð sig með miklum sóma. Hann átti fremur rólegan dag og lyfti gula spjaldinu aldrei á loft.**

**Odense vann 1-0 sigur á Herthu Berlín og vann samanlagt, 3-2 og þá var Hannes Þ. Sigurðsson í liði Bröndby sem gerði 2-2 jafntefli við Eintracht Frankfurt. Síðarnefnda liðið vann samanlagt, 6-2. Grétar Rafn Steinsson kom inn á sem varamaður í 1-1 jafntefli AZ Alkmaar við Kayserispor. AZ vann samanlagt, 4-3. Marel Baldvinsson spilaði allan leikinn er Molde tapaði 2-0 fyrir Rangers á útivelli. Jóhannes Harðarson var ekki í leikmannahópi Start sem tapaði 4-0 fyrir Ajax á útivelli og samanlagt 9-2.**

**Tottenham vann 1-0 sigur á Slavia Prag og 2-0 samanlagt og þá vann Palermo 3-0 sigur á West Ham, samanlagt 3-1. Að síðustu vann Blackburn lið Salzburg, 2-0, og 4-2 samanlagt.** - esá


5.090 kr. á mánuði til 5. desember
AFMÆLISTILBOÐ!
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
20
1986-2006
515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„There's an old American saying: When there's blood on the streets, somebody's gotta go to jail.“**

Svar: Keith Frazier (Denzel Washington) úr Inside Man frá 2006

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON TEKUR GLÆPAMANNI FAGNANDI

# *Óþolandi bið á enda*

Það kom loksins að því í gærkvöld að Ríkissjónvarpi byrjaði að sýna sjöttu Sopranos-þáttaröðina, löngu eftir að hún rann sitt skeið í Bandaríkjunum og væntanlega víðast hvar í hinum siðmenntaða heimi.

Þessir þættir um andlegar hremmingar mafíuforingjans Tónýs eru með því allra besta sem komið hefur frá framleiðendum amerísks sjónvarpsefnis undanfarin ár og hafa borið af eins og gull af eir í þeirri erlendu dagskrá sem ríkiskassinn dælir ofan í nauðungaráskrifendur.

Hver þáttur jafnast á við eðalkvikmynd að gæðum og breytir þá engu hvort horft er til handrits, kvikmyndatöku, tónlistar eða leiks. Fagmennskan drýpur af hverjum ramma og þessi herlegheit verða til þess að maður borgar afnotagjaldið með bros á vör á meðan þau eru á dagskrá.

Það er hins vegar illt að þurfa að sætta sig við slíka bið og ég hef lengi rambað á barmi þess að gerast lögbrjótur og sækja þættina á netið þar sem óþolinmæðin hefur verið að bera mig ofurliði.

Stöð 2 bauð til dæmis áhangendum Jacks Bauer í 24 ekki upp á þessi mafíuvinnubrögð og var ekki nema fimm þáttum á eftir Kananum þetta árið á meðan Sjónvarpið annaðhvort hundskaðist ekki til þess að kaupa Sopranos strax eða sá ástæðu til að liggja á þessu efni eins og ormur þar til hægt væri að tefla gullmolunum fram í vetrardagskránni.



**TONY SOPRANO** Er loksins kominn aftur á skjáinn eftir langa og óþolandi bið.

Það er auðvitað ekkert mál að stunda svona bellibrögð í skjóli skakkrar samkeppnisstöðu en þetta er vitaskuld ofbeldi í ákveðinni mynd. Ég tek Tóný og félögum fagnandi en kann RÚV ákaflega litlar þakkir. Get eiginlega ekki annað en kvittað fyrir móttöku þessa síðbúna pakka að hætti Tónýs með öðrum orðum en „thanks for nothing“.



23.20 *Spenna*

GLADIATOR



21.30 *Drama*

ENTOURAGE



21.00 *Drama*

WILDFIRE



19.45 *Fegurð*

UNGFRÚ HEIMUR 2006



22.00 *Póker*

HEIMSMÓTARÖÐIN Í PÓKER

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Snillingarnir (3:18)

**18.30 Ungar ofurhetjur (23:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Sjónvarpið 40 ára (21:21)**
**20.20 Loppur** (Paws) Áströlsk ævintýramynd frá 1997. Alex veit hvar mikill fjársjóður er falinn. Eftir að hin dularfulla Anja rænir honum lætur hann hundinn sinn smygla út vísbendingum um felustaðinn.
**21.45 Dauðsfall á heimavist** (Dead Man on Campus) Bandarísk gamanmynd frá 1998. Tveir háskólanemar sem sinna náminu lítið komast að því að samkvæmt reglum skólans fá nemendur A í einkunn ef herbergisfélagar þeirra deyja.

▶ **23.20** Skylmingaþrællinn **1.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok **5.50** Formúla 1

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (102:145) **10.20** Alf **10.45** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (16:28) **13.30** My Sweet Fat Valentina **14.15** My Sweet Fat Valentina **15.00** Extreme Makeover: Home Edition (10:25) **16.00** Hestaklúbburinn **16.20** Skrímslaspilið **16.40** Scooby Doo **17.05** Bold and the Beautiful **17.30** Neighbours **17.55** Hér og nú

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons (15:22)** (Simpsons-fjölskyldan) Hér er á ferð ansi merkilegur Simpsons-þáttur sem komist hefur í heimspressuna. Ástæðan er sú að þátturinn var skrifaður af Ricky Gervais, höfundi og aðalleikaranum í bresku gamanþáttunum The Office.
**20.30 Freddie (2:22)** (Food Critic)
**20.55 Balls of Steel (2:7)** (Fífldirfska)
▶ **21.30 Entourage (5:14)**
**21.55 Broadcast News** (Sjónvarpsfréttir) Fylgst er með nokkrum manneskjum í darraðadansi fréttaheimsins. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.00** Starsky & Hutch (B.börnum) **1.40** Romeo is Bleeding (Str. b. börnum) **3.25** The Simpsons **3.50** Freddie **4.15** Balls of Steel (2:7) (Bönnuð börnum) **4.50** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Entertainment Tonight (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Rock School 1 (e)**
▶ **20.00 Wildfire**
**21.00 8th and Ocean (e)**
**21.30 The Newlyweds (e)** Þriðja serían af hjónakornunum fyrrverandi og sambandi þeirra.
**22.00 Blowin/ Up (e)** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
**22.30 South Park (e)** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.

**23.00** Chappelle/s Show (e) **23.30** Smallville (e) **0.15** X-Files (e) **1.00** Hell's Kitchen (e) **1.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**15.00** The King of Queens (e) **15.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
▶ **19.45 Ungfrú heimur 2006: Kyrrahafið** Í sjötta þættinum kynnumst við stúlkunum sem berjast um titilinn Ungfrú Kyrrahafið.
**20.10 Sterkasti maður allra tíma** Frægasta kraftakeppni allra tíma þar sem þrír sterkustu menn heims, Jón Páll Sigmarsson, Bill Kazmaier og Geoff Capes, áttust við í einstakri keppni.
**21.00 The Biggest Loser – Ný þáttaröð**
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** Símaskrá alræmds kvennabósa er seld á uppboði en kaupandinn er myrtur og „litlu svörtu bókinni“ stolið.
**22.40 C.S.I: Miami (e)**

**23.35** Conviction (e) **0.25** C.S.I: New York (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**16.50** Evrópukeppni félagsliða (Tottenham – Slavía Prag)

**18.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA tour)
**18.55 Gillette Sportpakkinn**
**19.20 Spænski boltinn – upphitun** (La Liga Report)
**19.50 HM í Súpercross GP** (Citrus Bowl)
**20.45 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**21.15 KF Nörd (5:16)** (Alvöru undirbúningur á Hrauninu) Logi leggur sig allan fram til að fá blóðið á hreyfingu hjá strákunum og notar ýmsar aðferðir sér til hjálpar. Svo er komið að þeirra erfiðasta leik til þessa en þeir mæta skuggalegasta knattspyrnuliði landsins, föngum á Litla-Hrauni.
▶ **22.00 Heimsmótaröðin í Póker**

**23.40** NBA – Bestu leikirnir

### SKJÁR SPORT

**7.00 Stuðningsmannaþátturinn** „Liðið mitt“ (e)
**14.00** Tottenham – Fulham (e) Frá 17.09
**16.00** Liverpool – Newcastle (e) frá 20.09
**18.00** Upphitun
**18.30 Stuðningsmannaþátturinn** „Liðið mitt“ (e)
**19.30 Man. Utd. – Arsenal (e) Frá 17.09**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Ítölsku mörkin**
**23.00** Chelsea – Liverpool (e) frá 17.09 **1.00** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir
**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**
**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 25 Notorious Fashion Week Moments **14.00** New York Fashion Week Special **15.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **17.00** Sexiest Bad Boys **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Special Reese Witherspoon: Hollywood's Golden Girl **20.00** New York Fashion Week Special **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **0.00** Special Reese Witherspoon: Hollywood's Golden Girl **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.




## VIÐ MÆLUM MEÐ

**SKJÁR EINN KL. 20.10**

### Sterkasti maður allra tíma



Frægasta kraftakeppni allra tíma þar sem þrír sterkustu menn heims, Jón Páll Sigmarsson, Bill Kazmaier og Geoff Capes, áttust við í einstakri keppni. Þessi keppni fór fram við Huntley-kastala í Skotlandi árið 1987 þegar Jón Páll var á hátindi ferils síns. Kazmaier hafði þrisvar hlotið nafnbótina Sterkasti maður heims en fékk enga keppni og sneri sér að öðrum íþróttum. Hann vann þann titil síðast árið 1982 en Capes og Jón Páll skiptust á að vinna þann titil næstu árin á eftir. Það var því sannkallað neistaflug þegar Kazmaier og Jón Páll mættust í fyrsta skipti og einvígi þeirra verður lengi í minnum haft. Óhætt er að segja að Jón Páll sé einn allra dáðasti Íslendingur síðari tíma. Það er sjaldan sem við Íslendingar vinnum eitthvað á alþjóðavettvangi en Jón Páll sá, ásamt fegurðardísunum okkar, um að viðhalda þjóðarstoltinu og slá á minnimáttarkenndina.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 7 | | | 9 | 5 | | |
| | 5 | 9 | | 3 | 4 | | | |
| | | | | | | 9 | | |
| | | | | | 8 | 4 | | |
| | 8 | | 6 | | 7 | | 3 | |
| | | 6 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | 2 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 5 | 4 | | | 7 | | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 9 | 6 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 2 | 7 | 8 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 3 | 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 5 |
| 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 | 9 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 1 | 3 |
| 3 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 | 2 | 6 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 7 |



**00.00**

*Spenna*

MAN ON FIRE

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Carried Away (Bönnuð börnum) **8.00** Wind in the Willows **10.00** Hair

**12.05** The Stepford Wives (Bönnuð börnum) **14.00** Wind in the Willows **16.00** Hair

**18.05** The Stepford Wives (Bönnuð börnum)

**20.00** **Carried Away** (Óðagot) Miðaldra menntaskólakennari býr á býli ásamt dauðvona móður sinni. Hann lifir einföldu lífi og hefur átt í löngu tilfinningabældu sambandi við ekkju. En þegar 17 ára gömul þokkadís kemur í bekkinn hans lifnar yfir honum svo um munar. Hann fellur kylliflatur fyrir henni, og lendir í þeirri togstreitu að þurfa að velja á milli þess að fylgja hjartanu eða gera það sem hann hefur alltaf gert; vera skynsamur.

**22.00** **Spartan** (Spartverjinn)

**0.00** Man on Fire (Stranglega bönnuð börnum) **2.25** Possible Worlds **4.00** Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Fararheill **21.00** Ó, Getta mín, þú gafst mér lífið aftur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan

**23.00** Kvöldgestir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður



HRÓSIÐ ...



*... fær Sunna Dögg Ásgeirsdóttir sem sigraði í fatahönnunarkeppni Hagkaups og selur nú hönnun sína í versluninni.*

# Sigurður G. snýr aftur á Sögu



**INGVI HRAFN JÓNSSON** Ætlar ekki að fylgja í kjölfar Sigurðar G.

Útvarpsmaðurinn góðkunni Sigurður G. Tómasson mun hefja upp raust sína á Útvarpi Sögu á mánudaginn eftir nokkra fjarveru. Endurkoma Sigurðar er ekki síst athygli verð fyrir þær sakir að hann yfirgaf Sögu á sínum tíma í fússi ásamt félögum sínum og meðeigendum Hallgrími Thorsteinssyni og Ingva Hrafni Jónssyni þegar þeim sinnaðist við fjórða eigandann, Arnþrúði Karlsdóttur, sem hefur verið einvaldur á Sögu síðan.

„Það er nú dálítið síðan við náðum sáttum í þessu máli og mér finnst allt í lagi að prófa þetta enda finnst mér gaman í útvarpi“ segir Sigurður sem telur sér óhætt að ráða sig í vinnu hjá Arnþrúði og verður í loftinu alla virka daga á milli klukkan 9 og 11 á morgnana.



**ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR OG SIGURÐUR G. TÓMASSON** Hafa lagt gamlar væringar til hliðar og Sigurður telur sér óhætt að ráða sig í vinnu hjá Arnþrúði.

Litlar líkur eru á því að þeir Hallgrímur og Ingvi Hrafn muni fylgja Sigurði á fornar slóðir enda hvorgur á förum frá 365 miðlum.

„Nei, mér hefur ekki boðist slá faðmur eins og Bubba og ég held ekki að mig myndi langa að hvíla í honum,“ segir Ingvi Hrafn aðspurður um hvort hann sé á leiðinni í faðm Arnþrúðar á Sögu líkt og Sigurður G. Tómasson.

Hann segist hafa vitað til þess að Arnþrúður hafi hringt í Sigurð og boðið honum að koma á nýjan leik. Og fagnar því í sjálfu sér. En sjálfur er hann ekki á leiðinni. „Það er verið að ýta Hrafnaþingi inn í Ísland í dag. Við Sigmundur [Ernir Rúnarsson] erum að brjóta heilann um það, hvor í sínu lagi, nú um helgina hvaða flöt við finnum á því.“ -þþ/jbg



**LÁRÉTT**
**2** réttur **6** ryk **8** rangl **9** loka **11** tveir eins **12** ofreyna **14** yndis **16** skóli **17** fát **18** for **20** slá **21** tryggur.
**LÓÐRÉTT**
**1** kvenflík **3** rykkorn **4** greindur **5** upphrópun **7** málglaður **10** taug **13** útdeildi **15** lítill **16** flík **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ragú, **6** ím, **8** ráf, **9** lás, **11** ff, **12** sliga, **14** unaðs, **16** fg, **17** fum, **18** aur, **20** rá, **21** trúr. **LÓÐRÉTT:** **1** pils, **3** ar, **4** gáfaður, **5** úff, **7** málugur, **10** sin, **13** gaf, **15** smár, **16** fat, **19** rú.





MARKAÐURINN

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**




**HUGLEIKUR DAGSSON** Myndasögubókin Avoid us kemur út í Bretlandi í nóvember. „Ég hef ekki enn séð krónu af þessu en peningarnir eru á leiðinni,“ segir hann og tekur velgengninni með stakri ró.

HUGLEIKUR DAGSSON: FORÐIST OKKUR SÖGÐ MYNDASAGA ÁRSINS

# Verður fastur liður í bresku stórblaði

Breska dagblaðið The Guardian hefur keypt birtingarréttinn á örmyndasögum Hugleiks Dagssonar og meinfyndnar teikningar hans munu byrja að birtast á síðum blaðsins strax í næsta mánuði. Þar fyrir utan hefur bókaútgefandinn HarperCollins keypt útgáfuréttinn á myndasögubókinni Forðist okkur í Bandaríkjunum og sömu sögu er að segja af Gyldendahl í Noregi.

Það er því óhætt að segja að skammt sé stórra högga milli hjá Hugleiki en Penguin útgáfurisinn tryggði sér útgáfurétt bókarinnar í Bretlandi ekki alls fyrir löngu og hún kemur á markað þar í landi í nóvember.

„Þessi nýjustu tíðindi hafa bara verið að gerast á síðustu fjórum eða fimm dögum,“ segir Egill Örn Jóhannsson, útgefandi Hugleiks hjá JPV. „Við þetta allt bætist svo að tímaritið Bookseller, sem er nokkurs konar biblía, fagtímarit bóksala og útgefenda, segir að Forðist okkur sé myndasaga ársins.

Egill segir að sig hafi ekki órað fyrir því að frægðin myndi banka svona hressilega upp á hjá Hugleiki þegar hann tók hann upp á sína arma fyrir nokkrum mánuðum. „Þetta er auðvitað með algerum ólíkindum ef maður hugsar út í þetta. Það er ekki ár síðan hann var sjálfur að hefta saman og líma bækurnar sínar og selja á förnum vegi. Nú er búið að selja hann til Penguin, HarperCollins, Gyldendahl og Guardian. Þá er búið að setja upp leikverk byggt á sögum hans og hann er að semja áramótaskaupið og söngleik fyrir Þjóðleikhúsið. Þetta er eiginlega algerlega út í hött en sýnir bara hvað hann er ofboðslega ferskur.“

Hugleikur sjálfur er alltaf jafn rólegur og kippir sér ekki upp við þessi tíðindi og kann engar skýringar á viðbrögðunum sem verk hans hafa fengið. „Ég veit ekki hvað ég á að segja annað en að það er voðalega gleðilegt að þetta skuli vera að gerast en ég kann enga útskýringu á þessu.“

Hugleikur staðfestir að sögur hans hafi vakið mikla hrifningu hjá The Guardian og segir að á tímabili hafi staðið til að senda blaðamann til Íslands til þess að taka við hann viðtal. „Þeir róuðust svo eitthvað aðeins og þetta verður gert í gegnum síma.“

Hugleikur segist aðspurður ekki telja sig vera að taka niður fyrir sig með því að skrifa efni fyrir áramótaskaup Sjónvarpsins nú þegar heimfrægðin kveður dyra. „Maður getur ekki sagt nei við skaupinu enda er þetta sennilega eitthvað sem gerist bara einu sinni og þetta er nú ekki beint gúrkuárið,“ segir hann og fullyrðir að það sé enginn skortur á uppákomum sem hægt sé að gantast með í lok ársins.

thorarinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá ætlar **Ólafur Jóhannesson** að gera kvikmynd eftir bók Þorvalds Þorsteinssonar, Við fótskör meistarans. Þegar hefur verið staðfest að **Eggert Þorleifsson** muni leika aðalhlutverkið í myndinni og á heimasíðu kvikmyndafyrirtækis Ólafs, Poppoli, má sjá að fleiri hafa bæst í hópinn því **Hjálmar Hjálmarsson** og **Jóhann G. Jóhannsson**, betur þekktur sem Bárður úr Stundinni okkar, eru orðaðir við hlutverk í myndinni auk Péturs Jóhanns Sigfússonar úr Strákunum, en áætlað er að myndin fari í tökur á næsta ári.



Brúðuþátturinn **Búbbarnir** hefur valdið stjórnendum Stöðvar 2 miklum vonbrigðum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Upphaflega var gert ráð fyrir að þeir yrðu aðaltromp stöðvarinnar á laugardögum en það herbragð virðist ekki hafa heppnast. Þættirnir hafa nú verið færðir yfir á fimmtudagskvöld, á undan Hemma Gunn og leika jafnframt stórt hlutverk í morgunsjónvarpi stöðvarinnar en þeir þykja ekki hafa náð að fanga eldri áhorfendahópinn að skjánum. Samkvæmt heimildum blaðsins er ekki líklegt að farið verði í framhald af Búbbunum enda virðist Stöð 2 ætla einbeita sér að framleiðslu leikins efnis í framtíðinni.



Nafnið X-Factor hefur eitthvað farið fyrir brjóstið á fólkið í landinu. Sagan segir að sumir hverjir haldi að þau **Páll Óskar, Ellý** í Q4Y og **Einar Bárðarson** ætli að bjóða upp á köngulóarát og sporðdrekabardaga að hætti annars þáttar að nafni Fear Factor. Þetta er því miður alls kostar ekki rétt þótt óneitanlega hefði verið gaman að sjá þrenninguna hvetja landsmenn til að éta alls kyns viðbjóð ásamt öðrum hættum. -fgg



# Auður flytur til Barcelona

Auður Jónsdóttir rithöfundur stendur í ströngu þessa dagana. Ný skáldsaga lítur brátt dagsins ljós og ber heitið Tryggðapantur. Þetta er fyrsta skáldsaga Auðar síðan Fólkið í kjallaranum kom fyrir tveimur árum en svo vill til að hún kemur einmitt út í danskri þýðingu í dag. Og eins og það sé ekki nóg að bisast í jólabókaflóðinu á Íslandi og fylgja eftir útgáfu í Danmörku, ætlar Auður að flytja til Barcelona í nóvember. „Ég hugsa að ég haldi bara áfram að vinna þar og læri kannski smá spænsku í leiðinni,“ segir Auður, sem hefur búið í Kaupmannahöfn undanfarin ár. „Ég vonast þó til að geta komið heim fyrir jólin, hitta fjölskylduna og fylgja nýju bókinni eitthvað eftir.“

Stutt er síðan Auður rak smiðshöggið á Tryggðapant. Að sögn er hér á ferð áleitin nútímasaga sem tekur á brýnum og umdeildum samfélagsmálum líðandi stundar. Hún fjallar um ríka konu sem uppgötvar að arfurinn er á þrotum og grípur til óvenjulegra ráða til þess að afla fjár. Fólkið í kjallaranum, hlaut mikið lof þegar hún kom út árið 2004 og fékk Auður meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir. Sem fyrr er það Edda sem gefur bækur Auðar út. -bs



**AUÐUR JÓNSDÓTTIR** Rak smiðshöggið á nýja skáldsögu fyrir skömmu og hyggur nú á búferlaflutninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIRHOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**


SIGURJÓNS KJARTANSSONAR


## Fréttir

Á þriðjudaginn var stór forsíðufrétt um að FL group ætlaði að selja Icelandair og koma því á markað. Þetta var ein aðalfréttin í fjölmiðlum þann daginn. Þegar ég las þessa frétt hugsaði ég hvað þetta kæmi mér lítið við. Mun ég einhverntímann hafa áhuga á að kaupa Icelandair? Mun ég einhverntímann hafa efni á því?

**FRÓÐUR** maður sagði mér að ef allir hlutabréfaeigendur landsins væru teknir saman mætti telja þá um tuttugu prósent landsmanna. Þar af eru sennilega ekki nema um fimm prósent sem fylgjast með markaðnum dag frá degi og eru „virkir“ kaupendur.

**ÞETTA** segir mér að þessi tiltekna frétt um FL group hafi vakið áhuga um fimm til tíu prósenta landsmanna. Ekkert athugavert við það svosem, ef um t.d. viðskiptablað væri að ræða, en þegar tekið er tillit til þess að þetta var ein aðalfréttin í öllum stærstu fjölmiðlum landsins þá fer maður að hugsa.

**FRÉTTIR** af hlutabréfakaupum örfárra einstaklinga tröllríða fjölmiðlum landsins. Þetta eru tískufréttir sem segja hinum vinnandi, skuldsetta almenningi í landinu nákvæmlega ekki neitt. Í þroskaðri samfélögum fjalla fjölmiðlar um það sem skiptir almenning máli. Þeir láta ekki stjórnast af fréttatilkynningum frá kaupsýslumönnum, ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu. Í þroskaðri samfélögum er það á endanum almenningur sem ræður hvað fjallað er um í fjölmiðlum.

**HÉR** erum við svo stutt á veg komin að bara fyrir viku síðan höfðu menn loksins vit á því að loka sjónvarpsstöð sem búin var sérstaklega til svo fréttamenn gætu leikið sér í fréttamannaleik allan sólahringinn. Þar voru hundleiðinlegar fréttir sagðar fyrir, að því er virtist, fréttamennina eina því almenningur hafnaði stöðinni með því að horfa ekki á hana.

**EN** stóru fjölmiðlarnir komast ennþá upp með að flytja fréttir sem tala ekki við almenning. Samkvæmt könnunum treysta Íslendingar best fréttaflutningi Moggans og RÚV.

**HVERNIG** ætli standi á því? Er það kannski vegna þess að íslenskur almenningur gagnrýnir ekki þekktar stærðir í samfélaginu? Við viljum ekki rugga bátnum. Þess vegna geta stórir fjölmiðlar boðið okkur allt í krafti stærðar sinnar. Við spörkum bara í þá litlu.


Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


